

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

7

APRÍL 1989



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmslegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kjartan G. Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.

Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.

Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.

Filmugerð: Prentþjónustan hf.

Litgreining: Prentþjónustan hf.

og Valdimar Sverrisson.

Prentun: Guðjón Ó hf.

Bókband: Bókfell hf.

© 1989 BLIKI

ISSN 0256-4181

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Kjartan G. Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Eé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Forsíðumynd:

Súlu- og langvíuvarp

í Stóra-Karli við Langanes,

1. júlí 1986

Ljósm. Arnþór Garðarsson

Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir

Súlan *Sula bassana* er stór og áberandi fugl sem verpur í fáum en fjölsetnum byggðum við Norður-Atlantshaf. Um fjölda súlunnar og fjölgunarsögu hennar á undangengnum áratugum hefur mikið verið ritað (sjá t.d. Gurney 1913, Fisher og Vevers 1943-1944, Nelson 1978) og nýlega hefur birst samantekt um stærð alls varpstofnsins í Atlantshafi á árunum 1983-84 (Wanless 1987). Hérlandis hefur lengi verið fylgst með fjölda súlunnar, og er það ekki síst að þakka Þorsteini Einarssyni (1954, 1988) og óbilandi áhuga hans.

Vegna þess hversu hnappdreifð súlan er í varpi, er tiltölulega auðvelt að áætla stærð varpstofnsins og fylgjust með breytingum á honum. Súlan er því einkar áhugaverð til ýmissa stofnfræðilegra athugana. Til dæmis gæti verið fróðlegt að kanna hvert sambandið er milli fjölda varpfugla í einstökum byggðum og stofnþéttleika á stærri svæðum. Súlan er langlífur fugl, dánartala fullorðinna fugla er sennilega um 5% á ári (Nelson 1978), viðkoman er lítil og því eru breytingar á fjölda hægar. Hugsanlegt er að varpþéttleiki tegunda sem svo háttar um ráðist fremur af jafnvægi milli innflutnings og útflutnings en af dánartölu.

Í þessari grein eru birtar nýlegar upplýsingar um fjölda og varpútbreiddslu súlunnar hér við land. Talningar fóru fram með loftmyndatöku 1977-85, en einnig hefur verið reynt að endurmeta eldri gögn í ljósi nýrra talninga.


Súlubyggðir

Íslenskar súlubyggðir (1. mynd) skiptast í tvo flokka eftir legu, annars vegar byggðirnar sunnan- og suðvestanlands („Suðvestursvæðið“), hins vegar norð-

austan- og austanlands („Austursvæðið“). Við Suðurland eru fjölsetnustu byggðirnar: Eldey, 14 km suðvestur af Reykjanesi, og fjórar úteyjar Vestmannaeyja, um 130 km austur af Eldey. Stutt er milli súlubyggðanna í Vestmannaeyjum. Syðst er mesta varpið, Súlnasker, um 300 m norðar er Geldungur, 3 km þar norður af er Hellisey og enn 3 km norðar er minnsta varpið, í Brandi. Allar eru byggðir þessar gamalgrónar. Við Norðausturland og Austurland eru þrjár litlar og nýlegar byggðir, Rauðinúpur, Skoruvíkurbjarg og Skrudúr. Rauðinúpur er á norðvesturhorni Melrakkaslétts, um 80 km austar er Skoruvíkurbjarg á Langanesi og um 170 km þar fyrir sunnan er eyjan Skrudúr. Um 600 km sjóleið er frá Eldey vestur um land að Rauðanúpi og um 340 km frá Skrudú suður til Vestmannaeyja. Um 400 km eru milli Skrudús og Mykiness í Færeyjum, en þar er næsta súluvarp erlendis.

Súlubyggðirnar sunnan við landið eru í hlýjum sjó. Sjávarhitinn er mjög jafn á veturna, kringum 5-6°C í desember-apríl, en hámarkið er í ágúst, um 10-11°C. Við Austurland er miklu kaldara og verður kaldast í apríl um 2°C en hlýjast í ágúst, um 7-8°C (Unnsteinn Stefánsson 1961).

Af súlubyggðunum hefur Eldey jafnan verið torveldust aðgöngu. Súluungar, 2-4000 á ári, voru slegnir þar flest ár á tímabilinu 1894-1939 (Þorsteinn Einarsson 1988) en eyjan hefur verið friðuð allar götur frá 1940 og er nú, ásamt Surtsey, það friðland íslenskt sem strangastar reglur gilda um. Enn eru slegnir súluungar í Vestmannaeyjum, en það er heimilt samkvæmt 11. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun,



1. mynd. Núverandi útbreiðsla súlu á Íslandi. Svartir deplar tákna súluvörp, og er stærð þeirra gefin til kynna. Stjörnur sýna setstaði sem ekki eru í nágrenni varpstaða, – *Present distribution of the gannet in Iceland. Black dots indicate breeding colonies and their size. Asterisks show resting sites outside vicinity of colonies.* – 1. Vestmannaeyjar, 2. Eldey, 3. Rauðinúpur, 4. Skoruvík, 5. Skerúður; a. Ingólfshöfði, b. Dyrhólaey, c. Kerling við Drangey.

þar sem kveðið er á um hefðbundnar nýttar tiltekinna sjófugla. Veiðar þessar fara fram án eftirlits og án þess að opinberar skýrslur séu haldnar um þær. Á síðari árum hafa súluungar úr Eyjum verið til sölu í matvöruverslunum í Reykjavík og er það varla í anda laganna. Engar hefðbundnar nýttar eru af súlu annars staðar við landið og þar njóta egg hennar og ungar því friðunar lögum samkvæmt.

Fjögurra súlubyggða í Vestmannaeyjum, í Súlnaskeri, Geldungaskeri, Hellisey og Brandi, er fyrst getið kringum 1700 (Gissur Pétursson 1938). Faber (1826) segir að súlur verpi á eftirtöldum eyjum hér við land: Grímsey, báðum Fuglaskerjunum fyrir Suðvesturlandi, nefnilega Eldey („Meelsocken“) og Geirfuglaskeri, og þremur einangruðum

skerjum Vestmannaeyja, nefnilega Brandi, Súlnaskeri og Geirfuglaskeri. Í Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar frá 1843 nefnir séra Jón Austmann (1938) sömu súlubyggðir og Gissur Pétursson og virðist því frásögn Fabers (1826) ónákvæm. Faber nefnir ekki súluvarp í Hellisey og hefur e.t.v. misritað Geirfuglasker fyrir Geldungasker (sem hann nefnir ekki), en aðrar heimildir eru ekki um súluvarp í Geirfuglaskeri í Vestmannaeyjum.

Fyrstum varp súla á Geirfugladrangi, um 18 km suðvestur af Eldey (Faber 1826, 1827). Árið 1821 urpu súlur í Geirfuglaskeri (Faber 1827), um 13 km suðvestur af Eldey, en í lýsingu frá miðri 18. öld er súluvarps ekki getið þar (handrit í Landsbókasafni, Lbs. 44, fol. Guðni Sigurðsson 1961, Arnþór Garð-

arsson 1984). Talið er að Geirfugla-drangur og Geirfuglasker hafi hrunið í jarðhræringum 1830 (sbr. Sigurður Þórarinsson 1965). Frá því snemma á öldum og allt fram til 1946 var súluvarp í Grímsey (Finnur Guðmundsson 1953, Þorsteinn Einarsson 1988), 63 km fyrir vestan Rauðanúp. Á tveimur stöðum hafa súluvörp komið upp á þessari öld en horfið aftur: í Kerlingu við Drangey, en þar voru 1-2 hreiður 1944-49 (Finnur Guðmundsson 1950, 1953); og í Máfadrangi við Dyrhólaey, um 100 hreiður 11. júlí 1962 (Þorsteinn Einarsson 1973). Súluvarpið í Máfadrangi stóð stutt við, ég hef svipast þar um úr lofti á síðustu árum og tel víst að þar varp ekki súla 1974, 1979 og 1983-84.

Olavius (1780: 46) segir að súluungar séu teknir á Súlustapa við Hælavíkurbjarg á vorin. Ég á frekar erfitt með að taka þessa frásögn trúanlega. Að ungarnir séu teknir „á vorin“ bendir fremur til þess að Olavius skrifi hér eftir sögðum og gætu þær hafa verið spunnar til þess að skýra örnefnið. Jón Eyjólfsson (1952:192) segir í sóknarlýsingu 1847 að fjöldi súluunga hafi fengist fyrrum á stapanum en nú fáið enginn. Varla hefur Súlustapi rúmað mörg súluhreiður, a.m.k. miðað við stærð hans nú. Á nokkrum stöðum kemur orðið súla fyrir í örnefnum, en það þarf þó ekki að vera dregið af fuglsheitinu (meir að segja heitið Súlasker er tvírátt, því að skerið hvílir á bergsúlum).

Geldar súlur sitja oft í vörpum, einkum útjöðrum þeirra eða í næsta nágrenni, t.d. á skerjum. Á nokkrum stöðum, þar sem ekki eru súluvörp, sitja súlur að staðaldri á sumrin. Mikið af þessum fuglum er ungfuglar. Má hér sérstaklega nefna Ingólfshöfða (Hálfðan Björnsson 1976, Þorsteinn Einarsson 1988), Máfadrang við Dyrhólaey, sem fyrr getur, og Karlinn við Reykjanes. Sumarið 1987 sáust 1-2 súlur sitja á Kerlingu við Drangey (Magnús Magnússon munnl.). Einnig kemur fyrir að súlur

setjist annars staðar á útskerjum, t.d. á Háadrangi við Dyrhólaey (tvær 14. júní 1986) og í Klofningi við Flatey á Breiðafirði (ein 5. júní 1975 og nokkrum sinnum sama sumar).

Aðferðir við talningar

Af íslenskum sjófuglum er auðveldast að finna og telja súlur á varpstæð. Skrá sú um súluvörp sem hér birtist (Tafla 1) er því tæmandi. Við talningar í súlubyggðum hef ég eingöngu beitt myndatöku úr lofti. Athuganir þessar voru liður í almennri könnun á fjölda og útbreiðslu íslenskra bjargfugla 1983-1986, en þá voru öll fuglabjörg landsins könnuð og mynduð. Myndirnar voru teknar fríhendis út um opinn flugvélarglugga. Flughraði var yfirleitt 130-160 km/klst (80-100 mílur) og flughæð oftast um 200 m y. s. (600 fet) en fór stundum niður í um 60 m (200 fet) og upp í um 1000 m (3000 fet). Mest var flughæðin þegar myndir voru teknar sem næst lóðrétt af stórum súlubyggðum ofan á eyjum (Eldrey, Súlaskeri, Geldungi). Myndir voru teknar með rafknúinni myndavél, venjulega með 250 mm linsu á 70 mm (eða 6x6 cm) filmu. Oftast var notuð pósítíf litskyggnumilma og talið beint af skyggnumum í víðsjá sem búin var gegnlýsingu með breytanlegum styrk. Þessi aðferð gefur allnákvæmar upplýsingar um ástand hreiðurstæða, en þó er fremur erfitt að telja mjög stór og þétt vörp á þennan hátt og þá voru yfirleitt notaðar stækkaðar svarthvítar myndir.

Sú eining sem talin var, og kalla mætti setur, var skilgreind sem staður þar sem stök súla eða súlupar sat. Oft var hægt að greina ástand seturs á myndum, þ.e.a.s. hvort hreiður var á staðnum. Setur merkir nokkurn veginn það sama og varpsetur eða hreiður, en ekki er hægt að útiloka að sum „setur“ séu setstaðir, þ.e. staðir þar sem súlur sitja en engin hreiður eru. Það er augljós kostur við talningar af ljósmyndum að þær veita nákvæmar upplýsingar og

Tafla 1. Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir 1984-85. – *A survey of Icelandic gannet colonies 1984-85.*

Nafn/Name	Mesta hæð/ Max. height (m)	Stærð þaks/ Area top (ha)	Lengd bjargs/ Cliff length (ha)	Stærð bjargs/ Cliff area (ha)	Fjöldi setra/ No.occupied sites ¹⁾
Vestmannaeyjar:					9013
- Brandur	90	5	1,5	4	443
- Hellisey	122	8	1,3	6	2673
- Geldungur	86	3	0,9	6	2249
- Súlasker	80	2	0,7	5	3648
Eldey	77	1	0,5	3	14531
Suðvestursvæðið alls/Total southwest (boreal) group					23544
Rauðinúpur ²⁾	40	0	1,8	8	162
Skoruvík ²⁾	80 ³⁾	0	3,6	15	276
Skrúður	161	8	1,5	10	1112
Austursvæðið alls/Total eastern (low arctic) group					1650

¹⁾ Talningar frá 1985 nema Rauðinúpur, Skoruvík og Skróður sem eru frá 1984. – Counts from 1985 except Rauðinúpur, Skoruvík and Skróður which were counted in 1984.

²⁾ Súlubyggðirnar í Rauðanúpi og Skoruvík eru að mestu á frálásum stöpum við stærri björg. Öll önnur vörp eru á teyjum. – Colonies mainly on stacks at mainland cliffs, all other colonies are on offshore islands.

³⁾ Skoruvíkurbjarg. Stóri-Karl er um 30 m hár. – Height of cliff Skoruvíkurbjarg, but main colony on Stóri-Karl is about 30 m high.


fremur auðvelt er að endurtaka athuganirnar á hlutlægan hátt. Hins vegar veita myndirnar aðeins upplýsingar um ástandið tiltekið augnablik. Vert er að hafa í huga að varptími súlunnar er langur, súlur geta verið að verpa frá því í apríl og fram í júlí. Ástand seturs á mynd, þ.e. hvort þar er hreiður eða setstaður, þarf því ekki að vera varanlegt. Setstaður getur verið staður þar sem varp er ekki hæfið, eða hefur mistekist. Staðir sem voru örugglega setnir geldsúlum voru ekki teknir með, ef hægt var að komast hjá því, en voru þó taldir sérstaklega.

Suðvestursvæðið

Vestmannaeyjar

Súlubyggðirnar í Vestmannaeyjum (2.-6. mynd) voru allar myndaðar úr lofti 7. júlí 1983, en nauðsynlegt reyndist að endurtaka mynd af þaki Súlaskers og var það gert 1. ágúst sama sumrar. Byggðirnar í Brandi og Hellisey voru einnig myndaðar 14. júní 1984. Loks voru allar súlubyggðir í Vestmannaeyjum myndaðar 3. ágúst 1985.

Talningar á árunum 1983-85 (Tafla 2) gefa til kynna að fjöldi súlu í Eyjum hafi aukist nokkuð þessi ár, einkum uppi á




2. mynd. Súlnasker (nær) og Geldungur í Vestmannaeyjum. Séð úr suðri, 1.8.1983. – *South view, Súlnasker and Geldungur in the Vestmannaeyjar, 1 Aug. 1983.*

Geldungi. Mesta súluvarpið var í Súlnaskeri, alls um 3600 setur, flest þeirra uppi á skerinu, eða um 2600-2800. Í Geldungi voru á bilinu 1600 til 2200 setur, þar af 600-1500 á þekjunni. † Hellisey voru setrin um 2400-2700 og í Brandi rétt um 500. † Brandi varð fækkun 1984-85. Samtals voru setrin í Eyjum áætluð líðlega 8000 árið 1983 en um 9000 tveimur árum síðar. Aukningin 1983-85 þarf ekki endilega að stafa af raunverulegri fjölgun varpfugla í Vestmannaeyjum á þessum tíma. Til þess að hægt verði að segja til um það, þyrftu að koma til tíðar, endurteknar talningar. Hins vegar verður að ætla að mismunurinn á þessum talningum og fyrri tölum frá Vestmannaeyjum sem allar eru á bilinu 4000-5500 (Þorsteinn Einarsson 1988) sé raunverulegur.

Hægt er að bera saman fjöldann í Súlnaskeri 1965 og 1983 á sambærilegum myndum. Í ágúst 1965 tók Sturla Friðriksson mynd úr þyrlu af Súlnaskeri sem sýnir mikinn hluta af aðalbyggðinni ofan á skerinu og mikið af bjarginu. Samtals sjást 1876 súlur á myndinni frá 1965. Á sama svæði sjást 2062 einstaklingar í júlí 1983. Séu þessar tölur lagðar til grundvallar hefur fjöldinn í Súlnaskeri 1965 verið um 3200 súlusetur (þ.e. $3564 \times 1876 / 2062 = 3243$) og í Vestmannaeyjum öllum hafa þau e.t.v. verið tæplega 7400 ($8098 \times 1876 / 2062 = 7368$).

Erfiðara er að túlka skámynd sem Sigurður Þórarinnsson tók úr lofti af Geldungi sumarið 1975, en hún gefur til kynna aukningu á árunum 1975-83. Myndin sýnir 162 súlur á 5 bjargssyllum þar sem 169 sjást 1983. Aðalbyggðin of-



3. mynd. Súlasker, aðalsúlubyggðin norðvestan til á eyggi, 3.8.1985. – *Mair Gannet colony, northwestern part of Súlasker, 3 Aug. 1985.*


an á Geldungi var ekki teljanleg 1975, en hún virtist álfka stór um sig og 1983. Tvær þyrpingar, þar sem voru 47 og 69 súlur 1983, vantar 1975.

Talsvert er til af eldri talningum úr Vestmannaeyjum, og frá 1939 er tölun- um skipt á milli bjargs og þaks (Þor- steinn Einarsson 1988). Bjargtölurnar 1939-59 voru fengnar með talningu at- hugenda af sjó, en talningar ofan á Súlaskeri og Geldungi voru gerðar af aðstoðarmönnum þeirra. Erfitt er að meta hversu sambærilegar þessar taln- ingar eru innbyrðis og við nýrri tölur

sem byggðar eru á ljósmyndum. Þær tölur sem fyrir liggja benda til þess að 1939-85 hafi súlum í Vestmannaeyjum fjölgað að meðaltali um 1,5% á ári (7. mynd). Þessi aukning stafar fyrst og fremst af fjölgun uppi á Súlaskeri og Geldungi, árleg fjölgun á þökum eyj- anna er að meðaltali um 3,5%. Hugsan- legt er þó að eldri tölur um fjölda súlu- hreiðra uppi á eyjunum séu ekki mjög nákvæmar og ekki ósennilegt að skekkj- an felist fremur í vanmati. Utan í björg- unum virðist fjölgunin vera miklu minni, aðeins um 0,5% á ári.



4. mynd. Hellisey í Vestmannaeyjum. Séð úr suðvestri, 3.8.1985. Í baksýn Suðurey og Stór-
höfði. – *Hellisey, Vestmannaeyjar, from the SW, 3 Aug. 1985.*



5. mynd. Brandur í Vestmannaeyjum. Séð úr suðvestri, 3.8.1985. Í baksýn Álsey, Smáeyjar,
Dalsfjall. – *Southwest view of Brandur, Vestmannaeyjar, 3 Aug. 1985.*

Eldey

Talningar Þorsteins Einarssonar (1954, 1988, og í Nelson 1978) á Eldey voru gerðar eftir loftmyndum frá 7. júlí 1953 og júlí 1961. Fyrir 1953 eru aðeins til lauslegar áætlanir um fjölda súlu í

eynni, sem útilokað er að endurskoða nú, og ekki er rétt að nota til þess að bera saman við talningar af myndum. Fjöldinn í Eldey hefur alltaf verið verulegur hluti af íslenska súlustofninum, og er áhugavert að bera fyrri myndir sam-



6. mynd. Súlubyggð austan í Brandinum, 14.6.1984. – *Gannet colony, east side of Brandur, Vestmannaeyjar, 14 June 1984.*

Tafla 2. Fjöldi súlusetra í Vestmannaeyjum 1983-85. – *Censuses of gannet sites in the Vestmannaeyjar 1983-85.*

Nafn/Name	Ár og dags./Year & date		
	1983 07.07. ¹⁾	1984 14.06.	1985 03.08.
Súlasker:			
- Þok/Top	2594	-	2818
- Björg/Cliff	970	-	830
- Alls/Total	3564	-	3648
Geldungur:			
- Þok	627	-	1486
- Björg	967	-	763
- Alls	1594	-	2249
Hellisey:			
- Þok	0	0	0
- Björg	2386	2731	2673
- Alls	2386	2731	2673
Brændur:			
- Þok	0	0	0
- Björg	554	554	443
- Alls	554	554	443
Samtals/Total:			
- Þok	3221	-	4304
- Björg	4877	-	4709
- Alls	8098	-	9013

¹⁾ Talið var ofan í Súlaskeri 1. ágúst 1983.
- Census atop Súlasker 1 August 1983.

an við þær sem teknar hafa verið hin síðari ár, þannig að hægt sé að túlka talningarnar á sambærilegan hátt. Hefur Þorsteinn Einarsson gert þetta kleift með því að láta í té myndirnar sem hann taldi á og skráðar athuganir sínar.


Eldey hefur verið ljósmynduð úr lofti oftar en aðrar súlubyggðir hér við land. Nelson (1978: 53) getur þess að loftmynd frá 1942 hafi gefið töluna 8840 „þör“. Í bréfi til mín, dags. 23.12.1987, segir Nelson að hann geti ekki fundið heimild sína fyrir þessari tölu, en þó sé

hann viss um að hér hafi ekki verið um að ræða mynd sem hann hafi sjálfur talið af.

Sem fyrr segir taldi Þorsteinn Einarsson af myndum frá 7. júlí 1953 og júlí 1961. Nú hefur verið talið af myndum teknum 18. júní 1977, 7. júlí 1983 og tvisvar 1985, 22. júní og 3. ágúst. Einnhver kynni að ætla að auðvelt væri að telja af þessum myndum og bera talningarnar saman milli ára. En það er nú öðru nær, því að myndatöku hefur að einhverju leyti verið ábótavant flest árin, og gallarnir komu ekki í ljós fyrr en farið var að vinna með myndir frá mörgum árum samhliða og bera þær saman.

Myndir sem teknar voru 1953, 1977 og 1983 ná ekki nægilega allri þekju eyjarnar, vegna þess að þær eru teknar á ská og flughæð er of lítil, þannig að sumum hlutum þekjunnar hallar í burtu frá myndavélinni og sjást því ekki nægilega vel. Myndir frá 1961 og 1985 eru teknar lóðrétt eða nærri því lóðrétt og á þeim er hægt að vera viss um að allar sitjandi súlur sjást ofan á Eldey. Bjargsyllurnar utan á Eldey sjást allar á myndum frá 1977 og 1985. Árið 1953 sést mestallt bjargið en aðeins hluti þess 1961 og 1983. Vegna þessara galla í myndatöku er ekki hægt að bera saman heildartalningar af myndunum beint. Hins vegar er hægt að afmarka talningarsvæði (8. mynd) milli sprungna ofan á eyinni og í afmörkuðum hlutum bjargsins og bera þessi svæði saman milli ára. Fjöldi setra á þessum talningarsvæðum (Tafla 3) er síðan notaður til þess að reikna út heildartöluna þau ár sem myndir eru ekki til nema af hluta Eldeyjar, með vísan til 1961 og júní 1985 fyrir þekjuna og 1977 og júní 1985 fyrir bjargið.

Þessi aðferð bendir til þess að fjöldinn í Eldey 1953 og 1961 hafi verið um 2000 setrum meiri en Þorsteinn Einarsson áætlaði. Samkvæmt því ætti fjöldinn (Tafla 4) að hafa verið um 17000 setur árið 1953 en farið upp í 18000 árið 1961.



7. mynd. Fjöldi súlusetra á Suðvesturlandi 1939-85. Reiknaða línan fyrir Vestmannaeyjar sýnir 1.50% fjölgun á ári, fyrir Eldey sýnir reiknuð lína 0.58% fækkun á ári, og fyrir heildina 0.03% fjölgun á ári. Fyllt tákn merkja talningar, opin tákn sýna áætlaðar tölur. – Number of gannet sites in Southwest Iceland 1939-85. Trend lines for Vestmannaeyjar show 1.50% increase per annum, for Eldey 0.58% decrease, and for the total in the Southwest 0.03% increase. Filled symbols indicate figures based on censuses, open symbols are estimates.


Fjöldinn 1977 var kominn niður í 15500 og 1983 var hann minni, eða um 14000. Árið 1985 kom svo í ljós að fjöldinn gat verið mjög breytilegur sama sumarið, 22. júní það ár fundust aðeins um 12000 setur, en 3. ágúst voru þau orðin 14500.

Þrátt fyrir þennan fyrirvara um breytileika yfir sumarið, er ljóst að súlu hefur farið fækkandi í Eldey og nemur sú fækkun um 0,6% á ári að meðaltali allt tímabilið 1953-85 (7. mynd), en um 1,0% á ári ef aðeins er miðað við tímabilið frá 1961. Á sama tíma varð tilsvarendi fjölgun í Vestmannaeyjum. Má ætla að fjöldi súluhreiðra á Suðvesturlandi hafi haldist sem næst stöðugur, um 23000, síðastliðna tvo til þrjá áratugi (7. mynd).



Austursvæðið


Vörpin í Rauðanúpi (9. mynd) og Skoruvík (10. mynd) voru mynduð úr lofti 10. september 1977 og 19. júní 1984. Myndir voru auk þess teknar af Rauðanúpi 17. maí 1980 og 2. júlí 1984. Varpið í Skrud (11. og 12. mynd) hefur aðeins einu sinni verið talið af myndum, 7. júní 1984.

Talningar af myndum frá júní-júlí 1984 gefa bestu áætlun um fjölda súlu á austursvæðinu, alls 1550 hreiður (Tafla 5). Í Skrudnum voru 1112 hreiður og skiptust þau nokkurn veginn jafnt á tvö svæði, austurhluta (543) og vesturhluta (569). Hreiðrin í Skrud voru að nokkru á breiðum syllum í bjarginu og að nokkru á mjög bröttum kletta- og jarð-



8. mynd. Eldey frá ýmsum hliðum úr lofti, 22.6.1985, og útlínur talningasvæða: a. að ofan (norður er til hægri í efra horn), b. norðvesturhlið, c. suðausturhlið. – *Aerial views of Eldey on 22 June 1985 showing outlines of census plots.*





Tafla 3. Talningar 1953-85 á athuganasvæðum í Eldey, sbr. 8. mynd. – *Number of sites counted on selected census plots on Eldey, cf. Fig. 8.*

Athuganasvæði/ Census plots	Ár og dags./Year & date					
	1953 07.07.	1961 00.07.	1977 18.06.	1983 07.07.	1985 22.06.	1985 03.08.
Ejarg/Cliff						
A	111	–	105	96	83	99
B	165	–	155	126	82	148
C	159	–	126	121	92	185
D	474	–	411	384	178	410
E	–	73	50	55	44	48
F	43	41	40	34	31	34
G	–	82	59	55	43	41
H	–	122	106	99	59	81
I	–	38	20	32	15	22
J	–	108	87	78	36	60
Þak/Top						
V	318	325	320	–	307	278
X	277	289	248	252	205	289
Y	271	340	291	–	252	263
Z	–	668	604	–	548	586
Þ	371	427	311	–	267	305
Æ	212	282	212	–	189	247
Ö	396	393	393	391	303	366

Tafla 4. Fjöldi súlusetra í Eldey samkvæmt talningum af loftmyndum. – *Gannet sites on Eldey. Estimates based on aerial photographs.*


	Ár og dags./Year & date					
	1953 07.07.	1961 00.07.	1977 18.06.	1983 07.07.	1985 22.06.	1985 03.08.
Átlaður fjöldi/ Estimated totals:¹⁾						
- Þak/Top	12571 ²⁾	13900	11852 ⁴⁾	11415 ⁴⁾	10318	11628 ⁴⁾
- Bjarg/Cliff	4317 ³⁾	4300 ³⁾	3694	2779 ⁴⁾	1706	2903 ⁴⁾
- Alls/Total	16888	18200	15546	14194	12024	14531
Óleiðréttar heildartölur/ Uncorrected total counts:						
- Þak/Top	11634	13900	11213	–	10318	–
- Bjarg/Cliff	3544	–	3694	–	1706	–
- Alls/Total	15178	–	14907	–	12024	–

¹⁾ Heildartölur eða reiknaðar skv. föstum reitum, sbr. Tafla 3. – Total counts or calculated from plots, cf. Table 3.

²⁾ Útreiknað með hliðsjón af júlí 1961. – Calculated on basis of July 1961.

³⁾ Útreiknað með hliðsjón af 18. júní 1977. – Calculated on basis of 18 June 1977.

⁴⁾ Útreiknað með hliðsjón af 22. júní 1985. – Calculated on basis of 22 June 1985.



9. mynd. Rauðinúpur á Melrakkaslétu séður úr norðri, 2.7.1984. Karlinn (Jón Trausti) til vinstri, Sölvanöf til hægri. – *North view of Rauðinúpur, 2 July 1984.*

vegsfláum efst í því. † Skoruvíkurbjargi voru 276 hreiður, langflest eða 259 í Stóra-Karli en 17 á þremur stöðum í miðju bjarginu í námunda við Stóra-Karl. † Rauðanúpi voru alls 162 hreiður, 69 í Karli og 93 í Sölvanöf, öll á bjarg-syllum.


Öll þessi vörp eru tilkomin á fimmta og sjötta áratugnum. Súla byrjaði að verpa í Rauðanúpi 1944 eða 1945, í Skoruvík einhvern tíma fyrir 1960 og í Skróðnum 1943 (Finnur Guðmundsson 1950, Þorsteinn Einarsson 1988). Um svipað leyti lagðist af súluvarp í Grímsey, en þar er síðast vitað um súluvarp 1946 eins og fyrr getur.

Stöðug fjölgun, að meðaltali 6,8% á ári, hefur verið síðastliðin 40 ár í öllum vörpunum á austursvæðinu (13. mynd). Um 1960 voru alls talin 360 súluhreiður í þessum vörpum, þar af um 300 í

Skróðnum, rúmlega 20 á Stóra-Karli við Skoruvíkurbjarg og milli 30 og 40 á Rauðanúpi (Þorsteinn Einarsson 1988). Þessar tölur eru sennilega í lægri kantinum, vegna þess að talið var af landi eða sjó og líklegt að ekki hafi allir varpstaðir sést.

Niðurlag

Algengt er að tala um íslenska stofna af hinum og þessum dýrategundum og er þá gefið í skyn að einhvers konar einangrun sé á milli íslenska stofnsins og annarra stofna sömu tegundar. Talið er að súlur fari allt að 100-150 km frá varpstað í ætisleit (Nelson 1978). Þessi vegalengd er rúmur þriðjungur af vegalengdinni milli Skróðs og Vestmannaeyja og um þriðjungur af fjarlægðinni frá Skróð til Færeyja. Samgangur er því trúlega fremur lítill milli súlubyggðanna




10. mynd. Stóri-Karl undir Skoruvíkurbjargi séður úr lofti, 19.6.1984. – *Aerial view of Stóri-Karl, Skoruvík, 19 June 1984.*

við Suðvesturland annars vegar og byggðanna við austanvert landið hins vegar. Tengsl súlubyggðarinnar í Skrúð við Færeyjar eru þó varla miklu minni en við Suðvesturland. Af þessum sökum tel ég heppilegt að ræða sérstaklega um súlubyggðirnar á hvoru svæðinu fyrir sig, fremur en einn íslenskan súlustofn. Á suðvestursvæðinu hefur fjöldinn líklega haldist stöðugur, um 23000 setur,

allt frá því að fyrstu áreiðanlegu tölurnar fást úr Eldey 1953. Á austursvæðinu voru alls um 1550 setur 1984 og hafði fjölgað úr svo til engu á fjörutíu árum. Þar virðist alls staðar vera samfelld aukning, sambærileg við það sem hefur verið að gerast víða við Vestur-Evrópu (Wanless 1986).

Almennt má gera ráð fyrir að þéttleiki dýra, þ.e.a.s. fjöldi þeirra á flatar-



11. mynd. Skrúður úr suðri 19.6.1984. – *South view of Skrúður, 19 June 1984.*

einingu, ráðist af tiltækum auðlindum, oftast nýtanlegri fæðu. Sjófuglar eru sérhæfðir í því að afla sér fæðu úr sjó en hafa við það fórnað hreyfanleika á landi. Varpstaðir þeirra geta aðeins verið á stöðum þar sem fullorðnir fuglar og afkvæmi þeirra eru örugg fyrir rándýrum. Viðkoma sjófugla er sennilega takmörkuð af fæðuframboði innan vissrar fjarlægðar frá vörpum (sbr. Ashmole 1963). Fróðlegt er að skoða fjölda og útbreiðslu súlunnar hér við land í þessu samhengi.

Súlan verpur aðallega á úteyjum og í björgum og velur sér varpstað á breiðum syllum eða fláum, eða þá uppi á ókleifum klettaeyjum. Varpstaðir sem henta súlu eru fremur misdreifðir hér í kringum landið. Útbreiðslan er einnig háð því að varpstaðir séu óaðgengilegir mönnum. Við landnám Íslands hefur orðið gagnger breyting á útbreiðsluskilyrðum fyrir súluvörp. Sennilegt virðist


Tafla 5. Súlusetir á austursvæðinu. Talningar af loftmyndum. – *Number of gannet sites in East and Northeast Iceland colonies. Counts from aerial photographs.*

	Ár (dags.)/Year (date)		
	1977	1980	1984
Rauðínúpur: (10.09.)	(10.09.)	(17.05.)	(02.07.)
-Karl	50 ¹⁾	38	69
-Sölvanöf	78	66	93
-Alls/Total	128 ¹⁾	104	162
Skoruvík: (10.09.)	(10.09.)		(19.06.)
-Stóri-Karl	142	-	259
-Bjarg/Cliﬀ	0	-	17
-Alls/Total	142	-	276
Skrúður: (07.06.)	(07.06.)		
-V/W	-	-	569
-A/E	-	-	543
-Alls/Total	-	-	1112
Samtals/Total	-	-	1550

1) Óvissar tölur. – *Figures uncertain.*

að búseta og umferð manna hafi í aldanna rás hnikað súluvörpum til eða eytt þeim. Eldey hefur löngum verið langstærsta súluvarpið hér við land, enda sérlega erfið aðsóknar. Dreifing súlu í Vestmannaeyjum bendir til þess að maðurinn hafi mikil áhrif. Í fyrsta lagi verpur súla aðeins í þeim eyjum, sem

einna torsóttastar hafa verið. Súlubyggðir eru í fjórum af sex afskekktustu eyjunum, vantar í Geirfuglasker, sem virðist fremur auðvelt uppgöngu, og Þrídranga þar sem mjög lítið er af bjargfugli (á Einadrangi verpur enginn fugl). Í öðru lagi hefur fjölgunin á síðustu áratugum orðið að mestu uppi á eyjunum,



12. mynd. Hluti súlubyggðar í Skráð, 7.6.1984. — *Part of gannet colony on Skráður, 7 June 1984.*

einmitt þar sem búast mætti við að menn hefðu fyrrum haldið súlu niðri.


Aukning sú sem orðið hefur við austanvert landið síðustu fjörutíu ár gæti stafað af því að stofninn sé að rétta við eftir að hafa verið útrýmt fyrr á öldum þar um slóðir. Mikið rými er fyrir fleiri súlur í Skrudnum, en í Rauðanúpi og Skoruvík fer brátt að þrengjast um. Við norðaustanvert landið er augljóslega völ á nýjum varpstöðvum, t.d. í Mánáreyjum og Langesbjörgum.

Við Vesturland og vestanvert Norðurland er nú hvergi súluvarp, en þó eru þar nokkrir staðir þar sem súlur ættu að geta orpið, svo sem í Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Drangey. Ástæðan fyrir því að súla verpur ekki á þessum slóðum er sennilega skortur á heppilegri

fæðu, svo sem síld *Clupea harengus* eða loðnu *Mallotus villosus* á varptíma.

Hér að framan hafa verið færð rök að því að fjöldi súluhreiðra hafi haldist stöðugur undanfarinn aldarfjórðung við Suðvesturland. Fjölgun í Vestmannaeyjum og fækkun í Eldey á þessu tímabili gæti stafað af tilflutningi fullorðinna fugla á milli varpa. Einnig er hugsanlegt að nýliðun varpfugla (sem eru að verpa í fyrsta sinn) hafi verið meiri í Eyjum en Eldey á síðustu árum. Tilflutningur varpfugla milli þessara staða virðist sennilegri tilgáta, ef litið er til þess hve hratt breytingar á fjölda verða í þessum byggðum.

Fjölgun verður í Vestmannaeyjum þrátt fyrir að allmikið af ungum sé drep- ið þar á hverju ári. Nelson (1978) hugs-



13. mynd. Fjöldi súlusetra á Austurlandi 1949-84. Reiknaða línan sýnir 6,8% aukningu á ári. Fyllt tákn merkja talningar, opin tákn sýna áætlaðar tölur. – Number of gannet sites in East Iceland 1949-84. The trend line shows 6.8% increase per annum. Filled symbols indicate figures based on censuses, open symbols are estimates.

aði sér að þessi aukning í Eyjum fram að 1960 stafaði af umframframleiðslu í hinni friðuðu Eldey þar sem ekki væri lengur rúm fyrir fleiri hreiður, en þessi hugmynd stenst þó varla.

Ljóst er að varpstaðir takmarka ekki fjölda súluhreiðra við Suðvesturland. Þótt Eldey virðist þéttsetin með um 14000 hreiður 1983-85, sýnir tala hreiðra 1961 að eyjan rúmar a.m.k. 4000 hreiður til viðbótar. Súlnasker og Geldungur rúma augljóslega margfaldan þann fjölda hreiðra sem þar er nú.

Aðalfæða súlu er uppsjávarfiskur, einkum síld og loðna, en einnig ufsi *Gadus virens*, sandsíli *Ammodytes* spp. og fleiri tegundir (eigin athuganir, sbr. Nelson 1978). Alkunna er að síldarstofnar við Suðurland hrundu á árunum milli 1960 og 1970 (Jakob Jakobsson 1985 a,b) og eftir það hefur Suðurlandsíld aðallega veiðst við suðaustanvert landið. Sennilegasta skýringin á fjölgun súlu í Vestmannaeyjum samhliða svipaðri fækkun í Eldey er að fæðuskilyrði hafi breyst þannig að hagstæðara sé fyrir súlur að fiska út frá Vestmannaeyjum en Eldey.

Ef samkeppni um fæðu takmarkar þéttleika súlu, og þar með stærð einstakra byggða (sbr. Furness og Birkhead 1984), mætti búast við því að fæðuskilyrði fyrir súlur séu að öðru jöfnu betri fjarri súlubyggðum en innan þeirrar vegalengdar sem varpsúlur komast í ætisleit. Þannig mætti gera ráð fyrir að aðstæður til fæðuöflunar séu tiltölulega góðar við Suðausturland. Athyglisvert er að Ingólfshöfði er vinsæll setstaður. Höfðinn er mitt á milli Vestmannaeyja og Skróðs, og ætti samkeppni um fæðu því að vera í lágmarki. Truflun, einkum af mannavöldum, hefur trúlega komið í veg fyrir að súlur hafi náð að nema land á Ingólfshöfða.

Niðurstaða þessara hugleiðinga er sú að fæðuskilyrði takmarki útbreiðslu íslenskra súlubyggða við sunnan- og austanvert landið. Varpstaðir takmarka

ekki stofninn. Á þeim langa tíma sem súlunni var að fækka vegna rányrkju hélst hún betur við hér suðvestanlands en víðast annars staðar í heiminum, enda eru vörpin við Suðvesturland mjög óaðgengileg, einkum vegna sjólags. Af sömu ástæðum hélst geirfuglinn *Alca impennis* við fram undir miðja síðustu öld við Suðvesturland.

Menn hafa alls staðar sótt mjög í að nýta súluvörp fyrir á öldum og hefur þetta smám saman leitt til fækkunar og raunar til þess að súlu var útrýmt á stórum svæðum. Útbreiðsla og fjöldi súlunnar í lok þessa fækkunarskeiðs, á níttjándu öld, var bundinn við þá staði sem ágangur manna var minnstur. Fjölgun súlu við austanvert landið nú stafar því af sögulegum ástæðum og fjöldinn er sem stendur ekki háður fæðutakmörkunum. Búast má við að súlu haldi áfram að fjölga í vörpum við austanvert landið þangað til fæðutakmarkanir fara að segja til sín. Við Suðvesturland er varla að vænta aukningar.

ÞAKKIR

Sérstakar þakkir færi ég þeim Úlfari Henningsyni fyrir að fljúga með mig við myndatökur og Guðmundi A. Guðmundssyni fyrir að dyggilega aðstoð við talningar. Ennfremur þakka ég Gylfa Má Guðbergssyni, Sturlu Friðrikssyni og Þorsteini Einarssyni fyrir að láta í té myndir frá fyrri árum. Síðast en ekki síst þakka ég Árna Einarssyni og Ævari Petersen fyrir að lesa yfir handrit og færa margt til betri vegar.

Rannsóknir þessar voru styrktar með framlögum úr Fiskimálasjóði, Vísindasjóði Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1984. Fuglabjörg Suðurkjálk-ans. Árbók Ferðafélags Íslands 1984. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu, bls. 126-160.
- Ashmole, N. P. 1963. The regulation of numbers of tropical seabirds. Ibis 103: 458-473.
- Faber, F. 1826. Beyträge zur arctischen Zoologie. Vierte Lieferung. Isis 2(7): 702-714.
- Faber, F. 1827. Beyträge zur arctischen Zoologie. Achte Lieferung. Isis 20(8): 633-688.
- Finnur Guðmundsson 1950. Nýjar súluvarpstöðvar. Náttúrufr. 20:49-57.

- Finnur Guðmundsson 1953. Íslenzkir fuglar VII. Súla (*Sula bassana* (L.)). Náttúrufr. 23: 170-177.
- Fisher, J. og H. G. Vever 1943-1944. The breeding distribution, history and population of the North Atlantic gannet (*Sula bassana*). J. Anim. Ecol. 12: 173-213; 13: 49-62.
- Furness, R. W. & T. R. Birkhead 1984. Seabird colony distributions suggest competition for food supplies during the breeding season. Nature 311: 655-666.
- Gissur Pétursson 1938. Lítil tilvísun um Vestmannaeyja háttalag og bygging [um 1687-1713]. Bls. 93-108 í Örnefni í Vestmannaeyjum eftir Forkel Jóhannesson. Reykjavík.
- Guðni Sigurðsson 1961. Geirfugle-skær. Bls. 144-147 í Landsnefndin 1770-1771. II. Bréf frá nefndinni og svör sýslumanna. Útg. Bergsteinn Jónsson. Sögurit 29 (II): 144-145.
- Gurney, J. H. 1913. The Gannet. Witherby, London.
- Hálfdan Björnsson 1976. Fuglalíf í Örafum, A.-Skaft. Náttúrufr. 46: 56-104.
- Jakob Jakobsson 1985a. Monitoring and management of the Northeast Atlantic herring stocks. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 42: 207-221.
- Jakob Jakobsson 1985b. Sýldarstofnar og stjórn síldveiða í norðaustanverðu Atlantshafi. Ægir 78: 2-9, 82-86, 130-138.
- Jón Austmann 1938. Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar o.s.frv. [1843]. Bls. 109-162 í Örnefni í Vestmannaeyjum eftir Forkel Jóhannesson. Reykjavík.
- Jón Eyjólfsson 1952. Lýsing á Staðarsókn í Aðalvík árið 1847. Bls. 163-203 í Sóknalýsingar Vestfjarða. II. safjarðar- og Strandasýslur. Útg. Ólafur Lárússon, Reykjavík.
- Nelson, J. B. 1978. The Sulidae. Gannets and boobies. Oxford University Press, Oxford.
- Olaus Olavius 1780. Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige og nordostlige Kanten af Island. Gyldendal, København.
- Sigurður Þórarinnsson 1965. Neðansjávargos við Ísland. Náttúrufr. 35: 49-74.
- Unnsteinn Stefánsson 1961. Hafid. Almenna Bókafélagið, Reykjavík.
- Wanless, S. 1987. A survey of the numbers and breeding distribution of the North Atlantic gannet *Sula bassana* and an assessment of the changes which have occurred since Operation Seafarer 1969/70. Nature Conservancy Council. Research and survey in nature conservation. No. 4.
- Þorsteinn Einarsson 1954. Talning súlunnar í Eldey. Náttúrufr. 24: 158-160.
- Þorsteinn Einarsson 1973. Súlubyggðin í Máva-drang við Dyrhólaey. Týli 3: 71-72.
- Þorsteinn Einarsson 1988. Íslenskar súlubyggðir og saga þeirra. Náttúrufr. 57: 163-184.

SUMMARY

A survey of gannet *Sula bassana* colonies in Iceland

Surveys of all gannet colonies in Iceland were made in 1977-1985, using aerial photography. Older censuses, including photographs, were reexamined. Aerial photographs were made at low levels, mostly about 200 m but varying from 60 to 1000 m, using a handheld 70mm (or 6x6 cm) camera, usually equipped with a 250 mm lens and colour transparency film. Counts were generally made directly from the film under a dissection microscope. Counts of very large colonies were made from black and white enlargements. The counting unit was the site, defined as a place occupied by a single gannet or a pair of gannets. Non-breeders were excluded whenever possible. The status of a site (i.e. whether a nest was present) could often be determined from photos. Since the laying season is an extended one (eggs may be laid from April until July), some sites that were without nests when photography took place may have had nests built on them later in the season.

Icelandic gannet colonies (Table 1, Fig. 1) are divided between two areas. Colonies in the southwestern group are four isles lying close together in the Vestmannaeyjar, and Eldey about 130 km west of Vestmannaeyjar. The eastern colonies, Rauðinúpur, Skoruvík and Skrudur, are widely separated along a stretch of 250 km; they are all recently established (after 1940). Eldey and Rauðinúpur are separated by about 600 km along the west and north coasts of Iceland; Skrudur and Vestmannaeyjar by about 340 km along the south and east coast. Skrudur is some 400 km northwest of the nearest gannet colony abroad, at Mykines in the Faeroe Isles.

The southwestern colonies are surrounded by boreal Atlantic water with mean surface temperatures above 5°C in winter and up to 11°C in summer. The eastern colonies are situated in low arctic waters with mean temperatures varying from 2°C to 8°C.

The history of gannet colonies in Iceland is briefly reviewed. Statements that gannets bred on Súlustapi near Hælavíkurbjarg in northwest Iceland (Olavius 1780, Jón Eyjólfsson 1952) may be attempts at explaining the ambiguous name of this stack (súla in Icelandic means gannet as well as pillar or column). Faber's (1826) record of a gannet colony on Geirfuglasker in the Vestmannaeyjar is probably erroneous. Geirfugladrangur off Reykjanes (Faber 1827) and Grímsey (Finnur Guðmundsson 1953, Þorsteinn Einarsson 1988), north Iceland, were permanent colonies that have been deserted as a result of tectonic activities: the rock Geirfugladrangur subsided about 1830, the colony site of Grímsey was damaged by earth-

quakes in 1934 and finally deserted in 1946. Geirfuglasker off Reykjanes may have been only temporarily occupied by breeding gannets, recorded by Faber (1827). Kerling near Drangey, north Iceland and Máfadrangur near Dyrhólaey are recent temporary colonies. One or two nests were found on Kerling in 1944-1949 (Finnur Guðmundsson 1950, 1953). About 100 nests were estimated on Máfadrangur in 1962 (Þorsteinn Einarsson 1973) but only non-breeders have been seen there in aerial surveys from 1974 onwards.

In the Vestmannaeyjar (Table 2) there were about 8000 occupied gannet sites in 1983 and 9000 in 1985. The number of sites in Vestmannaeyjar increased at an average rate of 1.5% per year in 1939-1985 (Fig. 2). Most of the increase took place on the tops of Súlnasker and Geldungur, where the average increase was 3.5% per year compared with 0.5% on the cliffs.

Aerial photographs of Eldey are available from July 1953, July 1961, June 1977, July 1983, June 1985, and August 1985. The two counts in 1985 differed markedly between 22 June (12000 sites) and 3 August (14500). Estimates of the numbers of gannets breeding on Eldey before 1953 are hardly comparable with photographic counts, and the evidence for changes in numbers there before 1953 is tenuous. Photographs of Eldey from 1953, 1977 and 1983 are oblique views made at too low altitudes to cover all the top adequately. Vertical photos covering the whole top were made in 1961 and 1985. Photographic coverage of the cliff was adequate in 1977 and 1985, but not in 1953, 1961 and 1983. Shortcomings in photographic coverage were corrected for by making use of selected census plots (Fig. 3), Table 3) and calculating corrected totals (Table 4). The revised estimates for 1953

and 1961 are about 2000 sites higher than previously published figures. Numbers on Eldey decreased from a peak of about 18000 sites in 1961, at an annual rate of 1%, to about 14000 in 1985. Since a corresponding increase took place in the Vestmannaeyjar colonies, the total number of occupied sites in southwest Iceland seems to have remained stable at about 23000 from 1961 to 1985 (Fig. 7).

The three east Icelandic colonies are all increasing, at an average rate of 6.8% a year. The total in 1984 was 1550 sites of which over 1100 were on the island Skríður.

In Iceland present colonies are associated with relatively stable availability of herring *Clupea harengus* and are in the main migration path of capelin *Mallotus villosus* in late winter-spring. The absence of colonies in northwest Iceland is thought to result from scarcity of preferred foods rather than lack of potential colony sites. The continued existence in southwest Iceland of gannet colonies through the centuries, and the stable numbers of sites there in recent decades, is presumably caused by the extreme inaccessibility of these colonies to man, due especially to heavy seas. This region was the last stronghold of the great auk *Alca impennis* for the same reason. Stability of numbers in the southwestern group since at least 1960 implies that gannet density in this area may be near the food limit. The recent colonization and expansion on the east coast of Iceland, where sites are relatively accessible, is seen as recolonization of a range where gannets were presumably exterminated at an earlier period.

Arnþór Garðarsson, Lífvræðistofnun háskólans,
Grensásvegur 12, 108 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 78 tegunda, sem sáust á árinu 1986. Það eru tiltölulega fáar tegundir samanborið við árin 1979-1985, en þá var getið 88-101 tegundar, ef árið 1983 er undanskilið (72 tegundir). Spörfuglar komu í minna mæli um haustið en venjulegt er. Einnig eru í skýrslunni nokkrar viðbætur frá fyrri árum og leiðréttingar.

Sjaldgæfir varpfuglar. Óvenju margar óreglulegar varptegundir urpu þetta árið. Landsvala varp í júlí við Eystri-Skóga í A.-Eyjafjallahr., og kom upp fjórum ungum. Svartþrastarpar varp í Skógræktinni í Fossvogi í Reykjavík, og kom líklega upp 3 ungum. Skammt þar frá (í Læknisgarði í Fossvogi) varp grápröstur og sáust a.m.k. tveir fleygir ungar í júní. Grápröstur varp einnig í Mývatnssveit og komu a.m.k. tveir ungar úr egg. Gráspörvum hélt áfram að fjölga á Hofi í Örafum, eftir að eitt par varp þar fyrst vorið 1985. Fimm hreiður fundust um sumarið og voru þar einhverjir tugir gráspörva um haustið. Bókfinka varp í fyrsta sinn með vissu hér á landi í Skógræktinni í Fossvogi sumarið 1986. Að minnsta kosti tveir fleygir ungar sáust í lok ágúst og byrjun september (Kjartan G. Magnússon 1986). Fjallafinkur fundust með unga í hreiðrum á fjórum stöðum um sumarið: Svínahlíð í Grafningi og Miðdal í Laugardal, Árn., og á tveimur stöðum í Reykjavík (Skógræktinni í Fossvogi og Ártúnsbrekku). Öll hreiðrin fundust í júní, en ungar voru dauðir í hreiðrinu á fyrsttalda staðnum. Auk þess varp fjallafinkupar í Skutulsfirði, en óvíst var hvort ungar komust úr hreiðri, og þar með fjóra unga sást um sumarið við

Skóga undir Eyjafjöllum. Syngjandi fjallafinkur sáust víðar (Gunnlaugur Þráinsson 1989). Syngjandi glóbrystingar sáust á fjórum stöðum á landinu um sumarið, en varp þessarar tegundar hefur enn ekki verið staðfest hér á landi. Vepja varp í Eyjafirði og hreiður fannst um sumarið, en einungis einn fugl sást og egg sennilega ófrjó (Ævar Petersen 1989).

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Gráhegrar sáust nokkuð víða, m.a. norður í Skagafirði. Fremur fáir ædarkóngar sáust. Hvinandahópar sáust í Hornafirði um vorið. Nokkuð bar á vepjum í mars til maí. Dvergmáfar sáust víðar en venja er. Svölur sáust í nokkrum mæli. Nokkrar silkitoppur birtust í janúar og febrúar, og allmargir glóbrystingar sáust um vorið. Fremur lítið var af svartþröstum, en þó sérstaklega gráþröstum veturinn 1985-1986, einkum ef miðað er við veturinn áður. Hins vegar var óvenju mikið af fjallafinkum víða um land um vorið og sumarið, sem leiddi m.a. til varps á nokkrum stöðum, eins og áður er getið. Nokkurra sportittlinga varð vart um haustið.

Deilitegundir. Einnar amerískrar urtandar varð vart, og eins grænlenks hvítfálka.

Nýjar tegundir. Engar nýjar tegundir sáust á Íslandi árið 1986, og er það líklega í fyrsta sinn í um 50 ár.

Flækingsfuglar. Af mjög sjaldgæfum flækungum, sem sáust 1986, má nefna blikönd (í annað sinn hér á landi), gunnfálka (einnig í annað sinn), grastítu og bakkasvölu. Af fremur sjaldgæfum tegundum sáust dvergsvanur, hrísastelkur, straumerla, blábrystingur, dulþröst-

ur og peðgrípur. Laufglóa er getið frá 1984. Einnig má nefna aðrar sjaldgæfar tegundir, s.s. gjóð, grátrönu, rákatítu, hringmáf, gauk og runntítlu. Um haustið sást óvenjulega lítið af evrópskum spörfuglum, sem annars eru oft algengir, s.s. garðsöngvurum, hettusöngvurum, gran- og laufsöngvurum.

Annáll ársins

Í þetta sinn er annállinn styttri en áður hefur tíðkast. Verulega er dregið úr upptalningu tegunda, en meiri áhersla lögð á einstaka atburði.

Janúar: Að vanda sást fátt flækingsfugla í janúar. Að frátöldum gráhegrum og fjallafinkum sáust silkitoppur á nokkrum stöðum, en þó aldrei fleiri en ein á hverjum stað. Sú fyrsta sást í Kópavogi 9. janúar, en auk annarra á Reykjavíkursvæðinu sáust silkitoppur í Neskaupstað, á Húsavík og Siglufirði.

Febrúar: Silkitoppur sáust áfram í Reykjavík og nágrenni. Á fjórum stöðum varð vart við vepjur, flestar fjórar í Meðallandi. Grákráka sást á Höfn í Hornafirði 22. febrúar.

Mars: Skógarsnípur sáust á tveimur stöðum, en þær sjást hér gjarnan að vetrarlagi. Nokkrar tegundir sáust í seinni hluta mánaðarins, sem ekki hafði orðið vart áður um veturinn, og voru þær sennilega nýkomnar til landsins, dvergmáfur á Miðnesi, glóbrystingur á Höfn, söngpröstur á Selfossi og tveir hettusöngvarar á Siglufirði.

Apríl: Það var ekki fyrr en um og eftir miðjan mánuðinn, þegar fartími var að komast í algleyming, að útlenskir fuglar fóru að sjást í einhverjum mæli. Sumir þeirra komu að líkindum með íslenskum farfuglum, t.d. þrjár kanadagæsir sem sáust við Egilsstaði, og sú fjórða á Mýrum austur. Amerísk urtönd sást í Biskupstungum, dvergmáfar á Sel-tjarnarnesi og Álftanesi og hringmáfur á Breiðdalsvík. Nokkrir spörfuglar sáust einnig, en þar ber helst að nefna glóbrystinga, sem sáust á þremur stöðum á

jafnmörgum landshornum 30. apríl (Húsavík, Kvískerjum og Garðabæ). Þá sáust fjallafinkur og bókfinkur, og ein runntítla, sem er öllu sjaldsédari. Á tímabilinu 19.-30. apríl ríktu oft suðaustlægir vindar, sem líklega veittu fuglunum byr til landsins.

Maí: Ýmsar tegundir andfugla sjást gjarnan í maí. Að þessu sinni sáust dvergsvanur, þrjár blágæsir, akurgæs, ljóshöfðaönd, taumönd og hrókönd. Svölur sjást oftast í mestum mæli í þessum mánuði. Landsvölur og bæjasvölur sáust víða, einkum eftir miðjan mánuðinn. Á tímabilinu 20.-23. maí brá oft til suðaustanáttar, en flestar svölurnar sáust einmitt þá daga. Þess má geta að bakkasvala, sem er sjaldséð, sást 21. maí í Eiðapínghá. Fjallafinkur sáust víða, einkum í fyrri hluta mánaðarins. Syngjandi karlfuglar sáust að Laugarási, í Mývatnssveit og á þremur stöðum í Reykjavík, en þær urpu á tveimur þeirra. Bókfinka sást í Fossvogi í Reykjavík, og varp hún þar í fyrsta sinn hér á landi. Þá varð vart syngjandi glóbrystings í Ásbyrgi. Ýmsar sjaldgæfari tegundir sáust í maí, m.a. gjóður, grátrana, grastíta, tveir gaukar og runntítla.

Júní: Fjallafinkur voru nokkuð áberandi og voru syngjandi karlfuglar víða, í Reykjavík, Fljótshlíð, á Þingvöllum og Selfossi. Varp var staðfest í Grafningi, Laugardal, Skutulsfirði og undir Eyjafjöllum. Landsvölur og bæjasvölur sáust á mörgum stöðum, en aðeins einn múrsvölungur. Af öðrum áhugaverðum tegundum mætti nefna kanadagæsir, korpönd, gunnfálka og kolþernu. Skógarsnípa sást enn einu sinni í Ásbyrgi.

Júlí: Ástaða er til að geta nokkurra fugla í þessum mánuði, sem að öllu jöfnu er ekki ýkja gjöfull fyrir áhugamenn um flækingsfugla. Blikönd sást á Langanesi, rákatíta í Flatey á Breiðafirði og þernumáfur á Miðnesi, en hann hélt sig þar langt fram á haust. Syngjandi laufsöngvari sást á Akureyri.

Ágúst: Fátt óvænt bar á góma í ágúst, sem var með rýrara móti að þessu sinni. Nefna má hrókönd á Mývatni, turnfálka sem settist á skip norður af Siglunesi, dvergmáf í Ólafsvík og þrjá gráhegra við Skaftafell.

September: Þessi mánuður er oft gjöf-ull fyrir fuglaskoðara, en að þessu sinni stóð hann ekki undir væntingum. Sjaldan hafa sést jafnfáir flækingsfuglar í september og þetta ár. Fyrri helming mánaðarins ríktu norðlægir vindar, og síðan vestlægir, allt fram yfir 20. september. Þann 27. september var atkvæðalítil lægð suður af landinu, ekki líkleg til stórræða. Í fyrri hluta mánaðarins sáust fáeinir gráhegrar, landsvölur og múrsvölungur. Spörfuglar sáust ekki fyrir en eftir 20. september. Merkastur þeirra var dulþröstur, en af öðrum fuglum sáust m.a. bæjasvölur, laufsöngvarar, garðsöngvari, grágrípur og flekkugrípur.

Október: Eins og september var október með daufasta móti, en slæðingur sást af flækingsfuglum allan mánuðinn. Vindar blésu sjaldan af suðaustan. Þar var helst 4. og 8. október, en þeir entust skammt. Dagana 9. og 10. október var hins vegar djúp lægð við S.-Grænland, sem beindi snörpum loftstreng frá Ameríku til Íslands. Svipuð skilyrði mynduðust aftur 13.-14. október. Búast mátti við flækingsfuglum frá Ameríku þessa daga. Þó sáust aðeins fáeinir fuglar af amerískum uppruna í kjölfar þessara lægða, allir á Miðnesi. Þann 10. október sáust þrjár rákatítur, vaðlatíta þann 12., dulþröstur 15. og hrísastelkur 18. október. Af sjaldgæfari tegundum, austrænum, mætti nefna heiði, sem ekki tókst að greina til tegundar, blábrysting, tvo hnoðrasöngvara og mistilþröst. Að auki sáust í mánuðinum allnokkrar algengari tegundir flækingsfugla.

Nóvember: Það var ekki fyrir en um miðjan mánuðinn, að lægðir beindu suðaustanvindum til landsins, sem augljóslega hrifu með sér fugla. Þann 13.

nóvember var 960 mb lægð suður af landinu. Þá sást í Hróarstungu mikill fjöldi fugla, eða allt að 70, sem taldir voru gransöngvarar. Síðan sáust glóbrystingar víða um land. Af öðrum áhugaverðum fuglum mætti nefna dvergmáf, eyruglu, turtildúfu, straumerlu, mistilþröst, flekkugríp og peðgrip.

Desember: Aðeins fáeinir algengir fuglar sáust í desember, s.s. gráhegrar, skógarsnípur og glóbrystingar. Tvær eyruglur sáust, á Norður- og Austurlandi, og vepja um jólin á Rauðasandi.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir, sem nefndir eru á eftir hverri athugun, eru annað hvort finnendur eða þeir tilkynntu fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. ★ merkir að fuglinum hafi verið safnað eða hann fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Við gerð súlurita og korta yfir fundartíma og fundarstaði nokkurra vetrargesta eru notuð gögn úr síðustu flækingaskýrslu.

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1985. (3) Fjöldi fugla sem sást 1986. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í nokkrum tilvikum er plús (+) settur aftan við tölur til þess að tákna óskilgreindan fjölda (hópa) að auki.

Tegundaskrá

Gráskrofa *Puffinus griseus* (-,21,3)

Suðurland. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og er sennilega árviss hér við land.

A-Barð: Um 5 sjóm NV af Oddbjarnarskeri nyrðra á Breiðafirði, 12. ágúst ☆ (Hafþór Hafsteinsson).

Á sjó: Faxaflói, um 11 sjóm VSV af Akranesi (64°16'N, 22°29'V), 19. júlí (KM).

Um 152 sjóm V af Snæfellsnesi (64°44'N, 29°59'V), 20. júlí (KM).

Gráhegri *Ardea cinerea* (-,283,41)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Algengur haust- og vetrargestur. – 1. og 2. mynd.

Áin: Stokkseyri, ungf 19. apríl til 15. maí (Jörgen-Bent Thompson, Ævar Petersen ofl), tveir 6. sept (BB, GH ofl).

Selfoss, ungf 15.-31. mars (ÖÖ ofl).

Grímslækur/Gerðakot í Ölfusi, 2. okt (Guðmundur K. Guðjónsson).

Laugarás í Biskupstungum, ungf 4.-13. nóv (IG ofl).

Lækur í Ölfusi, tveir um 22. nóv til amk 2. des (Gunnar Jónsson).

Opnur í Ölfusi, þrír 29. des (EP).

V-Barð: Tálknafjörður, des 1985 til apríl (Gísli Sigurðsson), sjá einnig skýrslu 1985.

Eyf: Akureyri, einn um haustið 1985 til 17. apríl (Sverrir Vilhjálmsson ofl), sjá einnig skýrslu 1985, einn okt/nóv 1986 til amk 11. apríl 1987, tveir sást í lok nóv (Sverrir Vilhjálmsson ofl).

Gull: Grindavík, 31. jan (Robert Mumford). Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, tveir 23. febr til 3. apríl (Ólafur Torfason ofl), tveir 2. nóv (GP), þrír ungf 22. nóv til 31. des (GP ofl).

Hafnir, 2. mars (BB, GH).

Hafnarfjörður, 16. maí (við Setberg) (Ómar Ormarsson).

Vogastapi á Vatnsleysuströnd, tveir 21. maí (Sigurður Helgason).

Hurðarbak í Kjós, sept/okt til 26. jan 1987, sást við Grjóteyri 1.-7. des (Hermann Ingólfsson, Kristján Finnsson).

Kollafjörður, 2.-28. des (Stefán Stefánsson ofl).

N-sf: Reykjanes við Ísafjardardjúp, um 5. okt til amk 27. okt (Hilmar Pálsson).

Álftafjörður, einn í okt, sást síðan í Skutulsfirði og við Arnarnes til 27. jan 1987 (Árni Sædal ofl).

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, um 13.-27. maí (Víðir Sigurbjörnsson ofl).

S-Múl: Egilsstaðir og nágr, tveir frá um 25. des 1985 til 23. apríl (Óskar Bjarnason ofl), sjá einnig skýrslu 1985, einn 28. sept, þrír um miðjan okt, tveir ungf til 20. jan 1987, einn til 10. apríl 1987 (Skarphéðinn Þórisson, Þorkell Þorkels-son ofl).

Rang: Hlíðarendi í Fljótshlíð, 23. mars (Friðjón Guðrøðarson).

Seljaland undir Eyjafjöllum, 11. apríl (JG). Stóridalur undir Eyjafjöllum, 25. apríl (Ian Francis ofl), líklega sami fugl og við Seljaland og etv sami og við Hlíðarenda. Skúmsstaðavatn í V-Landeyjum, 29.-30. apríl (Ian Francis ofl).

Fiskivatn í Háfshverfi, 30. apríl (Ian Francis ofl).

Rvík: Lambhagi við Úlfarsá, nóv 1985 til amk 9. jan (Hafberg Þórisson), sjá einnig skýrslu 1985.

Laxalón, 2. jan (Ólafur Andrésson).


Viðey og Grafarvogur, 3.-4. apríl (JÓH).

Ellidavatn, 8. sept (Vilhjálmur Sigtryggsson).


A-Skaft: Skaftafell í Öræfum, þrír 20. ágúst (JG).

Hólar í Nesjum, 7. nóv (Sverrir Aðalsteins-son).

V-Skaft: Efrifljótar í Meðallandi, 12. jan (AG).



1. mynd. Staðir þar sem gráhegrar sást frá 1.9.1985 til 31.8.1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Ardea cinerea between 1.9.1985 and 31.8.1986.*



2. mynd. Fjöldi gráhegra sem sást hverri viku milli 1.9.1985 og 31.8.1986. – *The histogram gives the number of Ardea cinerea seen each week between 1.9.1985 and 31.8.1986.*

Vík í Landbroti, amk tveir ungf 12. jan
(AG).

Teygingalækur í Fljótshverfi, 13. mars
(JG).

Tungulækur við Kirkjubæjarklaustur, 7. sept (Eyjólfur Arthúrssón, Maríus Arthúrssón).

Skag: Hjaltadalur, einn 23.-30. okt (fyrst við Nautabú, síðan við Efri-Ás, Laufskála og Garðakot) (Ragnar Þórsson ofl), tveir 31. okt (við Garðakot) ☆, hinn til amk 6. nóv (Pálmi Ragnarsson).

S-Fing: Við Æðarfossa í Laxá í Aðaldal, 2. eða 3. sept (Kristján Arnarson).

Sýrnes í Aðaldal, 9. okt (Ragnar Aðalsteinsson).

Vaðskvísl í Skjálfandaflijóti, Reykdælahr, í byrjun októ (skv Jónasi Sigurðarsyni), líklega sami fugl og við Sýrnes og etv sami og við Æðarfossa.

Mánárbakki á Tjörnesi, 8.-9. nóv (Aðalgeir Egilsson).

1982:

V-*sf*: Botn Skutulsfjarðar, sept 1982 (Garðar Einarsson).

1983:

V-ísf: Korpudalsá í Önundarfirði, 19. sept
1983 (Einar O. Guðmundsson ofl).

1985:

Gull: Hvaleyrarholt við Hafnarfjörð, tveir
29. des 1985 (Sigurður Helgason).

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii*
(1,5,1)



3. mynd. Kanadagæs *Branta canadensis* við Bergvötn á Hólmsbergi í Leiru, 8. júní 1986. Ljós. Ómar Örn Jónasson.

S-Fing: Mývatn, karlf 2.-3. júlí (Rainer Schütt ofl).

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,16.1)
Norðurhluti N-Ameríku. – Ameríska deilitegund urtandarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, fullu karlf 17. apríl (IG).

Taumönd *Anas querquedula* (9,11.1)
Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur, en þó líklega árviss flækjngur hér á landi.

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, karlf 18. maí (GP).

Skutulönd *Aythya ferina* (-,35.2)
Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

S-Múl: Kleifarvatn í Breiðdal, karlf 14. maí (BB ofl).

S-Þing: Mývatn, karlf 11. ágúst (Árni Einarsson).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (-,284,27)
Nyrtu héruð N-Ameríku og Síbiríu; Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

A-Barð: Garpsdalsey á Gilsfirði, fullu karlf í æðarvarpi um vorid (Gunnar Halldórs-son, Halldór Gunnarsson).

Eyfr: Akureyri, kvenf 18. des 1985 til 3. jan (GH, HeB ofl), sjá einnig skýrslu 1985.

Gull: Arnarnesvogur við Garðabæ, fullu karlf 9. mars til 1. júlí (KM ofl).

Garðskagi, tveir fullu karlf 3. apríl (GAG, KL).

Kópavogur, karlf á fyrsta vetri 13. apríl (BB).

Grindavík, kvenf 12. okt (GH, HeB), karlf 28. des (Björn Guðbrandsson, Jón S. Ólafsson).

Straumsvík við Hafnarfjörð, karlf á fyrsta vetri 31. des (Arnar Helgason ofl), kvenf 31. des (ESH, JÓH ofl).

Kattarhöfði í Hvalfirði, fullu karlf 30. nóv (HPH).

N-Ísf: Lónafjörður, karlf 29. júlí (KM).

S-Múl: Innstekkur í Eskifirði, fullu karlf 24. apríl (PL, Sævar Guðjónsson).

Holtastaðaeýri við Reyðarfjörð, fullu karlf 8.-11. júní (KL, Magnús Magnússon).

Rvík: Skildinganes, kvenf 1. febr til 29. mars (AG, HÓ, ÓE ofl).

Höfnin, fullu karlf 7. mars (Grímur Bjarnason).

Sundahöfn, fullu karlf 8. mars til 29. apríl (GP ofl), ungur karlf 11. nóv (IG), 2ja ára karlf 1.-28. des (BB ofl).

A-Skafr: Höfn í Hornafirði, karlf 30. mars (BÞ, EP).

Strand: Bjarnarnes við Steingrímsfjörð, 2ja

ára karlf 9. júní (JBH, Ólafur K. Nielsen).
N-Ping: Þórshöfn, karlf 10. maí (Guðjón Gamalíelsson).
 Sauðaneslón á Langanesi, fullu karlf 2. júlí (AG, GAG, KL, Magnús Magnússon, ÓE).
S-Fing: Saltvík við Skjálfanda, karlf 8. febr (SG).
 Ærvíkurbjarg við Skjálfanda, ungu karlf 2. apríl, karlf 3. ágúst (GH).
 Bakkahöfði á Tjörnesi, kvenf 19. apríl (GH).
 Húsavík, fullu karlf 30. apríl (GH).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns

Somateria mollissima × *spectabilis* (-,8,2)

N-Múl: Kolbeinstangi í Vopnafirði, karlf 17. jan ☆ (Haukur Hreggviðsson ofl).

Gull: Ytri-Njarðvík, karlf 22. mars (EP, ESH, HPH, JÓH).

Blikönd *Polysticta stelleri* (0,1,1)

NA-Síbería og Alaska. – Sjaldséð en árviss í Evrópu. Hefur aðeins sést einu sinni áður á Ísland (1981).

N-Ping: Sauðaneslón á Langanesi, árgsamall karlf 2. júlí (AG, GAG, KL, Magnús Magnússon, ÓE).

Körpönd *Melanitta fusca* (7,15,1)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Sjaldséður, en þó líklega árviss flækingur.

Strand: Stóra Fjarðarhorn í Kollafirði, fullu karlf 4.-28. júní (JBH, Ólafur K. Nielsen ofl).

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrargestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin. – 4. mynd.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, fullu karlf 8.-22. febr (JBH ofl), ungu karlf 22. febr (AG, HÓ, ÓE ofl).

Sogið, fjórir fullu karlf, tveir ungir karlf og tveir kvenf 22. febr (AG, HÓ, ÓE ofl), fullu karlf og fullu kvenf 21. apríl (EÓ, JBH).

Úlfjótavatn, fjórtán fullu karlf, níu kvenf og tveir kvenf/ungf 22. febr, tíu fullu karlf, einn ungu karlf og tveir kvenf 28. mars, einn karlf og tveir kvenf 13. apríl (AG, HÓ, ÓE ofl), fullu karlf 21. apríl (EÓ, JBH).

Pingvellir, kvenf 8. maí við Lambhaga (KM).

Gull: Vogar á Vatnsleysuströnd, kvenf 8. jan (GAG, KL).

Arnarnesvogur við Garðabæ, þrír fullu karlf 25. jan til 1. febr, tveir fullu karlf 23.-30. nóv (Arnar Helgason ofl).

Bessastaðatjörn á Álfanesi, ungu karlf 29. júní til 2. júlí (JÓH ofl), sami og á Tjörninni í Rvík, sjá neðar.

Grindavík, tveir ungir kvenf 23. nóv (BB, GP, GP).


Ósar, fullu karlf 28. des (EÓ).

Mýr: Akur á Mýrum, fullu par 24. febr (BB ofl).

Rvík: Skerjafjörður, fullu karlf 2. jan til 23. febr, fullu karlf að auki 5. jan, kvenf/ungf 2. jan til 1. febr (ýmsir), amk einn karlf 15.-23. nóv (Gerhard Ó. Guðnason), tveir kvenf 28. des (Kristinn H. Skarphéðinsson).

Ellidavatn, tveir fullu karlf 20. febr til 13. apríl (HPH ofl), einn fullu karlf að auki 15. mars (GP ofl), sex kvenf 20. jan, þrír kvenf 9.-15. mars, tveir kvenf 13. apríl (HPH ofl), fullu karlf 16. nóv (GP, JÓH).

Tjörnin og Vatnsmýri, ungu karlf 11.-19. júní (EP ofl).



4. mynd. Fjöldi hvinanda sem sást í hverri viku milli 1.9.1985 og 31.8.1986. – The histogram gives the number of *Bucephala clangula* seen each week between 1.9.1985 and 31.8.1986.



5. mynd. Turnfálki *Falco tinnunculus*. Um 60 sjóm N af Siglunesi, 26. ágúst 1986. Mynd tekin 2. september í Reykjavík. Ljós. Erling Ólafsson.

A-Skaft: Þveit í Nesjum, 20 fuglar 21. apríl (Ian Francis ofl).

V-Skafi. Vatnasvæði Brúarár í Fljótshverfi, amk 20 fuglar (þar af tveir fullu karlf) 12. jan (AG).

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, tveir fullu karlf, ungur karlf og tveir ógr kvenf 1. jan (GH, HeB), ungur karlf 17. jan (GAG, KL), tveir fullu karlf, ungur karlf og kvenf 23. febr (SG), ungur karlf og ógr kvenf 28. mars, karlf 29. júní, fullu karlf 22. des (GH, HeB).

S-Ping: Mývatn, tveir fullu karlf 18. jan (Breiða og Álar), sex fullu karlf 20. jan (Grænavatn, Garðsvogur og Kálfaströnd) (GAG, KL), karlf og kvenf 16. febr við Garð (SG ofl), fullu karlf 30. apríl við Voga, fullu karlf 30. apríl til 1. maí á Grænavatni, fullu karlf 30. apríl til 2. maí við Laxárbakka, fullu karlf 1. maí neðan Geirastaða (GAG, KL), fullu karlf við Helluvað 28. maí (JBH, Ólafur K. Nielsen).

Fornhagi í Aðaldal, tveir fullu karlf á Laxá 20. jan (GAG, KL).

Hraun í Aðaldal, fullu karlf 30. mars (BB, GH).

Miðhvammur í Aðaldal, fullu karlf 30. mars (BB, GH).

Laxá við Laxárvirkjun, fullu karlf 14. apríl (GH).

Laxamýri í Aðaldal, fullu karlf 25. maí (GH, Pröstur Eysteinnsson).

1985:

Gull: Ósar, þrír fullu karlf 29. des 1985 (EÓ).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,16,1)

Vestanverð N- og S-Ameríka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á SV-Englandi. Sjaldséð hér á landi og talin koma frá Englandi.

Eyf: Akureyri, fullu karlf 29. maí (John C. Eaton).

S-Ping: Mývatn, fullu karlf 13. ágúst á Ytri-Flóa (Árni Einarsson, Jón S. Ólafsson), etv sami fugl og á Akureyri.

Ógreindur heiðir *Circus* sp. (2,2,1)

A-Skaft: Kvísker í Örafum, ungf 18. okt (HB).

Gjóður *Pandion haliaetus* (9,2,1)

N-Evrópa, N-Asía, N-Ameríka og víðar. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

V-Barð: Bjargtangar, 28. maí (Thomas Alerstam, Johnny Karlsson).

Turnfálki *Falco tinnunculus* (23,12,1)

Evrópa, Asía og Afríka. – Allalgengur flækingur hér á landi.

Á sjó: Um 60 sjóm N af Siglunesi (nærri Kolbeinsey), ungf settist á skip 26. ágúst (skv Ævari Petersen), 5. mynd. Fluttur til Reykjavíkur og sleppt þar 2. sept (merktur „513599“), fannst síðan dauður við Djúpatvatn á Reykjanesskaga 21. sept ☆.

Gunnfálki *Falco subbuteo* (1,0,1)

Mið- og S-Evrópa, V-Asía til Kyrrahafs. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Á sjó: Grindav kurdjúp, 60-70 sjóm frá landi, fullu karlf 17.-21. júní, settist á bát ☆ (Hallgrímur Jónsson), 6. mynd.



6. mynd. Gunnfálki *Falco subbuteo* frá Grindavíkurdjúpi, 17.-21. júní 1986. Ljós. Erling Ólafsson.

Fálki *Falco rusticolus candicans* (-,13,1)

Grænland, Kanada og Alaska. – „Hvítfálkar“ sjást hér aðallega á veturna.

Gull: Melaberg á Miðnesi, fundinn illa haldinn 23. febr ☆ (Gunnar Kristinsson).

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,33,1)

Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur varpfugl, en flest keldusvín sem sjást núorðið eru sennilega flækingsfuglar.

Eyf: Ólafsfjörður, febr (Steen M. Friðriksson).

Bles hæna *Fulica atra* (129,28,1)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Árviss og hefur orpið hér á landi.

Mýr: Akkrar á Mýrum, 17. maí til 1. júní (Jón S. Ólafsson, ÓE ofl).

Grátrana *Grus grus* (5,10,1)

N-Evrópa og norðanverð Asía. – Sjaldgæfur flækingsfugl hér á landi.

S-Fing: Kálfaströnd í Mývatnssveit, fullu um 10.-16. maí ☆ (Haukur Hreggviðsson).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16,33,1)

Nyrstu héruð Síbiríu og N-Ameríku. – Alltið og árviss að haust- og vetrarlagi, en sést einnig á sumrin.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, 2. okt til 8. nóv (IG).

Gull: Sandgerði, 31. jan til 1. febr (Robert Mumford), líklega sama og sást í nóv 1985 við Fuglavík á Miðnesi, sjá skýrslu 1985.

1985:

Gull: Miðnes, ein 29. des 1985 við Flanka-staði og ein sama dag við Hafurbjarnarstaði (Sigurður Blöndal), sennilega sami fugl og sami og hér að ofan.

Vepja *Vanellus vanellus* (-,224,14)

Evrópa og N-Asía. – Árviss og hefur orpið hér. – 7. mynd.

Árn: Sólvangur, Eyrarbakka, 12. febr (Rut Magnúsdóttir).

Laugarás í Biskupstungum, 14. febr til 18. mars (IG).

A-Barð: Reykhólar, 26. febr (Tómas Sigurgeirsson).

V-Barð: Saurbær á Rauðasandi, 25. des (Tryggvi Eyjólfsson).

Eyf: Laugaland, Öngulstaðahr, 27. apríl (Sverrir Vilhjálmsson).

Búarland, Öngulstaðahr, í byrjun maí (Sverrir Vilhjálmsson), líklega sami fugl og við Laugaland.

Klauf, Öngulstaðahr, einn fugl um vorið og sumarið, hreiður með fjórum eggjum fundið 23. júní, egg horfin í júlí, sennilega ófrjó (Leifur Guðmundsson ofl), líklega sami fugl og við Laugaland.

Steindyr í Svarfaðardal, um miðjan maí (Sverrir Vilhjálmsson).

Gull: Norðurkot á Miðnesi, 28. mars (HPH).


Sandgerði, 3. apríl (GAG, KL), líklega sami fugl og við Norðurkot.

S-Múl: Egilsstaðir, 8. apríl (Jón H. Sigurbjörnsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 21. mars (Ólafur E. Einarsson).

V-Skaft: Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, fjórar í febr, þrjár fundust síðan dauðar (Magnús Pálsson).

N-Ping: Sævarland í Fístillfirði, 23. mars (Guðjón Gamalíelsson).



7. mynd. Staðir þar sem vepjur sáust frá 1.9.1985 til 31.8.1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Vanellus vanellus between 1.9.1985 and 31.8.1986.*

Vaðlatíta *Calidris fuscicollis* (11,17,1)

Kanada, Árviss hér á landi og alltið í Evrópu.

Gull: Hvalsnes á Miðnesi, 12 okt (EÓ), 25. okt (BB, EÓ, GP, GP, KM), líklega sami fugl.

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,7,4)

Kanada, Alaska og NA-Síbería. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu, en sjaldgæf hér á landi.

A-Barð: Flatey á Breiðafirði, 21. júlí ☆ (Hafþór Hafsteinsson, Ævar Petersen).

Gull: Miðhús í Garði, þrjár (tveir karlf og kvenf) 5. okt 2☆ (EÓ).

Grastíta *Tryngites subruficollis* (2,2,1)

Nyrstu héruð Kanada og Alaska. – Sést árlega í Evrópu, en er mjög sjaldgæf hér á landi, sást fyrst 1977.

Gull: Hof í Garði, 27. maí (EÓ), 8. mynd.

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,16,1)

N-Evrópa og Asía. – Líklega árviss vor og haust.

Gull: Gerðar, ungf 11. okt (JÓH).

Skógarsnípa *Scolopax rusticola* (119+,90,9)

Evrópa og Asía. – Árviss flækingur hér á landi.

Arn: Laugarás í Biskupstungum, 20. mars (IG).

Reykholt í Biskupstungum, 19. nóv (IG).

Ölfusforir, 23. nóv ☆ (Einar P. Garðarsson).

S-Múl: Egilsstaðir, 19. nóv, fannst dauð seinna um veturinn ☆ (Skarphéðinn Þór-isson).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 8. febr til 7. apríl (GH ofl).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, fundin dauð 24. apríl ☆ (BA).

Skaftafell í Öræfum, 25.-31. des (JG).

N-Ping: Ásbyrgi í Kelduhverfi, 23. júní (Gordon Wilson).

S-Ping: Laugar í Reykjadal, 28. des (náð og merkt „77633“) (Sveinn Tryggvason ofl).

Lappajaðrakan *Limosa lapponica* (105,48,2)

Skandinavía, Síbería og Alaska. – Haust- og vetrargestur á SV-landi, en mun sjaldgæfari en fjöruspói.

Gull: Sandgerði, fimm 8. febr, tveir 28. mars til 3. apríl (AG, HÓ, ÓE ofl), einn 20. sept til 15. okt (GH, GP ofl).

Hafnir, 22. mars (EP, ESH, HPH, JÓH).

Fjöruspói *Numenius arquata* (-,378,66)

Evrópa og Asía. – Vetrargestur, einkum á SV-landi.

Arn: Stokkseyri, tveir 29. des (JBH, Kristinn H. Skarphéðinsson).

Gull: Hafnir, fjórir 8. febr, einn 2. mars, tveir 28. mars, þrír 3. apríl (ýmsir). Aftur einn 4.-18. okt, fjórir 25. okt, tveir 23. nóv, þrír 28. des (ýmsir).



8. mynd. Grastíta *Tryngites subruficollis*. Hof í Garði, 27. maí 1986. Ljós. Erling Ólafsson.

Miðnes (Stafnes-Gerðar), fjórir 8. febr (að-
eins Sandgerði), 24 fuglar 28. mars, sex
30. mars (Sandgerði), einn 26. apríl
(Sandgerði), einn 20. maí (Sandgerði-
Gerðar) (ýmsir). Aftur átta 4. sept,
þrettán 20.-27. sept, níu 1. okt, þrír 12.
okt, fimmtán 18. okt, þrír 25. okt, sextán
9. nóv, 21 fugl 23. nóv, 22 fuglar 28. des
(ýmsir). Frá hausti er einungis getið
þeirra daga þegar öll ströndin frá Stafnesi
til Gerða var könnuð.

Brunnastaðir á Vatnsleysuströnd, 28. mars
(GP, GP, HPH, KM).

Hlíðsnes á Álftanesi, fjórir 4. febr (JBH),
einn 26. apríl (GAG).

Álftanes, 19. okt (Gerhard Ó. Guðnason,
HÓ).

S-Múl: Djúpivogur, fimm 25. maí, einn 4.
júní (BB ofl).

Hamarsfjörður, þrír 30. okt (HB).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fjórir 1. jan, átta
11. jan, þrettán 12. jan, 22 fuglar 26. jan,
einn 19. apríl, tveir 4. maí (EP ofl). Aftur
einn 4. okt til 27. nóv (EP ofl), þrír 28.
nóv til 21. des (PL, EP ofl).

1984:

N-Múl: Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, 30. des
1984 (Auðunn Haraldsson).

1985:

Gull: Hafnir, tveir 29. des 1985 (EÓ).

Hrisastelkur *Tringa flavipes* (4,3,1)

N-Ameríka. – Sést árlega í V-Evrópu, en er
mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Fuglavík á Miðnesi, 18. okt (KM).

Ískjóí *Stercorarius pomarinus* (-,34+,20)

Íshafslönd N-Ameríku og Síbiríu, einnig
Grænland. – Hluti stofnsins hefur vetursetu í
Mið-Atlantshafi og fer hér um að einhverju
leyti vor og haust.

V-Barð: Bjargtangar, átta 29. maí (Thomas
Alerstam).

Snæf: Malarrið, Breiðavíkurhr, tveir 28.
maí, níu 29. maí (GAG, Paul E. Jönsson).

Á sjó: Um 148 sjóm V af Snæfellsnesi
(64°44'N, 29°50'V), 20. júlí (KM).

Fjallkjóí *Stercorarius longicaudus* (-,19,9)

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síbiríu,
einnig Grænland. – Sjaldséður fargestur.

S-Múl: Breiðdalsvík, fullu 8. ágúst (BB ofl).

Snæf: Malarrið, Breiðavíkurhr, þrír 29. maí,
tveir 30. maí (GAG, Paul E. Jönsson).

S-Fing: Mánárbakki á Tjörnesi, 27. apríl
(GH, Þröstur Eysteinnsson).

Á sjó: Um 1,2 sjóm VSV af Lundey á Skjálf-
anda, 19. maí (SG).

Um 146 sjóm V af Snæfellsnesi (64°44'N,
29°45'V), 20. júlí (KM).

1985:

Gull: Stafnes á Miðnesi, haust 1985 (Harold
A. Connor).

Dvergmáfur *Larus minutus* (28,28,10)

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Sést hér
á öllum tímum árs, en er einna algengastur á
vorin. – 9. mynd.

Gull: Gerðar, fullu 22. mars (EP, ESH,
HPH, JÓH).

Seltjarnarnes, fullu 12.-28. apríl (JÓH ofl),
árgsamall 19. júní (EP, JÓH).

Bessastaðir á Álftanesi, fullu (eða 2ja ára)
26. apríl (EP, JÓH).

Rvík: Tjörnin, árgsamall 21.-22. júní (GP
ofl), árgsamall 21. júlí (Gerhard Ó.
Guðnason), sennilega sami fugl í bæði
skiptin og líklega sami og á Seltjarnar-
nesi.

Skerjafjörður, árgsamall 17. júlí (Johan Al-
mqvist), sennilega sami fugl og sást á
Tjörninni.

Mýr: Akkrar á Mýrum, tveir árgamlir 22.
maí (GAG, Johnny Karlsson, Paul E.
Jönsson, Thomas Alerstam).

Snæf: Hofgarðar í Staðarsveit, fullu og árs-
gamall 23. maí (GAG, Johnny Karlsson,
Paul E. Jönsson, Thomas Alerstam).

Ólafsvík, árgsamall 10. ágúst (Johan Al-
mqvist).



9. mynd. Staðir þar sem dvergmáfar sáust
árið 1986 og fjöldi fugla. – *The distribution
and number of Larus minutus during 1986.*

Vestm: Heimaey, á fyrsta vetri 4. nóv ☆
(Kristján Egilsson).

Þernumáfur *Larus sabini* (16,3,1)

Grænland og íshafslönd N-Ameríku og Asíu. – Sjaldséður hér, en allalgengur um far-tímann að hausti við V-Evrópu.

Gull: Miðnes, fullu 20. júlí við Þórustaði, síðan 31. ágúst til 7. okt við Miðhús og Útskála í Garði og í Gerðum (EP, HPH ofl).

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,12,2)

N-Ameríka. – Sást fyrst á Ísland 1978. Til skamms tíma óþekktur í Evrópu, en er þar nú algengasti ameríski máfurinn.

S-Múl: Breiðdalsvík, fullu 19. apríl ☆ (PL, Þorvaldur Björnsson).

Rvík: Tjörnin og Vatnsmýri, 2ja ára 15.-16. maí (Gerhard Ó. Guðnason ofl).

Ísmáfur *Pagophila eburnea* (62,27,2)

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. – Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Slæðingur sést þó hér nær árlega, einkum við Norðurland.

V-Barð: Tálknafjörður, fundinn dauður 30. okt ☆ (Vilhjálmur Albertsson).

Vestm: Heimaey, ungf 1.-2. nóv (Sigurgeir Sigurðsson).

Kolþerna *Chlidonias niger* (22,12,1)

Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. – Allalgeng hér á landi og hefur orpið hér.

N-Ping: Hraunhafnartangi á Melrakkaslétu, 18.-20. júní (Ron Summers ofl).

Hringdúfa *Columba palumbus* (-,59,5)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Árvisst að vor- og sumarlagi. Hefur orpið hér.

Gull: Arfadalsvík, Grindavík, 11. maí (GP).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 9. maí til 30. júní (HPH ofl).

S-Múl: Ormsstaðir í Eiðabínghá, 17. maí (Þórhallur Borgarsson).

Miðbær í Norðfirði, 18. maí (Anna Björnsdóttir).

A-Skaft: Stafafell í Lóni, 9. júní (EÓ, GP, HB).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto* (-,7,1)

Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Tyrkja-



10. mynd. Gaukur *Cuculus canorus*. Héðinshöfði á Tjörnesi, 24. maí 1986. Ljós. Ib Petersen.

dúfur hafa verið í stöðugri útbreiðsluaukningu, einkum í norðvestur, síðustu mannsaldra. Hafa sést hér nokkrum sinnum og orpið amk einu sinni.

N-Múl: Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð, 25. maí (náð, höfð í haldi, drepin af villiketti 9. des) ☆ (Halldór W. Stefánsson).

Turtildúfa *Streptopelia turtur* (-,37,1)

N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía) austur í Mið-Asíu. – Árviss, einkum að sumar- og haustlagi.

Vestm: Heimaey, um 2. nóv (Sigurgeir Sigurðsson).

Gaukur *Cuculus canorus* (-,2,2)

Evrópa, Asía og Afríka. – Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Borg á Mýrum, maí ☆ (Sigurður Guðjónsson).

S-Ping: Héðinshöfði á Tjörnesi, árgamall karlf 23.-24. maí og síðan sami fugl á Húsavík 25.-31. maí (Jóhannes Þ. Jóhannesson ofl), 10. mynd.

Snæugla *Nyctea scandiaca* (-,61,10)

Nyrstu héruð Evrópu, Asíu og N-Ameríku og N-Grænland. – Sjaldséð, en árviss og hef-ur orpið hér á landi.

N-Múl: Flúðir í Fellum, kvenf 29. júní (PL). Hengifossárvatn, 17. sept (Gunnar Björnsson).

S-Múl: Djúpivogur, vetur 1986-1987 (skv Sigurði Ægissyni).

V-Skaft: Hraun sunnan Lakagíga, 3. ágúst og 21. sept (BP, EP, Hilmar Árnason, Ólafur E. Einarsson ofl).

S-Ping: Fverá í Laxárdal, 16. febr (Áskell Jónasson).

Skútustaðir í Mývatnssveit, 1.-2. jan (Friðrik D. Arnarson ofl).

Suðurárbotnar, 13. sept (Ragnhildur Sigurðardóttir ofl).

Miðhálf: Öxnadalur við Skjálfandafljót 10. júlí (Tryggvi Harðarson).

Háumýrar við Þjórsárver, 12.-27. júlí (Sveinn T. Sveinsson ofl).

Sandfell-Tungufell sunnan Bárðardals, 18.-19. júlí (Frímann Frímannsson ofl).

1985:

A-Hún: Auðkúluheiði, haust 1985 (Forsteinn Þórðarson).

N-Ping: Hafursstaðir í Öxarfirði, 21. júlí 1985 (Guðmundur Theódórsson).



11. mynd. Eyrugla *Asio otus* frá Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, 5. desember 1986. Ljósm. Erling Ólafsson.

Eyrugla *Asio otus* (-,30,5)

Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu. – Árviss að haust- og vetrarlagi.

N-Múl: Skjöldólfsstaðir á Jökuldal, 5. des ☆ (Hrafnkell Gíslason), 11. mynd.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 17. maí ☆ (BA), 11. júní (EÓ, GP, HB).

Kvísker í Örafum, 18. nóv (HB).

S-Ping: Víðifell í Fnjóskadal, 31. des (Sverrir Thorstensen).

1982:

Gull: Hafravatn í Mosfellssveit, fullu karlf haustið 1982 ☆ (Þorvaldur Björnsson).

Merkur „Stockholm 8034622“ þann 22. okt 1975 í Ottenby, Öland, Svíþjóð.

Múrsvölungur *Apus apus* (-,81+,3)

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Árviss að vor- og sumarlaga.

S-Múl: Neskaupstaður, 8. sept (Magnús Guðmundsson).

Rvík: Álflheimar, 20. maí (náð og merktur „927973“) (EP, ESH, JÓH ofl).

V-Skaft: Vík í Mýrdal, 12. júní (EÓ, GP).

Bakkasvala *Riparia riparia* (3,1,1)

Norðanverð Ameríka, Evrópa, Asía og norðanverð Afríka. – Mjög sjaldgæfur flæk-
ingur hér á landi.

S-Múl: Ormsstaðir í Eiðabíngahá, 21. maí
(Pórhallur Borgarsson).

Landsvala *Hirundo rustica* (-,128+,41)

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. –
Algeng á vorin og hefur orpið hér alloft. –
12. og 13. mynd.

Árn: Selfoss, 12. sept (ÖÓ ofl).

V-Barð: Örlygshöfn í Patreksfirði, 1. júní
(Thomas Alerstam, Johnny Karlsson).

Dal: Breiðabólstaður á Fellsströnd, 22. júní
(Ib Petersen).

N-Múl: Fremrihlíð í Vopnafirði, um 20. maí
☆ (Valur Guðmundsson).

S-Múl: Djúpvogur, sjö 25. maí (BB ofl).

Egilsstaðir, amk ein (í hópi fimm svala) í
júní (Porkell Porkelsson).

Stöðvarfjörður, 31. júlí (Svavar Ingólfsson).

Rang: Eystri-Skógar, A-Eyjafjallahr, þar
varp í júlí og kom upp fjórum ungum
(Vigfús Guðmundsson).

Rvík: Tjörninn, 20. maí (EÓ).

Skógræktin í Fossvogi, 28. ágúst (GP, KM
ofl).

Bárugata og nágr, 18.-28. okt (Árni Einars-
son, Sigrún Jónsdóttir).

Bræðraborgarstígur, fundin dauð 1. nóv
(var búin að sjást lifandi í nokkra daga)
☆ (Óli Guðmundsson).



12. mynd. Staðir þar sem landsvölur sáu-
st árið 1986 og fjöldi fugla. – *The distribution
and number of Hirundo rustica during
1986.*

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 18. maí, 5. júlí
(HB).

Svínafell í Öræfum, tvær 21.-22. maí (Jó-
hann Þorsteinsson).


Skaftafell í Öræfum, ein 8.-11. júní (EÓ,
GP, HB ofl), þrjár 12.-16. júní (ein merkt
þann 13. júní „927427“) (JG ofl).

V-Skaft: Vík í Mýrdal, amk þrjár 15. júní
(Gordon Wilson), ungf 13. sept (EP,
ESH, IG, JÓH).


Snæf: Ólafsvík, 27. maí (Paul E. Jönsson).

Strand: Hólmavík, 9. júní (BA).

Vestm: Heimaey, 4. maí ☆ (Kristján Egils-
son).



Landsvala
Hirundo rustica



Bæjasvala
Delichon urbica

13. mynd. Fjöldi land-
svala og bæjasvala sem
sást í hverri viku árið
1986. – *The histogram
gives the number of Hir-
undo rustica and Del-
ichon urbica seen each
week during 1986.*

N-Ping: Þórshöfn, 6. maí (Guðjón Gamal-
elsson).

Kópasker, þrjár 25. maí (GH, HeB, Þröstur Eysteinnsson).

S-Ping: Höfði í Mývatnssveit, þrjár 15. júní (Sigurður Blöndal).

Á sjó: Norðan Grímseyjar, byrjun júní ☆ (skv Steingrími Þorsteinssyni).

Bæjasvala *Delichon urbica* (-,99+,30)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Algeng á vorin og hefur orpið hér. – 13. og 14. mynd.

A-Barð: Flatey á Breiðafirði, 13.-18. júní (Ævar Petersen).

Eyf: Siglufjörður, fjórar 17. maí, þrjár 22. maí, tvær 26.-28. maí (Helgi Antonsson ofl).

Gull: Grindavík, þrjár 21. maí til 5. júní (tvær merktar þann 24. maí „917491-2“) (Óskar Sævarsson).

Reykjavesviti, 3. júní (Thomas Alerstam, Paul E. Jónsson).

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, fimm í maí ☆ (Anna Jónsdóttir).

S-Múl: Neskaupstaður, amk tvær 21.-27. maí (Magnús Guðmundsson).

Djúpivogur, tvær 25. maí (BB ofl).

Egilsstaðir, amk ein (í hópi fimm svala) í júní (Þorkell Þorkelsson).

Rvík: Kleppsvegur, 20.-27. maí (Sigurberg Bogason).

Bergþórugata, tvær 28. sept (Gerhard Ó. Guðnason).

Miklatún, tvær 4. okt (Björn Guðbrands-
son), sennilega sömu og við Bergþórugötu.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fjórar 21.-24. maí (Hilmar Árnason).

Svínafell í Örafum, 21. maí (Jóhann Þorsteinsson).

Skaftafell í Örafum, amk tvær 16. júní (Gordon Wilson).

S-Ping: Stórutjarnaskóli í Ljósavatnsskarði, 22.-26. maí (Sverrir Thorstensen).


Straumerla *Motacilla cinerea* (3,8,1)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sjaldgæfur flækingur.

Gull: Kópavogur, 22. nóv (við Lund) (BB, GH ofl).

Silkittoppa *Bombicilla garrulus* (-,54,9)

NA-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Stórir hópar flakka annað slagið út fyrir venju-



14. mynd. Staðir þar sem bæjasvölur sáust árið 1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Delichon urbica during 1986.*

bundin vetrarheimkynni, þ.á m. til Íslands. Stundum sjást einnig stakir fuglar hér á landi.

Eyf: Siglufjörður, ein 15. jan til 10. mars, önnur að auki 5.-7. febr (Guðbrandur Magnússon, Kristine Þorsteinsson, Örlýgur Kristinnsson ofl).

Gull: Kópavogur, 9. jan (við Hrauntungu) (HPH).

Hafnarfjörður, 18. jan (við Kvíholt) (Arnar Helgason, Eiður Skarphéðinsson).

Garðabær, 2.-30. mars (við Sunnuflöt og Móaföt) (Heimir Barðason, Stefán E. Stefánsson).

Rvík: Etv er aðeins um tvo fugla að ræða í öllum neðangreindum tilvikum, og líklega ekki fleiri en fimm:

Bergstaðastræti, fullu 16.-23. jan (Elsa Drageide ofl).

Sólvallagata, 23. jan (JÓH ofl).

Reynimelur, 6. febr (Gunnbjörn Berndsen).

Ásvallagata, 13.-17. febr (Unnur Ólafsdóttir, Þórarinn Eldjárn ofl).

Hringbraut, um 10. og 21. febr (Áslaug Sigurðardóttir).

Ármúli, 21.-24. febr (Árni Einarsson [B]).


Skógræktin í Fossvogi, 9. mars (BB, GH).

Hátún, 19. mars (Thor Eggertsson).

Grenimelur, 24. mars (Lúdvík Gizurarson).

S-Múl: Neskaupstaður, 12. jan (Nanna Pétursdóttir).

S-Ping: Húsavík, 25. jan til 2. febr (SG).



15. mynd. Fjöldi glóbrystinga sem sást í hverri viku árið 1986. – The histogram gives the number of *Erithacus rubecula* seen each week during 1986.

Runntítla *Prunella modularis* (10,3,2)

Evrópa og SV-Asía. – Sjaldgæfur flækingur. A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 26. apríl ☆ (BA).

Vestm: Heimaey, 4.-5. maí (Sigurgeir Sigurðsson).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula* (-,146,32)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Algengur flækingur. – 15. mynd.

Áin: Laugarás í Biskupstungum, maí (Jakob Hjaltason).

Selfoss, syngjandi 30. maí, syngjandi 21.-23. júlí, 17. nóv til 28. des (ÖÖ ofl).

Borg: Stálpastaðir í Skorradal, syngjandi 11. júní (Einar Lúðvíksson).

Eyf: Siglufjörður, 21.-24. okt (Guðrún Reykdal, P. Ragnar Jónasson).

Akureyri, 19. nóv til 31. des (við Grænumýri og Víðimýri) (Jón Tryggvason ofl).

Gull: Hafnarfjörður, fyrri hluti vetrar 1985 til 1986 (Unnur Einarsdóttir, sjá einnig skýrslu 1985).

Garðabær, 30. apríl (við Víðilund) (Sigurður Blöndal).

A-Hún: Blönduós, 30. nóv til jan 1987 (Kristinn Pálsson).

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, apríl (Ólafur Aðalsteinsson).

Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, 20.-23. apríl, um 10.-29. des (Þórarinn Haraldsson).

S-Múl: Djúpvogur, tveir 13. maí (Sigurður Ægisson).

Lindarbrekka í Berufirði, sept til vors 1987 (Erlingur Gunnarsson).

Hafranes í Reyðarfirði, 14. des (PL).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 22. mars til 3. apríl (EP ofl).

Kvísker í Örfum, 30. apríl til 12. maí, 15. nóv, 27. des (HB).

Fagurhólmýri í Örfum, 1. okt (HB).

Vestm: Heimaey, 8. maí (Viktor Sigurjónsson).

N-Fing: Ásbyrgi í Kelduhverfi, tveir syngjandi 25. maí til 23. júní (ESH, Ib Petersen, JBH, Ólafur K. Nielsen, Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen ofl).

Kópasker, 17. nóv (Jón Grímsson).

S-Fing: Húsavík, syngjandi 30. apríl til 13. maí (Pröstur Eysteinnsson ofl), 15. nóv, 24. nóv ☆, tveir 28. nóv (annar tekinn í föstur), einn 1. des, tveir um 9. des, einn 29. des til 31. mars 1987 (Hjörtur Tryggvason, SG, Stefán Sveinbjörnsson, Örn Jensson ofl).

Héðinshöfði á Tjörneshöfði, um 12. nóv (skv Jóhannesi Björnssyni).

Ytritunga á Tjörneshöfði, 19. til um 22. nóv (Jóhannes Björnsson).

Hafrælækur í Aðaldal, 23. nóv ☆ (Þórhallur Ásgrímsson).

Blábrystingur *Luscinia svecica* (4,2,1)

Norðanverð Skandinavía, Mið- og A-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrrahafs. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Útskálar í Garði, karlf 6. okt (KM).

Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus*

(-,25,1)

Evrópa og Asía. – Allalgengur haustflækingur.

Gull: Sandgerði, kvenf 1.-2. okt ☆ (EP, ESH, ÓE ofl).

Dulpröstur *Catharus guttatus* (3,2,2)

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi sem annars staðar í Evrópu.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, 26. sept (IG).

Gull: Garðskagi, 15. okt ☆ (ESH, HÓ, ÓE), 16. og 17. mynd.

Svartpröstur *Turdus merula*

Evrópa, NV-Afríka og sunnanverð Asía. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Eftirfarandi athuganir



16. og 17. mynd. Dulþröstur *Catharus guttatus*. Garðskagi, 15. október 1986. Ljós. Ólafur Einarsson.

eru frá 1. sept 1985 til 31. ágúst 1986. – 18. og 19. mynd.

Árn: Selfoss, 31. mars til 21. apríl (ÖÓ ofl).

V-Barð: Lambavatn á Rauðasandi, kvenf/ungf 3. nóv (Tryggvi Eyjólfsson).

Eyf: Siglufjörður, karlf 18. jan til 11. mars, kvenf 18. febr til 11. mars (Guðrún Reykdal, Þ. Ragnar Jónasson, Örlygur Kristfinnsson).

Gull: Garðabær, fullu karlf 30. okt (við Lindarflöt) (Bragi Hlíðberg).

Hvaleyrarholt í Hafnarfirði, karlf 29. des (Sigurður Helgason).

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, vor 1986 (Anna Jónsdóttir).

S-Múl: Eskifjörður, tveir kvenf/ungf 13. sept, ungur karlf 14.-15. jan (PL ofl).

Neskaupstaður, ellefu veturinn 1985/86, einn kvenf fram í miðjan maí (Magnús Guðmundsson).

Eiðar, 10. jan til 7. febr (Ómar Á. Ingvason).

Hallormsstaður, karlf og kvenf snemma árs 1986 (Björn Björnsson).

Egilsstaðir, kvenf/ungf 7.-12. nóv, 10. og 31. des (Elís B. Eiríksson), fullu karlf 21. mars (Gerhard Ó. Guðnason).

Djúpivogur, kvenf 11. júní (HB).

Papey, karlf 4. ágúst (Sigurður Ægisson).

Rvík: Laufásvegur, ungur karlf í seinni hluta des til febr (Magnús Aðalsteinsson).

Bergstaðastræti/Fjölnisvegur, ungur karlf 22. jan (EP, ÓE).

Skógræktin í Fossvogi, fullu karlf, fullu kvenf, ungur karlf og tveir ungrir kvenf


27. okt (sjá skýrslu 1985), kvenf 14. des (við Lund í Kópavogi), ungur karlf 3.-31 mars, fullu karlf frá 3. apríl til 22. des 1986 (syngjandi til 18. júlí, sennilega sami fugl og í mars, en nef hans var farið að gulna um miðjan mánuðinn), 20. mynd. Kvenf sást fyrst 3. ágúst ásamt fleygum unga. Höfðu svartþrestirnir því orpið. Amk þrír kvenf/ungf 8. sept 1986, en 27. okt 1986 sáust (auk fullu karlf) fullu kvenf, ungur karlf og tveir ungrir kvenf. Sennilega hefur parið því komið upp þremur ungum (ýmsir). Fullu karlf að auki 7. júní til amk 24. júlí (HÞH), sennilega sami og í Læknisgarði.

Grenimelur, 26. mars (Lúdvík Gizurarson).

Eskihlíð, kvenf 13. apríl (BB).



18. mynd. Staðir þar sem svartþrestir sást frá 1.9.1985 til 31.8.1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Turdus merula between 1.9.1985 and 31.8.1986.*



19. mynd. Fjöldi svartþrasta og gráþrasta sem sást í hverri viku milli 1.9.1985 og 31.8.1986. – The histogram gives the number of *Turdus merula* and *Turdus pilaris* seen each week between 1.9.1985 and 31.8.1986.

Ártúnsbrekka, syngjandi karlf frá miðjum apríl til 18. maí (GP ofl), syngjandi karlf 8.-10. júní (Árni J. Óðinsson, ÓE ofl), Læknisgarður í Fossvogi, syngjandi karlf 7.-18. júní (HÞH, Steinar Björgvinsson ofl).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, amk einn kvenf 23. nóv til 20. des, tveir kvenf 20. des til 7. mars, einn kvenf til 12. maí (BÞ, EP), einn karlf 20. des til 22. febr, tveir karlf 26. febr til 22. mars, einn karlf 25. mars, einn karlf 24. júlí til ársloka 1986. Fullu karlf og kvenf 9. júní í Einarslundi (EÓ, GP, HB).

Kvísker í Öræfum, kvenf 11.-12. des, kvenf 5.-11. maí, karlf 11. maí, einn 12. júlí (HB).

Svínafell í Öræfum, tveir 15.-31. des (Jóhann Þorsteinsson).

Reynivellir í Suðursveit, 20. apríl ☆ (BA). Skaftafell í Öræfum, 3. maí (JG).

N-Fing: Ásbyrgi í Kelduhverfi, syngjandi karlf 25. maí (ESH, Ib Petersen, JBH, Ólafur K. Nielsen, Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen), einnig 22.-29. júní (Gordon Wilson ofl).

S-Fing: Húsavík, 30. nóv (Þórhallur Ásgrímsson).

1984-1985:

Árn: Stokkseyri, ungur karlf 30. des 1984 (JBH, Kristinn H. Skarphéðinsson).

Gull: Kalmanstjörn sunnan Hafna, ungur karlf 30. des 1984 (Steinar Björgvinsson, Ævar Petersen).

Keflavík, kvenf 30. des 1984 (GP).

S-Múl: Lagarfljót við Egilsstaði, tveir 30. des 1984 (Skarphéðinn Þórisson).

Gráþröstur *Turdus pilaris*

Evrópa til Mið-Asíu, SV-Grænland. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og verpur annað lagið hér á landi. Eftirfarandi athuganir eru frá 1. sept 1985 til 31. ágúst 1986. – 19. og 21. mynd.

Árn: Selfoss, 8-14. nóv (við Fagurgerði) (ÖÖ), 10. nóv (við Þóristún) (GH, GP, KM).

Laugarás í Biskupstungum, 25. nóv, 10. des, 10. febr, 2. mars til 7. apríl (IG).

Hveragerði, 26. apríl (Ian Francis).

Eyf: Akureyri, 2. jan (við Hamarsstíg) (GP).

Gull: Seltjörn í Njarðvík, 9. nóv (GH, GP, GP), 23. nóv (BB, GH).

Útskálar í Garði, 9. nóv (GH, GP, GP).

Hafnarfjörður, 3. des (við Norðurkot) (Steinar Björgvinsson).

S-Múl: Egilsstaðir, 5.-7. des, 31. des (Elís B. Eiríksson).

Rvík: Langhóltsvegur, 21. des (Steinunn Ólafsdóttir, Þorleifur Einarsson).

Vatnsmýri, 15. apríl (BB).

Grenimelur, 24. apríl (Sigurður Helgason).

Læknisgarður í Fossvogi, par með þrjá unga í hreiðri 25. maí (skv Árna Waag Hjalmarssyni), par og einn nýfleygur ungi 3. júní, par og amk tveir fleygir ungar 7. og 11. júní (ýmsir).

Skógræktin í Fossvogi, 9. mars, 23. mars



20. mynd. Svartþröstur *Turdus merula*. Syngjandi karlfugl í Skógræktinni í Fossvogi, Reykjavík, 26. maí 1986. Ljós. Erling Ólafsson.

(KM), 2. apríl (HPH), 14.-17. júlí (HPH, Steinar Björgvinsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, tveir 23. okt, tveir 17. nóv, einn 1.-19. maí (HB).

Skaftafell í Örafum, tveir 3. maí (JG).

Höfn í Hornafirði, tveir 12.-14. maí, einn 15. maí (BP, EP).

Vestm: Heimaey, tveir 8. nóv (Sigurgeir Sigurðsson).

S-Ping: Héðinshöfði á Tjörnesi, 3.-4. maí (Jóhannes P. Jóhannesson).

Höfði í Mývatnssveit, par varp, hreiður með þremur eggjum 18. júní, fjögur egg 19. júní, tveir ungar og þrjú egg 5. júlí, þrjú egg og hreiður yfirgefið 8. júlí (Sverrir Thorstensen).

Söngþröstur *Turdus philomelos* (-,86,5)

Evrópa, V- og Mið-Asía. – Árviss að haust- og vetrarlagi.

Arn: Selfoss, 28. mars til 6. apríl, 30. nóv til 1987 (ÓÓ ofl), 22. mynd.

Gull: Hafnir, 23. nóv til 28. des (BB, GP, GP ofl).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 18.-24. nóv, einn fundinn dauður 22. des ☆ (HB).

Mistilþröstur *Turdus viscivorus* (10,12,3)

Evrópa (nema nyrst í Skandinavíu) og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22.-30. nóv, þá fundinn aðframkominn ☆ (HB).

S-Fing: Húsavík, einn snemma í okt, tveir 15. nóv (Hjörtur Tryggvason).

Garðsöngvari *Sylvia borin* (-,109,3)

Evrópa og Mið-Asía. – Árviss haustflækingur.

Gull: Hafnir, 27. sept (GP, GP, HPH, KM).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 5.-7. okt (BP, EP).

Kvísker í Örafum, 3. okt (HB).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla* (-,358+,9)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Mjög algengur haustflækingur.

Eyf: Dalvík, karlf og kvenf mars til maí (Steingrímur Þorsteinsson).

Siglufjörður, kvenf 23. okt til 8. des, annar kvenf 28. okt til 8. nóv, karlf 28. okt til 6. nóv (Örlygur Kristfinnsson ofl).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf 5. okt (BP, EP).


Kvísker í Örafum, karlf 16. okt (HB).

V-Skaft: Hraungerði í Álftaveri, 2.-4. okt (Þórarinn Eggertsson).


Strand: Hólmavík, kvenf 29. okt (BA).

1984:

Rvík: Langholtsvegur, ungar karlf 8. nóv 1984 (merktur „924593“) (EP).



21. mynd. Staðir þar sem gráprestir sáust frá 1.9.1985 til 31.8.1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Turdus pilaris between 1.9.1985 and 31.8.1986.*



22. mynd. Söngbröstur *Turdus philomelos* ásamt skógarpresti *Turdus iliacus*. Selfoss, 5. apríl 1986. Söngbrösturinn er aftari fuglinn. Ljósm. Örn Óskarsson.

Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*

(-,9,3)

N- og Mið-Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur.

Árn: Selfoss, 24.-25. okt (ÖÓ ofl), 23.
mynd.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tveir 5.-6. okt
(BP, EP).

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*

(-,210,17)

Evrópa og Asía. – Algengur haustflæk-
ingur.

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, 14. nóv ☆
(Örn Þorleifsson ofl), sjá einnig ógreinda
söngvara.

Bóndastaðir í Hjaltastaðabíngahá, tveir 12.
nóv ☆ (Elís B. Eiríksson).

S-Múl: Geithellnar í Álftafirði, fundinn
dauður 3. nóv ☆ (Sigurður Ægisson).

Eiðar í Eiðabíngahá, 20. nóv ☆ (Eyþór Ól-
afsson).



23. mynd. Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*. Selfoss, 25. október 1986. Ljósm. Örn Óskarsson.

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 2.-5. maí (HB),
einn 2. nóv, fjórir 3. nóv 2★, fjórir 4.
nóv, þrír 6. nóv, tveir 8. nóv, einn 14.
nóv, tveir 15. nóv, einn 27. nóv (HB).
Borg á Mýrum, des ★ (Sigurður Guðjóns-
son).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*

(-,93,4)

Evrópa og norðanverð Asía. – Algengur
haustflækingur.

Eyf: Akureyri, syngjandi 6. júlí (við Aðal-
stræti) (Rainer Schütt).

Dal: Skarð á Skarðsströnd, um 10. okt ★
(PL), merktur 18. sept 1986 („Brit. Mus.
SH3663“) á Isle of May, Skotlandi.

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 26.-27. sept
(HB).

Á sjó: Um 150 sjóm N Grímseyjar (69°N,
17°V), 15. okt ★ (Aðalbjörg Erlendsdótt-
ir).

Ógreindir *Phylloscopus söngvarar*

Hér er um að ræða gran- eða laufsöngvara,
sem ekki tókst að greina til tegundar. sum-
um tilvikum er þess getið hvaða tegund fugl-
inn var talinn vera.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, 30. sept
(IG).

Selfoss, „grans“ 14.-16. okt, einn að auki
16. okt (ÖÖ).

Gull: Flankastaðir á Miðnesi, 5. okt (EÓ).

Hái-Bjalli á Vatnsleysuströnd, 12. okt
(GH, HeB).

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, amk 20
„grans“ 14. nóv, um 70 „grans“ 15. nóv
(Elsa Árnadóttir, Örn Þorleifsson).

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 18. okt (HB).

S-Fing: Húsavík, „laufs“ 20. sept (SG).

Glókollur *Regulus regulus* (-,39,3)

Evrópa og slitrótt í Asíu. – Allalgengur flæk-
ingur.

Borg: Brenna í Lundarreykjadal, 2.-9. maí
(Jón Böðvarsson).

N-Múl: Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, 20.-21.
apríl (Þórarinn Haraldsson).

S-Fing: Saltvík við Skjálfanda, kvenf 1. maí
(við Skeglubjarg) (GH, SG ofl).

Grágrípur *Muscicapa striata* (-,21,3)

N-Afríka og Evrópa austur í Mið-Asíu. –
Allalgengur flækingur hér á landi.

Árn: Selfoss, 14.-18. okt (ÖÖ).



24. mynd. Gráspör *Passer domesticus*. Hof í
Öræfum, karlfugl, 9. júní 1986. Ljósm. Erl-
ing Ólafsson.

Gull: Sandgerði, 27. sept til 5. okt (GP, GP,
HPH, KM ofl).

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 26.-30. sept ★
(HB).

Peðgrípur *Ficedula parva* (8,1,1)

Mið- og A-Evrópa, SV-Asía til Kyrrahafs. –
Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Árn: Reykholt í Biskupstungum, 18. nóv
(IG).

Flökkugrípur *Ficedula hypoleuca* (-,11,2)

Evrópa austur í Mið-Asíu og N-Afríka. –
Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Garðskagi, 5. okt ★ (EÓ).

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 26. sept til 4.
okt (HB).

Laufglói *Oriolus oriolus* (4,2,0)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sjaldgæfur
flækingur.

1984:

A-Skaft: Jökulsá í Lóni, fullu karlf fundinn



25. mynd. Bókfinkur *Fringilla coelebs*, karlfugl (til vinstri) og kvenfugl (til hægri). Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

dauður í mars 1984 ☆ (Jóna K. Freysteinsdóttir).

Dvergkráka *Corvus monedula* (93,12,0)
Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Allalgengur flækingur.

Vestm: Heimaey, ein frá 1984 var allt árið 1986 (Sigurgeir Sigurðsson ofl), sjá einnig skýrslu 1985.

Bláhrafn *Corvus frugilegus* (-,48,1)
Evrópa og Asía. – Algengur flækingur hér á landi, en mikil áraskipti að komum þeirra.
S-Þing: Reynihlíð í Mývatnssveit, um 10. maí ☆ (Haukur Aðalgeirsson).

Grákráka *Corvus corone cornix* (-,22,2)
Evrópa og Asía. – Grákrákur sjást alloft hér á landi.
A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 22. febr (EP, Páll H. Benediktsson), 7. sept (EP).

Gráspör *Passer domesticus* (-,3,0)

Upphafleg heimkynni: Evrópa og N-Afríka, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Fremur sjaldgæfur flækingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum.

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, kvenf, sem sést hafði amk frá 1981, sást síðast 10. júní 1986 (Ólafur Aðalsteinsson), sjá einnig fyrri skýrslur.

A-Skaft: Hof í Örafum, amk fimm karlf og sex kvenf frá 1985 til 25. febr, 20-30 fuglar, amk tveir fleygir ungar og 5 hreiður 8.-11. júní, 24. mynd, um 40 fuglar um haustið, fækkaði um helming í nóvember (Sigrún Sæmundsdóttir ofl), sjá einnig skýrslu 1985.

Bókfinka *Fringilla coelebs* (-,219,6)

Evrópa, N-Afríka og V-Asía. – Algengur flækingur og varp hér í fyrsta sinn árið 1986. – 25. mynd.

Gull Hafnarfjörður, karlf seint í okt til 27. nóv (Unnur Einarsdóttir).

Rvík Skógræktin í Fossvogi, karlf 12. maí, kvenf 13. maí, einn ókyngur 15.-16. maí, kvenf/ungf 11. ágúst, kvenf og einn ungi 23. ágúst, kvenf, tveir ungar og einn ókyngur 27. ágúst, kvenf og tveir ungar til 9. sept, tveir ókyngur 12. sept, einn ókyngur 19. sept (ýmsir), sjá einnig Blika 5: 1-2.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, tveir kvenf 29. apríl til 3. maí, annar þeirra til 28. maí (HB), ein ókyngur 8. júní (EÓ, GÞ).

Höfn í Hornafirði, kvenf 5.-6. maí (EP).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

(-,347,50)

N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrrahafs. – Algeng vor og haust og hefur orpið hér nokkur undanfarin ár. – 26. og 27. mynd.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, syngjandi karlf 2.-3. maí (IG).

Svínahlíð í Grafningi, par 2.-3. júní (HÞH. Steinar Björgvinsson), syngjandi karlf og fimm nýdauðir ungar í hreiðri 22. júní (GÞ, HÞH, ÓE).

Miðdalur í Laugardal, par og hreiður með fimm ungum 22. júní (GÞ, HÞH, ÓE).

Þingvallabær, syngjandi karlf 22. júní (GÞ, HÞH, ÓE).

Selfoss, syngjandi karlf 26.-28. júní (ÖÓ ofl).


Gull: Kópavogur, karlf 17. jan (við Álfhólsvæg) (BB).

Garðabær, 25. júní (við Markarflöt) (Sigurður H. Richter).

V-ísf: Tunguskógur í Skutulsfirði, par við hreiðurgerð 17. júní, egg í hreiðri 26. júní (Einar Lúdvíksson).

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, par um voríð (Anna Jónsdóttir).

Hákonarstaðir á Jökuldal, ein 4.-9. maí, ein 27. okt (Gréta D. Þórðardóttir, Páll



26. mynd. Staðir þar sem fjallafinkur sást árið 1986 og fjöldi fugla. – *The distribution and number of Fringilla montifringilla during 1986.*

H. Benediktsson).

S-Múl: Neskaupstaður, tvö pör 27.-29. apríl (Magnús Guðmundsson).

Djúpivogur, ungar kvenf fannst dauður 8. okt ☆ (Ingþór Sigurðsson, Unnsteinn Guðjónsson).


Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, par í lok apríl, par og fjórir ungar um sumarið, sáust fram í nóv (Jón Einarsson).

Tumastaðir í Fljótshlíð, tveir karlf 17. maí, syngjandi karlf 3.-22. júní (ESH, EP, HÞH, IG, JÓH ofl).

Múlatot í Fljótshlíð, karlf og ókyngur 17. maí, syngjandi karlf 6. júní (ESH, EP, HÞH, IG, JÓH ofl).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, karlf 7. mars, karlf 5. maí, par 8. maí, sást til amk 12. sept, hreiður með 7 vikugömlum ungum fundið 9. júní (merktir „927974-80“), þrír ungar í hreiðri 13. júní, fjórir ungar utan hreiðurs 16. júní, þrír fleygir ungar 18. júní, sást til 12. sept, einn ógr fugl 19. sept, heyrð í fuglum 25. sept. Auk parsins var einn syngjandi karlf 9. maí, þrír syngjandi karlf 12. maí til 9. júní og einn syngjandi karlf til 18. júlí (ýmsir).

Grasagarðurinn í Laugardal, karlf 11.-12.



27. mynd. Fjöldi fjallafinka sem sást í hverri viku árið 1986. – *The histogram gives the number of Fringilla montifringilla seen each week during 1986.*



28. mynd. Fjallafinka *Fringilla montifringilla*. Syngjandi karlfugl í Læknisgarði í Fossvogi í Reykjavík, 9. júní 1986. Ljós. Erling Ólafsson.

maí (Þorsteinn Einarsson), syngjandi karlf 21. júní (ÖÓ).

Ártúnsbrekka, par 18. maí til 21. júní, hreiður með átta ungum 17. júní, fimm ungar í hreiðrinu 21. júní (GP ofl).

Læknisgarður í Fossvogi, syngjandi karlf 26. maí til 18. júní (Árni W. Hjálmarsson, EÓ ofl), 28. mynd.

Hljómskálagarður, syngjandi karlf 13. júní (Gordon Wilson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf 14. jan til 30. mars, karlf 23.-24. apríl, karlf 26. okt til 1. nóv (EP ofl).

Kvísker í Örafum, þrír karlf 29. apríl, fimm karlf 30. apríl, karlf 1. maí, karlf 4. maí, þrír karlf og kvenf 7. maí, karlf 11.-12. maí, kvenf 15. maí, karlf 26. maí (HB), syngjandi karlf 8. júní (EÓ, GP), karlf 7. júlí, kvenf 9. okt (HB).

N-Ping: Raufarhöfn, par 3.-11. maí (Jón Magnússon).

S-Ping: Vagnbrekka í Mývatnssveit, karlf 13. maí (Egill Freysteinnsson).

Höfði í Mývatnssveit, syngjandi karlf 17. maí (GH, HeB ofl).

Barrfinka *Carduelis spinus* (-,35,1)

Slitrótt í Evrópu og Asíu. – Allalgengur flækjngur hér á landi.

A-Skaft: Brunnar í Suðursveit, fundin dauð 4. maí ☆ (BA).

Krossnefur *Loxia curvirostra* (-,344+,1)

Evrópa, Asía og N-Ameríka. – Krossnefir flakka annað lagið langt út fyrir heimkynni sín og koma þá stundum hingað til lands í stórum hópum.

S-Múl: Egilsstaðir, þrír 12. jan (Völundur Jóhannesson), sjá einnig skýrslu 1985.

Einnig karlf 31. des (Völundur Jóhannesson, Skarphéðinn Þórisson).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, einn frá 1985 til 19. jan 1986 (GH), sjá einnig skýrslu 1985.

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

(-,30+,5)

Skandinavía, íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. – Óreglulegur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu.

V-Barð: Látravík, karlf 3. júní (AG, OE ofl).

Gull: Stafnes á Miðnesi, karlf 12. okt (EÓ).

Fuglavík á Miðnesi, karlf 25. okt (KM).

Útskálar í Garði, 9. nóv (BB, GH).

Garðabær, 16. nóv (BB).

Leiðréttingar Corrections

Snjógæs *Anser caerulescens*

1984:

Mýr: Pverholt á Mýrum, „blágæs“ um 25. sept 1984 (Sigurgeir Sigurgeirsson). Sagður ranglega hafa sést við Langholt í skýrslu 1984 (Bliki 5: 26).

Korpönd *Melanitta fusca*

1985:

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, karlf 8.-21. okt 1985 (GH, SG). Fyrri dagsetningu vantaði í skýrslu 1985 (Bliki 6: 42).

Fjallvákur *Buteo lagopus* (3,4,0)

1983:

Á sjó: Um 20 sjóm A af Langanesi, N-Ping, settist aðframkominn á bát 18. maí 1983, hafður í haldi til um 30. maí, er hann dó ☆ (Willard Helgason). Birtur í skýrslu

1985, en þar vantaði ártalið 1983 (Bliki 6: 43). *This record, published in the 1985 report, was from 1983, but not 1985 (Bliki 6: 43).*

Athugendur

Aðalbjörg Erlendsdóttir, Aðalgeir Egilsson, Anna Björnsdóttir, Anna Jónsdóttir, Arnar Helgason, Árni Einarsson, Árni Einarsson [B], Árni J. Óðinsson, Árni W. Hjálmarsson, Árni Sædal, Arnþór Garðarsson (AG), Áskell Jónasson, Áslaug Sigurðardóttir, Auðunn Haraldsson.

Benedikt Þorsteinsson (BP), Björn Arnarson (BA), Björn Björnsson, Björn Guðbrandsson, Bragi Hlíðberg, Brynjúlfur Brynjólfsson (BB).

Egill Freysteinnsson, Eiður Skarphéðinsson, Einar Lúdvíksson, Einar P. Garðarsson, Einar O. Guðmundsson, Einar Þorleifsson (EP), Elínborg Pálsdóttir (EP), Elís B. Eiríksson, Elsa Árnadóttir, Elsa Drageide, Erlendur Arnarson, Erling Ólafsson (EO), Erlingur Gunnarsson, Erpur S. Hansen (ESH), Eyjólfur Arthúrssón, Eyþór Ólafsson.

Fríðjón Guðrøðarson, Fríðrik D. Arnarson, Frímann Frímannsson.

Garðar Einarsson, Gaukur Hjartarson (GH), Gerhard Ó. Guðnason, Gísli Sigurðsson, Gordon Wilson, Gréta D. Þórðardóttir, Grímur Bjarnason, Guðbrandur Magnússon, Guðjón Gamalielsson, Guðmundur K. Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Guðmundur Theódórsson, Guðrún Reykdal, Gunnar Björnsson, Gunnar Halldórsson, Gunnar Jónsson, Gunnar Kristinsson, Gunnbjörn Berndsen, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GP).

Hafberg Þórisson, Hafþór Hafsteinsson, Hálf dán Björnsson (HB), Halldór Gunnarsson, Halldór W. Stefánsson, Hallgrímur Helgason, Hallgrímur Jónsson, Hannes P. Hafsteinsson (HPH), Harold A. Connor, Haukur Aðalgeirsson, Haukur Hreggvíðsson, Heimir Barðason, Helgi Antonsson, Hermann Barðarson (HeB), Hermann Ingólfsson, Hilmar Árnason, Hilmar Pálsson, Hjörtur Tryggvason, Hlynur Óskarsson (HÓ), Hrafnkell Gíslason.

Ian Francis, Ib Petersen, Ingólfur Guðnason (IG), Ingþór Sigurðsson.

Jakob Guðlaugsson (JG), Jakob Hjaltason, Johan Almqvist, Jóhann Þorsteinsson, Jóhann Ó. Hilmarsson (JÓH), Jóhannes Björnsson, Jóhannes P. Jóhannesson, John C. Eaton, Johnny Karlsson, Jón Böðvarsson, Jón Grímsson, Jón B. Hlíðberg (JBH), Jón Magnússon, Jón S. Ólafsson, Jón H. Sigurbjörnsson, Jón Tryggvason, Jóna K. Freysteinsdóttir, Jónas Sigurðarson, Jörgen-Bent Thompson.

Kjartan Magnússon (KM), Kristine Þorsteinsson, Kristinn Pálsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Kristján Arnarson, Kristján Egilsson, Kristján Finnsson, Kristján Lilliendahl (KL).

Leifur Guðmundsson, Lúdvík Gizurarson.

Magnús Aðalsteinsson, Magnús Guðmundsson, Magnús Magnússon, Magnús Pálsson, Maríus Arthúrssón, Matthías Lýðsson.

Nanna Pétursdóttir.

Ólafur Aðalsteinsson, Ólafur Andrésson, Ólafur E. Einarsson, Ólafur Einarsson (OE), Ólafur K. Nielsen, Ólafur Torfason, Óli Guðmundsson, Ómar Á. Ingvason, Ómar Ö. Jónasson, Ómar Ormarsson, Óskar Bjarnason, Óskar Sævarsson.

Páll H. Benediktsson, Páll Leifsson (PL), Pálmi Ragnarsson, Paul E. Jönsson.

Rainer Schütt, Ragnar Aðalsteinsson, P. Ragnar Jónasson, Ragnar Þórsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Robert Mumford, Ron Summers, Rut Magnúsdóttir.

Sævar Guðjónsson, Sigrún Jakobsdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Sigrún Sæmundsdóttir, Sigurberg Bogason, Sigurgeir Sigurgeirsson, Sigurgeir Sigurðsson, Sigurður Aðalsteinsson, Sigurður Blöndal, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson (SG), Sigurður Helgason, Sigurður H. Richter, Sigurður Ægisson, Skarphéðinn Þórisson, Steen M. Fríðriksson, Stefán Stefánsson, Stefán Sveinbjörnsson, Steinar Björgvinsson, Steingrímur Þorsteinsson, Steinunn Ólafsdóttir, Svavar Ingólfsson, Sveinn T. Sveinsson, Sveinn Tryggvason, Sverrir Aðalsteinsson, Sverrir Thorstensen, Sverrir Vilhjálmsson.

Thomas Alerstam, Thor Eggertsson, Tómas Sigurgeirsson, Tryggvi Eyjólfsson, Tryggvi Harðarson.

Unnsteinn Guðjónsson, Unnur Einarsdóttir, Unnur Ólafsdóttir.

Valur Guðmundsson, Viðir Sigurbjörnsson, Vigfús Guðmundsson, Viktor Sigurjónsson, Vilhjálmur Albertsson, Vilhjálmur Sigtryggsson, Vöundur Jóhannesson.

Willard Helgason.

Þórarinn Eggertsson, Þórarinn Eldjárn, Þórarinn Haraldsson, Þórhallur Borgarsson, Þórhallur Ásgrímsson, Þorkell Þorkelsson, Þorleifur Einarsson, Þorsteinn Einarsson, Þorsteinn Þórðarson, Þorvaldur Björnsson, Þröstur Eysteinnsson.

Ævar Petersen.

Órlygur Kristfinnsson, Örn Þorleifsson, Örn Jensson, Örn Óskarsson (ÖÖ).

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1988. Sjaldgæfir fuglar á Ísland 1985. Bliki 6: 33-68.

Gunnlaugur Þráinsson 1989. Fjallafinkuvarp 1986. Bliki 7: 67.

Kjartan G. Magnússon 1986. Bókfinka kemur upp ungum á Íslandi. Bliki 5: 1-2.
 Veðráttan, maí 1986.
 Voous, K.H. 1977. List of Recent Holarctic Bird Species. British Ornithologists' Union.
 Ævar Petersen 1989. Vepjuvarp í Eyjafirði 1986. Bliki 7: 65-66.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1986

This report for 1986 lists 78 vagrant species in Iceland. They have been accepted by the local rarities committee. A few records from previous years and corrections, are also included. The number of species in this report is somewhat less than in previous ones (88-101 in 1979-1985, except 72 in 1983). This is mainly due to lack of passerines from Europe during the autumn.

Ardea cinerea was reported from unusually many places. A few *Bombycilla garrulus* turned up in January and February, a few *Vanellus vanellus* in March and April, and some *Erithacus rubecula* in spring. Unusually many *Larus minutus* were seen. *Turdus merula*, but especially *Turdus pilaris*, were rare in winter 1985-86 compared to the previous winter, but *Fringilla montifringilla* was more common in spring than usual, resulting in several successful breeding attempts. Several *Calcarius lapponicus* showed up in SW Iceland in October and November.

No new species was recorded in 1986, probably for the first time in some 50 years.

Among very rare species seen were *Polysticta stelleri* and *Falco subbuteo* (second records of both species), *Tryngites subruficollis* and *Riparia riparia*. Other rare species included *Cygnus columbianus bewickii*, *Tringa flavipes*, *Motacilla cinerea*, *Leuciscia svecica*, *Catharus guttatus* and *Ficedula parva*.

Unusually many irregular breeding species nested successfully in 1986. *Hirundo rustica* bred in S Iceland and raised four young. Pairs of *Turdus merula* and *Turdus pilaris* bred and raised young in Reykjavík, and another pair of *Turdus pilaris* bred in N Iceland. A small colony of *Passer domesticus* has become established on a farm in SW

Iceland since a pair started nesting there in 1985. A pair of *Fringilla coelebs* bred in Reykjavík and raised at least two young, for the first time in Iceland (see Kjartan G. Magnússon 1986). *Fringilla montifringilla* bred at four localities in SW Iceland and Reykjavík, at one locality in S Iceland, and a nest was found in NW Iceland. Singing males were seen at several other localities (Gunnlaugur Fráinsson 1989). Singing *Erithacus rubecula* males were seen at four localities, but the breeding of this species in Iceland has not yet been verified. One *Vanellus vanellus* nest was found in N Iceland in the summer, but only a single bird was seen, and there was no likelihood of a successful breeding attempt (Ævar Petersen 1989).

For every record on the species list the following details are given: (1) county (abbreviated in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parentheses), (7) publication, if applicable.

The three numbers in parentheses after each species name indicate, respectively, (1) the total number of birds seen in Iceland before 1979, (2) in the period 1979-1985, and (3) in 1986 (the present report). In most cases, the number of birds recorded before 1979 has not yet been compiled and is thus indicated by a bar (-). A plus sign (+) after a number indicates additional unestimated numbers of birds. For a few rather common vagrants and winter visitors no figures are given. The report includes records of *Turdus merula* and *Turdus pilaris* from 1st September 1985 to 31st August 1986.

The following abbreviations are used: karlf = male, kvenf = female, fullu = adult, ungf = immature, fundinn dauður (or fundin dauð) = found dead, ☆ = collected or found dead, i.e. species identification confirmed by a specimen.

Data from the last report is used in preparing histograms and distribution maps for some of the winter visitors.

Gunnlaugur Pétursson, Galtlandi 21, 108 Reykjavík.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Fuglalíf í Seley við Reyðarfjörð

Inngangur

Seley við Reyðarfjörð er sögufræg verstöð, en fáir hafa lagt leið sína þang-að í marga áratugi. Í þessari grein fjöl-lum við um tvær fuglaskoðunarferðir til Seleyjar, sumurin 1983 og 1984 og rekj-um það sem vitað er um fugla í eyinni frá fyrri tíð.

Seley komst snemma í eigu kirkjunn-ar, eins og flestar stærstu verstöðvar landsins (sbr. Lúðvík Kristjánsson 1983: 93-94). Hólmakirkja í Reyðarfirði átti öll hlunnindi eyjarinnar um aldir og hafði drjúgar tekjur af uppsátursgjöld-um auk arðs af eggjum og dúni. Hin seinni ár hefur séra Davíð Baldursson á Eskifirði nýtt að þarvarpið, en Geir Hólm á Eskifirði hefur hirt um það. Við færum Geir bestu þakkir fyrir að flytja okkur til Seleyjar og veita okkur marg-víslegar upplýsingar um eyjuna og fugla-líf hennar.

Brot úr sögu Seleyjar og lýsing hennar

Frá ómunatíð og fram til um 1920 var Seley aðalverstöð Reyðfirðinga og stærsta útverið á Austurlandi. Þaðan voru aðallega stundaðar hákarla-, lúðu-og skötuveiðar. Allt að 16 bátar (4 og 6 manna för) voru gerðir út frá Seley. Verskálar, en það voru hýbýli ver-manna í Seley kölluð, voru álíka margir og bátarnir. Vertíðin í Seley byrjaði oft-ast í seinni hluta apríl og stóð fram í júlí. Stundum var þó legið við frá miðj-um mars fram í október (Ásmundur Helgason 1949, Lúðvík Kristjánsson 1982).

Á seinni hluta 19. aldar geymdu bændur á Karlsskála fé í Seley (Ás-mundur Helgason 1946). Þá heyjuðu

Eskfirðingar þar á kreppuárunum, 1930-1940, (Ármann Halldórsson 1976: 141), en einu nytjarnar af Seley nú á tímum er æðarvarpið.

Seley liggur út af mynni Reyðarfjarð-ar og er styst í land (um 4,5 km) að Krossanesi í Helgustaðahreppi (1. mynd). Hún er tæpur 1 km á lengd og yfirleitt 250 – 300 m á breidd, alls um 21 hektari að flatarmáli og hæst um 21 m y.s. Ásmundur Helgason (1949) lýsir Seley svo:

„Seley með skerjum sínum liggur frá norðaustri til suðvesturs. Utan að þeim er aðdýpi svo mikið, að hvergi er minna en 30 fæðmar fast uppi við klettana, nema við Hólminn, sem er norðaustastur. . . Suð-vestan við eyna er Eyjasker. . . Næst þar sunnan við eru Miðsker, þrjú smásker meðundi á milli. . . Sker þessi heita: Hella, Miðsker og Sigurðarsker. Loks er Setusker. . . Á Seley eru þrjár grasi vaxn-ar hæðir, sem sjór gengur aldrei yfir. Þær heita Hjallsbyggð, Byggðarholt og Bón-da-vörðuholt, talið frá norðaustri [bls. 195]. Bónðavarðan . . . stendur á hæstu hæð eyjarinnar og sést því langt til [bls. 198-199]. Austan á eyinni er klofa í bergið nið-ur frá flóðborði og upp úr. . . Tveir stórir steinar byrgja fyrir opið á gjánni og halda henni sundur. . . Skora þessi er nefnd Ræningjaskora [bls. 229]. Í Seley er hvergi malar- eða sandfjara. . . Lendingastaðir í Seley höfðu hver sitt nafn. Sunnan á henni var Syðstahöfn. . . Móti landi (að NV) snúa Sandlending, Lágasátur og Hella. Mót norðri er Nyrstahöfn, en Halar að norðaustan. Þar er eyjan lægst [bls. 202]“.

Þessi lýsing á að miklu leyti við enn þann dag í dag (2. mynd). Seley er öll lág, nema samfelldir standklettar, 8-15 m háir, eru með ströndinni að austan-



1. mynd. Vesturhluti Seleyjar með Gerpi í baksýn. Gróðurvana klappir eru einkenni eyjarinnar. – *Western part of Seley, with view to the mountain Gerpir on the mainland of Iceland. Unvegetated stony outcrops are most characteristic of the island.* Ljós. Kristinn H. Skarphéðinsson, 16.06.1984.

verðu. Eyjan er að mestu gróðurvana klappir og urðir. Samfelld graslendi er aðeins á hæðunum þremur sem Ásmundur getur um í frásögn sinni. Þetta gróðurlendi er um 3 ha að flatarmáli, eða 14% af flatarmáli eyjarinnar, samkvæmt mælingum á loftmyndum sem teknar voru árið 1983. Þéttasta fugla- varpið (æður og lundi) er í þessum gras- torfum. Sú arfsögn gekk í Reyðarfirði á seinni hluta 18. aldar að sjógangur hefði eytt þeim gróðri sem fyrir var í eyinni (sjá Ólaf Olavius 1780: 458). Nokkrar smátjarnir eru í Seley, sú stærsta (tæpur 1/4 ha) er austan til um miðbik eyjarinnar og kölluð Seleyjar- tjörn (GH).


Sífelld brotnar af eyinni og færast stór- efflisbjörg til á hverju ári, enda gengur sjór yfir hana mestalla í vetrarbrimum. Seley virðist vera öll úr einu stórstuð- uðu berglagi (díabasi; sbr. Einar Þórar-

insson 1984), rúmlega 20 m þykku. Stuðlarnir eru sérstaklega áberandi í hömrum á austurhluta eyjarinnar og eru sumir hverjir 1,5 – 2 m í þvermál.

Verskálarnir eru nú allir fallnir, svo og smákofar sem reistir voru til ís- geymslu skömmu fyrir síðustu aldamót. Ennþá mótast þó glögglega fyrir all- mörgum rústum, og Bóndavarða stend- ur enn, en hún var talin um 18 m að ummáli og um 4 m á hæð. Viti var reist- ur á Hjallsbyggð sumarið 1956 og björg- unarskýli rétt sunnan við Sandlendingu 1967. Á rústum skálanna er kjarnmikill gróður og kjörlendi fyrir lunda eins og síðar verður vikið að.

Skerin umhverfis Seley eru lág og gróðursnauð. Þar verpur enginn fugl, nema lítills háttar af æðarfugli og máfi í Hólminum.

Skömmu fyrir aldamót var sagt lítið af sel við Seley (Bjarni Sæmundsson



2. mynd. Helstu örnefni í Seley, staðsett skv. Geir Hólm. Skástrikuðu svæðin eru gróin. – Principal local names on Seley. The diagonally hatched areas are vegetated.

1899). Slæðingur af landsel *Phoca vitulina* heldur til við eyna á öllum árstímum. Þá hafa nokkrar útselsurtur *Halichoerus grypus* kæpt í eyinni, og á haustin má sjá þar allt að 100 útseli. Seley er eina útselalátrið á þessum slóðum (PL).

Athuganir á fuglalífi

Afar fátt hefur birst á prenti um fuglalíf í Seley, og byggir það allt á gömlum athugunum. Þau gögn sem við höfum undir höndum eru, (1) frásögn Ásmundar Helgasonar (1949; hér eftir ÁH 1949), en hann stundaði róðra frá Seley á árunum 1889-1906, þar af samfellt 1894-1904, (2) fuglalisti frá 20. júní 1956 varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands (höfundur ókunnur; eftirleiðis skammstafað gögn NI), (3) ýmis gögn úr sóknalýsingum og fasteignamati varðandi æðarvarp, (4) munnlegar upplýsingar kunnugra, aðallega Geirs Hólms (hér eftir GH) frá 1974 til þessa dags og (4) eigin athuganir. Þar er um að ræða athuganir Páls Leifssonar frá um 1960 til þessa dags, og tvær ferðir sem farnar voru gagnert til að kanna fuglalíf í Seley, 18. júní 1983 (GH, KHS, PL, SP) og 16. júní 1984 (GH, KHS). Báða þessa daga dvöldum við daglangt í eyinni, fór-um um hana alla og skráðum fugla eftir því sem tók voru á. Í fyrri ferðinni fór-um við auk þess í land í Hólminum, norðan við Seley. Veður í þessum ferð-um var gott, logn og sólskin. Erfitt er að lenda við eyna nema í stillu. Stundum þarf að bíða dögum saman eftir heppi-legu veðri til Seleyjarferðar, sérstaklega ef geyma þarf bát við eyna meðan staldrað er við.

Almennt um fuglalíf í Seley

Alls hafa 12 tegundir fugla orpið í Seley svo vitað sé (Tafla 1). Allar þessar tegundir urpu í eyinni árin 1983 og 1984, að óðinshana undanskildum. Auk varp-fuglanna hafa sést a.m.k. átta aðrar teg-undir í eyinni. Telja má fullvíst að mun

fleiri tegundir sjáist þar um fartímamann vor og haust, en fuglaathuganir í Seley hafa svo til eingöngu verið bundnar við júnímánuð. Þá eru svartfuglar (álka, langvía, stuttnefja) og súla algengir á sjó við eyna, enda verpa þessir fuglar í Skrúð sem er skammt undan. Í eftirfar-andi fuglatali verður ekki fjallað frekar um þessa sjófugla.

Algengustu varpfuglarnir í Seley eru lundi (þúsundir para) og æðarfugl (um 1200 pör). Þá hefur stundum orpið mik-ið af kríu (allt að 500-1000 pör), en henni hefur fækkað hin seinni ár.

Svo virðist sem fuglalíf hafi verið fá-skrúðugt í Seley á seinni hluta 18. aldar og hrakað frá því sem áður var. Meðal annars áttu æðarfugl, kría, teista og lundi að hafa orpið þar fyrrum. Menn töldu vaxandi gróðureyðingu vegna sjógangs orsök þess hve fátt væri um fugla í eyinni (Ólafur Olavíus 1780).

Helstu breytingar á fuglalífi í Seley frá því um síðustu aldamót eru aukning á öllum fuglum og fjölgun varptegunda (sbr. Töflu 1). Fýll, grágæs, silfurmafur, rita og sennilega tjaldur hafa numið land í Seley á síðustu áratugum. Lunda og æðarfugli hefur fjölgað mikið, og svartbak hefur fjölgað lítilliga. Máfa-varpið er aðallega á berum klöppum austan til á norðureynni, en einnig í Hólminum. Það er athyglisvert, að æð-arvarp er meira nú, þegar eyjan er óbyggð, heldur en nokkurn tíma áður, og það eftir að máfar námu þar land.

Fuglaskrá

Fýll *Fulmarus glacialis*

Nokkrir tugir fýla, sennilega um 50 pör, urpu árin 1983 og 1984, aðallega í urð sunnarlega á eyinni (3. mynd). Fýls er ekki getið sem varpfugls í Seley um síðustu aldamót (ÁH 1949), né heldur árið 1956 (gögn NI). Fýlsvarp var hins vegar í Seley árið 1974 og hefur heldur aukist síðan (GH).

Eins og kunnugt er hefur fýl fjölgað

Tafla 1. Varpfuglar í Seley á ýmsum tímum. Tölur tákna áætlaðan fjölda para. – *The breeding birds of Seley and the estimated numbers of breeding pairs at different times.*

Tegund/Species	Tímabil/Years			
	1889-1906	1956	1983	1984
Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	0	0	um 50	um 50
Grágæs <i>Anser anser</i>	0	0	1	3
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	500-600	+	1100	1200
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	(0)	3-4	1	2
Öðinshani <i>Phalaropus lobatus</i>	(0)	fáeinir/several	0	0
Svartbakur <i>Larus marinus</i>	0	4-6	8	10
Silfurmáfur <i>Larus argentatus</i>	0	0	8-10	12
Rita <i>Rissa tridactyla</i>	0	4-5	33	43
Kría <i>Sterna paradisaea</i>	mikið/many	(0)	500-1000	50
Teista <i>Cephus grylle</i>	lítið eitt/few	mikið/many	40-80	40-80
Lundi <i>Fratercula arctica</i>	lítið eitt/few	hér og þar/sparse	X000 ²⁾	X000 ²⁾
Snjótittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	(0)	(0)	2	3

1) Tölur í sviga þýða að tegundin er ekki nefnd í fuglaskránni, en kann þó að hafa orpið í Seley á þessum tíma. – Numbers in parenthesis indicate that the species were not mentioned in records from Seley, but might possibly have bred during that particular year(s).

2) Þúsundir para. – A few thousand pairs.

mikið hér við land, þ.á m. á Austfjörðum. Aðeins var vitað um 3 varpstæði fyls í þeim landshluta árið 1894, alla í grennd við Húsavík norðan Loðmundarfjarðar. Fýll hóf að verpa í Skrúð milli 1890 og 1900 og var orðinn algengur varpfugl þar árið 1925 (sbr. Fisher 1952). Hann var kominn í Gerpi og Barðsneshorn árið 1915 og litlu síðar í Norðfjarðarnípu (Björn Björnsson frá Norðfirði, óbirtar athuganir á Náttúrufræðistofnun Íslands). Nú verpur fýll með öllum Austfjörðum, þ. á m. á nokkrum stöðum við innanverðan Reyðarfjörð (óbirtar ath. höf.).

Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*

Verpur ekki í Seley en kemur þangað seinni part sumars og situr mikið uppi, einkum í Hólminum og á skerjunum suðvestur af Seley (PL).

Grágæs *Anser anser*

Kringum 1980 fannst grágæsarhreiddur með 4 eggjum og lá æðarkolla á því. Þegar komið var næst að hreiðrinu höfðu 2 æðaregg bæst við, og í þriðju

heimsókninni var aðeins skjall í því (GH). Árið 1983 sáum við grágæsarpar með fjóra tæplega vikugamla unga. Árið eftir urpu a.m.k. 3 pör og 5 pör vorið 1987 (GH). Auk varpfuglanna fella geldar grágæsar fjaðrir síðsumars í Seley. Þann 20. júlí 1983 sáust um 40 gæsir þar í sárum (Helgi Björnsson, Eskifirði), og 17 geldfuglar sáust 17. júní 1984.

Æður *Somateria mollissima*

Æðarvarp er töluvert í Seley og hefur verið nýtt frá ómunatíð af kirkjunni á Hólum í Reyðarfirði, en af kirkjunni á Eskifirði eftir að Hólmakirkja var lögð af.

Í lýsingu Hólmasóknar frá 1843 kemur fram:

„Þar [í Seley] mætti og líklega vera gott æðarvarp, ef ekki væri svo örðugt að verja það fyrir vörðum og óhlutvöndum mönnum, og hafa aldrei hingað til orðið nein not af því, þar enginn hefur haft enn þann mannskap, að láta mann vera þar stöðugt, til að gæta varpsins“ (Hallgrímur Jónsson 1947: 125).

Um síðustu aldamót var komin betri skipan á nýtingu æðarvarpsins, sbr. eftirfarandi frásögn ÁH (1949).

„Það var landvenja í Seley, að hver sá maður, sem kom þangað fyrst til vers, varð að greiða „Eyjakóngi“ toll („Eyjakóngur“ var sá maður nefndur, sem hirti um æðarvarpið það ár), en það var einn pottur af brennivíni. . . [bls. 199]. Á þessum árum [1889-1906]. . . var mikið æðar- og kríuvarp í Seley. . . [bls. 226]. Æðarkollurnar voru þá svo gæfar í Seley að taka varð sumar þeirra af eggjunum, til þess að geta náð dúninum. . . Eftir að varptími byrjaði á vorin, mátti enginn ganga um eyna, þar sem mest var varpið, nema þegar „eyjakóngur“ lét ganga til að taka dún og egg. . . Ekki mátti skjóta úr byssu nær varpstæðnum en 1/4 úr sjómflu (1000 faðma), nema á svartbak; hann var rétttræpur alls staðar. Líka mátti skjóta á seli, en maður varð að greiða 2 krónur fyrir skotið, hvort sem maður hitti

„Kobba“ eða ekki. Allar þessar reglur og fleiri voru samvitzkusamlega haldnar. Það þótti sjálfsgöð skylda hvers Seleyings að hlynna sem best að varpinu og líta eftir því, að menn úr landi gerðu engan „skandala“ þar. „Eyjakóngur“ gaf öllum vermönnum 10-20 æðaregg á bát, eftir því hvað varpið var mikið. Reglan um eggjatökuna var sú að ganga ekki nær varpinu en svo, að færri en fjögur egg væru skilin eftir í hreiðri. Árlega fengust þá 16-20 pund af hreinsuðum dún úr Seley. Fyrir að hirða varpið og dúninn úr hreiðrunum, hafði „Eyjakóngur“ frítt uppsátur . . . [bls. 226-227]“.

Um varp í Hólminum segir Ásmundur eftirfarandi:

„[Yfir hluta af Hólminum gengur aldrei brim]. Er hann þar vaxinn skarvakáli. Þar var svo þétt skipað æðarvarpið, að allrar varúðar varð að gæta, svo að ekki væri stigið niður í hreiðrin“ (bls. 195).



3. mynd. Nokkrir tugir fýlspara verpa á jafnsléttu og í urðum í Seley. Geir Hólm gerir hlé á dúnleit og heilsar upp á gamlan kunningja. – About 50 pairs of Fulmars nest on level ground or among boulder scree on Seley. An eiderdown collector takes a short break on meeting a Fulmar friend. Ljósm. Kristinn H. Skarphéðinsson, 16.06.1984.

Í byrjun aldarinnar hafa því orpið 500-600 æðarpör í Seley samkvæmt dúntekju. Í Gjörðabók fasteignamats-nefndar Suður-Múlasýslu frá 1918 kemur fram að dúntekja í eyinni sé 2 kg á ári (Ármann Halldórsson 1976). Samkvæmt því virðist æðarvarpið hafa minnkað mikið frá því um aldamótin. Útgerð frá Seley, og þar með stöðug umhirda varpsins, lagðist af á þessum árum og hefur það vafalaust stuðlað að minnkandi dúntekju.

Fremur litlar heimildir eru um æðarvarp í Seley frá því um 1920 og fram á síðasta áratug. Árið 1978 voru þar um 800 hreiður, en fjöldi þeirra jókst í um 1200 árið eftir. Það ár er talið, að æðarfugl hafi flúið úr landi vegna snjóþyngsla (GH). Þess má geta að ísa- og kuldavorið 1902 var æðarvarp óvenju mikið í Seley (ÁH 1949: 94). Varpið hefur verið nokkuð stöðugt síðan um 1980, mest 1400 hreiður (árið 1986), en yfirleitt 1200-1300 hreiður. Sumarið 1987 voru hreiðrin um 1200, en þá bar óvenju mikið á eggjaráni máfa (GH).

Æðarvarpið er einkum á vestanverðri eyinni, þar sem gróður er mestur og skjól er fyrir hafátt. Kollurnar verpa einnig á grasrindum á stuðlamótum í þeim hluta eyjarinnar sem er að mestu gróðurvana. Æðarvarp á suðurhluta Seleyjar er allt á slíkum grasrindum og hefur farið vaxandi upp á síðkastið (GH). Eins og fyrr segir er einnig varp í Hólminum, 10-15 hreiður 1983. Varp þar hefur minnkað á síðustu árum. Þar voru einungis 3 hreiður sumarið 1987, en máfum hefur fjölgað þar (GH).

Nú á tímum er fyrst farið í Seley um 20. maí til að huga að varpinu og síðan yfirleitt 3-4 ferðir fram í byrjun júlí.

Við athuguðum eggjafjölda í æðarhreiðrum frekar seint á álegutíma (18. júní 1983 og 16. júní 1984). Fyrra árið voru að meðaltali 3,4 egg í hreiðri (staðalfrávik = 1,3) og auk þess var út-leitt í einu hreiðri (fjöldi hreiðra = 60). Nítján hreiður (31%) voru með nýjum

eða lítt stropuðum eggjum. Árið 1984 var meðaleggjafjöldi 3,5 egg (staðalfrávik = 1,1), og höfðu egg klakist úr 16% hreiðra (fjöldi hreiðra = 62). Þá sáust nokkur vargétin æðaregg í máfavarpinu á norðureyinni. Engin ný eða lítt stropuð egg fundust. Æðarkollurnar hafa því að jafnaði orpið fyrr árið 1984 en kalda vorið 1983.

Meðaleggjafjöldi í æðarhreiðrunum í Seley var lægri en víðast hvar annars staðar hér á landi, þ.e. um 3,5 egg sam-anborið við 4 – 4,5 egg að jafnaði (óbirt gögn á Náttúrufræðistofnun), og gæti sá munur stafað af eggjaráni máfa.

Æðarvarp hefur aldrei verið eins blómlegt í Seley og hin síðustu ár. Varp-ið við Hólma í Reyðarfirði hefur hins vegar minnkað til muna á þessari öld. Þaðan fengust um 30 kg af dún árin 1805 og 1914, en innan við 10 kg á síðustu árum (sbr. Ármann Halldórsson 1976). Því liggur beinast við að skýra hnignunina þar sem tilflutning varpfugla til Seleyjar og nýlegra smávarpa við Reyðarfjörð. Þrátt fyrir að hirt sé um varpið í Seley er svokölluðum vargfuglum yfirleitt ekki grandað þar. Svo virðist vera sem æðarfuglinn láti sér lynda nábylí við nokkra tugi af máfapörum, þrátt fyrir að máfarnir taki stundum egg hans og unga.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Tjalds er ekki getið sem varpfugls um síðustu aldamót (ÁH 1949), en 3-4 pör voru sögð verpa í Seley árið 1956 (gögn NÍ). Árið 1983 voru þar 2 pör, í Hólminum og við vitann. Eitt par sást árið 1984, syðst í eyinni, en Hólmurinn var ekki skoðaður.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*

Ein sandlóa sást 20. júní 1956, en hún var ekki talin verpandi (gögn NÍ). Sandlóur sjást á hverju vori í Seley (GH).

Sendlingur *Calidris maritima*

Töluvert var af sendlingi í Seley 20.

júní 1956, en það voru ekki varpfuglar (gögn NÍ).

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Í gögnum NÍ frá 1956 segir, að fáein pör hafi orpið og auk þess sást mikið af geldfugli. Árin 1983 og 1984 sáust óðins-hanar ekki. Þeir hafa sést stöku sinnum á liðnum árum, en ekki orpið (GH).

Svartbakur *Larus marinus*

Sumarið 1956 voru 4-6 pör sögð verp-andi í Seley (gögn NÍ) og virðist honum hafa fjölgað lítillega síðan; um 8 pör voru 1983, þar af 2 í Hólminum, og 10 pör 1984. Svartbak hefur eitthvað fjölgað síðan (GH).

Sílamáfur *Larus fuscus*

Einn fullorðinn fugl sást 17. júní 1984.

Silfurmáfur *Larus argentatus*

Hann var ekki sagður varpfugl 1956 (gögn NÍ), sást þá aðeins á flugi. Við fundum 8-10 pör verpandi 1983 og um 12 pör árið 1984. Síðustu 2-3 árin hefur silfur-máf fjölgað mikið, bæði í Seley og Hólminum, og voru þeir aðgangsharðir í æðarvarpinu vorið 1987 (GH).

Silfurmáfur er nýr landnemi hér á landi, fór að verpa á Austfjörðum um eða fyrir 1930, og þar enn stærstu byggðir hans hér á landi. Silfurmáfur og hvítmáfur hafa blandast hérlandis (Agnar Ingólfsson 1970).

Hvítmáfur *Larus hyperboreus*

Einn fugl sást á flugi þann 18. júní 1983.

Rita *Rissa tridactyla*

Ekki er getið um rituvarp í Seley í byrjun þessarar aldar (ÁH 1949), en 1956 urpu þar 4-5 pör (gögn NÍ). Síðan þá hefur ritubyggðin stækkað, og er nú á tveimur stöðum norðaustan í eyinni þar sem sjávarklettar eru hæstir (4. mynd). Á syðri staðnum voru 28 hreiður 1983 og 5 hreiður á nyrðri staðnum.

Árið eftir voru 34 hreiður á syðri staðnum og 9 á nyrðri staðnum. Auk þess sátu ritur á 10-20 stöðum í syðri byggðinni, en þær voru ekki á hreiðrum, þótt þær hefðu borið lítilsháttar af hreiðurfnum upp á syllurnar. Fjögur vargétin rituegg fundust á klöpp skammt frá syðra rituvarpinu.

Kríá *Sterna paradisaea*

Mikið kríuvarp var í Seley um síðustu aldamót. Þá fengu vermenn til skiptis að taka kríuegg, en aldrei máttu þeir steypa undan fuglinum, þ.e. urðu að skilja eftir eitt egg í hreiðri. Ef það sannaðist á einhvern, fékk hann ekki að ganga varpið oftast um sumarið (ÁH 1949). Kríu er ekki getið sem varpfugls árið 1956 (gögn NÍ). Árið 1983 voru áætluð 500-1000 pör í varpi á sunnanverðri eyinni. Var talið meira af kríu þá en áður (GH). Sumarið 1984 var kríuvarpið miklu minna, eða um 50 pör (80 fuglar taldir í varpi). Kríuvarpið hefur ekki náð sér á strík síðan og var það sáralítið sumarið 1987, en þá hafði krían flutt sig á norðurhluta eyjarinnar (GH).

Teista *Cephus grylle*

Lítið eitt af teistu varp í eyinni um síðustu aldamót (ÁH 1949), en árið 1956 voru teistur sagðar margar (gögn NÍ). Við töldum teistur í og við Seley síðdegis (kl. 1600-1800) báða athugunardagana. Nokkur þéttbýli voru greinileg, sérstaklega í Ræningjaskoru og við norðurendann. Hinn 18. júní 1983 töldum við um 50 teistur og 16. júní 1984 alls 69 fugla, m.a. einn árgamla. Erfitt er að túlka þessar tölur, því einungis hluti varpfuglanna er við byggðirnar á hverjum tíma. Þetta hlutfall er breytilegt eftir tímum dags, og ber minnst á fuglunum síðdegis (Ævar Petersen 1981). Við teljum því að a.m.k. 50 teistupör verpi í Seley.

Lundi *Fratercula arctica*

Lítilsháttar lundavarp var í Seley um



4. mynd. Á austurströnd Seleyjar eru lágir klettar og þar verpa alls rúmlega 40 ritupör. – *Low cliffs on Seley's east coast harbour over 40 pairs of nesting Kittiwakes.* Ljós. Kristinn H. Skarphéðinsson, 16.06.1984.

síðustu aldamót (ÁH 1949). Sennilega hafa lundar átt erfitt uppdráttar í þessari litlu ey, meðan margir tugir vermannna höfðu þar sumardvöl. Þessi tegund kann verr við nábyli við menn, en t.d. æður og kría. Árið 1956 var lundi sagður verpa í urðum hér og þar (gögn NÍ). Er við heimsóttum eyna varp þar mikið af lunda, og áætluðum við heildarfjölda þeirra á sjó næst eyinni 1000-3000 árið 1983 og 2200 árið eftir. Við giskum á, að nokkur þúsund lundapör verpi í Seley. Varpið er á vestanverðri eyinni, þar sem gróður er, en einnig víða í urðum. Þéttast er varpið í grónum ver-skálarústum. Það er skoðun Geirs Hólm að lunda hafi fjölgað í Seley á síðustu árum, og ræður hann það m.a. af fjölda nýrra lundahola sem bætast við árlega.

Hrafn *Corvus corax*

Meðan útróðrar voru stundaðir frá Seley komu hrafnar þangað oft frá landi

til matarfanga. Eftir að kríurnar komu á vorin, hröktu þær oftast hrafnana aftur í land, áður en þeir gátu tyllt sér niður (ÁH 1949). Stöku hrafnar sjást í eyinni á hverju ári, en þeir valda engu tjóni á æðarvarpinu (GH).

Steindepill *Oenanthe oenanthe*

Stakir fuglar hafa sést á vorin, en ókunnugt er um varp (GH).

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*

Hreiður með nýklöktum ungum fannst 1983 í sprungu skammt frá vitanum. Auk þess sást einn syngjandi karlfugl á Bóndavörðuholti. Árið eftir sáust a.m.k. 3 pör, þar af eitt að mata nýfleygan unga.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið rakið það sem er vitað um fuglalíf í Seley við Reyðarfjörð. Fuglalíf í eyinni er mikið

og tiltölulega fjölbreytt og virðist meira en nokkru sinni áður. Þegar Seley var verstöð (fram undir 1920) dvöldu þar oft yfir 50 manns um varptímann. Af þeim sökum hafa tegundir, eins og lundi og máfar, átt erfitt uppdráttar. Eyjan er einangruð og fremur erfitt að komast þangað. Hún sætir af þeim sökum ekki miklum ágangi óviðkomandi manna. Þeir sem hafa hirt æðarvarpið á síðustu árum hafa lítið drepð af svokölluðum vargfuglum, en steypa stundum undan þeim. Æðarvarpið þar er því eitt af fáum hér á landi, þar sem maðurinn hefur ekki blandað sér mikið í samskipti einstakra fuglategunda. Það verður því fróðlegt að fylgjast með því hvernig máfum og æðarfugli vegnar í sambúðinni án íhlutunar mannsins.

HEIMILDIR

Agner Ingólfsson 1970. Hybridization of Glaucous Gulls *Larus hyperboreus* and Herring Gulls *L. argentatus* in Iceland. *Ibis* 112: 340-362.

Ármann Halldórsson (ritstj.) 1976. Sveitir og jarðir í Múlaþingi. 3. bindi. Búnaðarsamband Austurlands.

Ásmundur Helgason 1946. Eiríkur á Karlsskála. Lesbók Morgunblaðsins 21: 221-224, 253-256, 266.

Ásmundur Helgason 1949. Á sjó og landi. Safoldarprentsmiðja h.f. Reykjavík.

Bjarni Sæmundsson 1899. Fiskirannsóknir 1898. Skýrsla til landshöfðingja. Andvari 24: 51-120 [bls. 77-78: um róðra í Seley skv. öldungnum Eiríki á Karlsskála].

Einar Þórarinnsson 1984. Jarðfræði. Bls. 19-46 í Reyðarfjörður – náttúrufar og minjar. Skýrsla unnin fyrir Staðarvalsnefnd af Náttúrugripasafninu í Neskaupstað.

Fisher, J. 1952. The Fulmar. Collins New Naturalist, London.

Hallgrímur Jónsson 1947. Lýsing Hólmasóknar 1843. Bls. 117-143 í Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson (ritstj.). Austurland – Safn austfirskra fræða 1. Þorsteinn M. Jónsson h.f., Akureyri.

Lúðvík Kristjánsson 1982. Íslenskir sjávarhættir. 1. bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson 1983. Íslenskir sjávarhættir. 2. bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Ólafur Olavius 1780. Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordöstlige Kanter af Island. Gyldendal, Kiöbenhavn.

Ævar Petersen 1981. Breeding biology and feeding ecology of Black Guillemots. Ritgerð til doktorsprófs við háskólann í Oxford í Englandi.

SUMMARY

The birds of Seley, East Iceland

Seley is a small island (0.21 km²) in the mouth of Reyðarfjörður, East Iceland, lying 4.5 km off-shore. The island is low (21 m a.s.l.) and barren. Only about 14% of the surface area is vegetated, mostly with grassy tussocks. For a long time and until about 1920 Seley was one of the largest fishing stations in East Iceland. Boats and crews from the Reyðarfjörður area gathered there from late April until July to be as close to the best fishing grounds as possible during the seasonal run of the fish. Otherwise the island has always been uninhabited, and now it is only visited during the nesting season of the Eider *Somateria mollissima* for down collecting. Seley is a haul-out for Common Seals *Phoca vitulina*, and a breeding rookery for Grey Seals *Halichoerus grypus*.

The island was visited by the authors, specifically to observe birds, in June of 1983 and 1984. Currently there are 11 species breeding, the most common being Puffin *Fratercula arctica* (a few thousand pairs), Eider (1200 pairs), Arctic Tern *Sterna paradisaea* (1983: about 500-1000 pairs; 1984: 50 pairs), Black Guillemot *Cepphus grylle* (rough estimate 50 pairs), Fulmar *Fulmarus glacialis* (about 50 pairs) and Kittiwake *Rissa tridactyla* (1983: 33 nests; 1984: 43 nests). The breeding species are listed in Table 1.

Since the turn of the present century a few species have colonized the island of Seley and the numbers of other breeding birds have also increased (Table 1). Most of the new colonizers on Seley (e.g. Greylag Goose *Anser anser* and the gulls) have shown similar trends in other parts of Iceland. It is speculated that in earlier times when up to 50 fishermen were living on this small island during the nesting season, Seley was not suitable for nesting larids and Puffins. Around the turn of the century, however, strict self-imposed regulations were in effect on Seley regarding collecting of eggs from the Eiders and the Arctic Terns, and the use of firearms. The island can only be visited by boat in calm weather, and is therefore mostly self-protected from unwanted intrusion.

Kristinn H. Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Skarphéðinn Þórisson, Brávöllum 13, 700 Egilsstaðir.

Páll Leifsson, Strandgötu 7a, 735 Eskifjörður.

FUGLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI

Dr. Philip Whitfield lauk doktorsprófi í fuglafræði frá Edinborgar-háskóla í Skotlandi árið 1985. Doktorsverkefni hans var vistfræði og atferli tildru á vetrarstöðvum hennar á Bretlandseyjum. Eftir doktorspróf gegndi hann rannsóknarstöðu við Cambridge-háskóla í Englandi, sem gerði honum kleift að koma hingað til lands og vinna að verkefni því sem hann greinir frá hér að neðan. Útivistu við verkefnið var fram haldið tvö sumur, 1986 og 1987, en úrvinnsla stendur enn yfir. – *Ritnefnd.*

Samkeppni kynjanna hjá óðinshana

Hjá flestum fuglum eru karlfuglar árásgargjarnari en kvenfuglar, auk þess sem þeir biðla. Kvenfuglar verpa eggjum, liggja vanalega á þeim og sinna ungum að mestu leyti. Þessu er öfugt farið hjá örfáum fuglategundum, eða færri en einu prósentu allra fuglategunda í heiminum. Hjá þeim eru kvenfuglarnir litríkari og árásgargjarnari en karlfuglarnir og eiga frumkvæði að biðilsleikjum. Karlfuglarnir sinna flestum varpskyldunum og eru fölar á lit.

Óðinshaninn *Phalaropus lobatus* er algengur á tjörnum og í votlendi á Íslandi. Fjölmargir kannast við hvernig óðinshana hringsóla á yfirborði vatns og stinga örmjóu nefinu ótt og títt í vatnið eftir fæðu. Óðinshani er dæmigerð tegund, þar sem hlutverk kynjanna hefur snúist við. Eftir mökun verpa kvenfuglarnir eggjum en láta karlfuglunum síðan eftir útungun þeirra og uppeldi unganna.

Óðinshana eru oft álitnir fjöllyndir. Þá er átt við að kvenfuglinn makist við einhvern karlfugl og verpi, hverfi að því loknu og finni þann næsta, og síðan koll af kolli. Flestar rannsóknir benda hins vegar til þess, að slíkt fjölveri sé frekar sjaldgæft hjá óðinshönum. Hlutfallslegur fjöldi þeirra kvenfugla sem makast við fleiri en einn karlfugl hefur reynst vera frá 0 upp í 8% kvenfuglanna í mismunandi rannsóknum. Kvenfuglar virðast einungis hneigjast til fjöllyndis, þegar karlfuglar eru í meirihluta í stofninum.

Athuganir á skyldum tegundum hafa gefið svipaðar niðurstöður.

Á vorin koma kvenfuglar óðinshana á varpstöðvar á undan karlfuglum. Ekki koma allir kvenfuglar samtímis, en ungir fuglar eru yfirleitt seinna á ferðinni en þeir eldri. Enn meiri munur er þó á komutíma einstakra karlfugla, og líða u.þ.b. þrjár vikur frá því fyrsti karlinn kemur þar til sá seinasti lætur sjá sig. Þar eð komutími fuglanna er svo mismunandi, er undarlegt, hví fjölveri skuli ekki vera algengara en raun ber vitni. Kvenfuglar sem makast við þá karlfugla er koma snemma á varpstöðvarnar, ættu líka að geta parast karlfuglum sem koma seint. Þessir kvenfuglar verða hins vegar undir í samkeppni við aðra kvenfugla sem sjálfir eru seinir fyrir og hafa ekki orpið fyrr um sumarið.

Þetta er forsaga þeirra rannsókna sem ég fékkst við á Melrakkasléttu sumurin 1986 og 1987. Ég reyndi að sanna, að fjöllyndi hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Tilgátur mínar lutu að samskiptum kvenfugla sem koma snemma og hafa orpið áður við karlfugla og síðbúna kvenfugla sem hafa ekki orpið áður.

Spenna ríkir jafnan á milli kvenfugla, þegar karlfuglar eru nálægir. Ein tilgáta mín er sú, að kvenfuglar sem orpið hafa fyrr um sumarið lúti í lægra haldi í samkeppni um karlfugla fyrir þeim kvenfuglum sem ekki hafa orpið áður. Ein ástæða þessa getur verið sú, að fyrr-

nefndu kvenfuglarnir séu verr fallnir til bardaga. Svo er þó ekki, því niðurstöður sýna að yfirburðir kvenfugla í bardaga eru óviðkomandi getu þeirra að ná sér í maka.

Úr því svo er í pottinn búið, eru kvenfuglar þá mishæfir til að finna sér karlfugla? Ef svo er, þá getur sú hæfni að vera háð lengd þess tíma sem kvenfuglar hafa til þess að leita sér að karlfuglum. Vera má, að óörpnir kvenfuglar þurfi ekki að eyða eins miklum tíma til fæðuöflunar og þeir sem eru búnir að verpa. Afar erfitt er að meta, hversu lengi kvenfuglar eru að ná sér í karlfugla. Aftur á móti er tiltölulega auðvelt að mæla, hversu lengi fæðuöflun stendur yfir. Niðurstöður mínar benda til þess, að enginn munur sé á milli kvenfugla að þessu leyti, né hversu árangursrík fæðuöflun þeirra er. Ég hlýt því að álykta, að kvenfuglar sem þegar hafa

orpið, verji jafnmiklum tíma í það að hafa upp á karlfuglum og þeir sem enn eiga eftir að verpa.

Forsendur tveggja ofangreindra tilgáta eru þær, að karlfuglar eigi engan þátt í makavali, og að hér sé aðeins um uppgjör á milli tveggja kvenfugla að ræða. En hvað ef karlfuglar taka virkan þátt í makavali? Og ef svo er, hvers vegna velja þeir óörpna kvenfugla fram yfir þá sem hafa orpið? Varpa má fram nokkrum getgátum til að reyna að skýra þessi atriði.

Þegar allt kemur til alls, fá karlfuglar raunar aðeins afrit af litningum kvenfugla fyrir afkomendur sína, svo og fæðuförða í eggjum. Þetta vekur upp þá spurningu, hvort óörpnir kvenfuglar hafi betri litninga en kvenfuglar sem þegar hafa orpið: Eru afkomendur þeirra betri í því að laða til sín maka? Hafa þeir lengri lífslíkur? Geta þeir



Óðinshani, kvenfugl. Ljós. Magnús Magnússon.

komið meiri forðanæringu fyrir í eggjunum, svo ungarnir verða öðrum fremri?

Lítum nánar á þessi atriði. Erfitt er að gera sér í hugarlund, hvers vegna óorpnr kvenfuglar ættu að vera erfðafræðilega fremri þeim kvenfuglum sem hafa þegar orpið. Ef um einhvern mun væri að ræða þá ætti hann einmitt að vera á hinn veginn. Kvenfuglar sem þegar hafa orpið ættu í rauninni að vera betur fallnir til varps en hinir. Lífmöguleikar þeirra ættu líka að vera meiri, þar eð fuglar sem koma snemma á varpstöðvarnar eru eldri og reyndari.

Ef karlfuglar eiga frumkvæði að velja maka, þá fer það val ekki eftir því hve stórum eggjum (og þar með hversu mikil forðanæring er í þeim) kvenfuglar verpa. Þessa ályktun má draga af því, að lítill munur er á stærð eggja í seinna hreiðri kvenfugla sem hafa orpið fyrir um sumarið og eggja í fyrsta hreiðri fugla sem verpa seint. Það er frekar, að þeir síðarnefndu verpi minni eggjum. Þeir virðast auk þess ekki geta endurtekið varp eins fljótt og hinir kvenfuglarnir, og því ættu karlfuglar síður að velja þá.

Ný tilgáta hefur komið fram varðandi hve fáttit fjölveri er, og er hún líklega sú rétta. Hún er sú, að karlfuglar kjósi að gagnast óorpnum kvenfuglum til þess að vera vissir um, að ungarnir séu þeirra afkvæmi en ekki annarra karlfugla. Karlfuglar annast alfarið um egg og unga og eyða til þess mikilli orku. Náttúruval stuðlar líklega að því, að karlfuglar ali önn fyrir eigin ungum en ekki annarra. Þeir duglegustu gefa því af sér fleiri afkomendur, ættleggur þeirra verður stærri en hinna, sem ala upp unga annarra karlfugla, auk sinna eigin.

Tvenns konar atferlismynstur hjá karlfuglum gefur til kynna, að mikil hætta sé á, að þeir annist unga annarra karlfugla. Í fyrsta lagi eðlast karlfuglar mjög oft við maka sinn. Á þann hátt

reyna karlfuglar að tryggja, að það sé þeirra sæði sem frjóvi eggin en ekki sæði annarra karlfugla. Í öðru lagi gætir karlinn maka síns fyrir öðrum karlfuglum frá því nokkrum dögum fyrir varp þar til síðasta egg er orpið. Þannig draga karlfuglar úr líkum þess, að aðrir karlfuglar parist kvenfuglunum, þegar þeir eru hvað móttækilegastir. Með því að velja óorpna kvenfugla eru karlfuglar vissari um faðernið, enda öruggt, að kvenfuglar sem hafa orpið áður hafi eðlað sig við aðra karlfugla.

Karlfuglar gefa til kynna með ýmis konar atferli, að þeir hafi engan áhuga á kvenfuglum sem hafa orpið áður. Þeir ógna þeim eða fljúga burtu frá þeim, hvetja óorpna kvenfugla til þess að fylgja sér eða synda í átt til þeirra.

Sumarið 1987 tók ég blóðdropa úr mörgum fullorðnum óðinshönum og ungum þeirra. Blóðið verður rannsakað með nýrri tækni, DNA greiningu, sem notuð er til að kanna faðerni hjá mönnum. Með þessari aðferð verður athugað hversu oft og undir hvaða kringumstæðum karlfuglar annist unga sem ekki eru þeirra eigin.

Rannsóknirnar hafa líka beinst að því, hvernig karlfuglar þekkja í sundur kvenfugla sem hafa orpið og þá sem ekki hafa orpið. Til þess notaði ég eftirlíkingar af karlfuglum. Ef munur er í pörunaratferli (eins og líkur benda til), hvers vegna reyna kvenfuglar ekki að leyna því, að þeir hafi orpið? Ef til vill geta þeir það ekki, t.d. vegna hormónastarfsemi sem breytir atferli þeirra um varptímamann. Því má ímynda sér, að viss „þróunarsamkeppni“ eigi sér stað á milli kvenfugla, sem reyna að dylja þá staðreynd að þeir hafi orpið, og karlfugla, sem reyna að komast að hinu sanna. Sé það lóðið, þá hafa karlfuglarnir greinilega vinninginn eins og stendur!

Ég færi Ævari Petersen, Jóni Magnússyni og Pat Whitfield bestu þakkir mínar fyrir veitta aðstoð.

SUMMARY

Sexual conflict in the Red-necked Phalarope

A study is in progress on the sexual conflict in the Red-necked Phalarope *Phalaropus lobatus*, starting in 1986 under a two-year post-graduate scholarship. The field work was carried out on Melrakkaslétta, NE. Iceland, and analyses are underway.

I am testing several hypotheses which argue that polyandry is constrained by conflicts of interests. These are based on the observation that earlier arriving females which have laid a clutch that season ("C₁-females") do not mate with late arriving males whilst younger females which have not laid a clutch that season ("C₀-females") do.

One possible constraint on polyandry is that C₁-females lose out in direct competition for mates with C₀-females by being, for example, poorer fighters. However, the ability of the female to beat other females had no bearing on her ability to acquire a mate. If a female can spend more time looking for unpaired males her chances of finding one will increase. Perhaps C₀-females are superior competitors because they need to spend less time feeding and can thus spend more time searching for males. I have found no difference in the time spent feeding between C₁- and C₀-females, or in their feeding success.

In essence all that a male obtains from a female is copies of her genes and nutrients for his offspring in the form of eggs. It is difficult to see why C₀-females are genetically superior to C₁-females. The reverse is rather more likely as C₁-females stand a better chance of obtaining a second male (and thus may be inherently more attractive) and may be better equipped to survive (as demonstrated by their being older). Moreover, males do not appear to choose C₀-females because they lay larger more food-rich eggs. In addition, C₀-females do not seem capable of more rapid initiation of clutches and so should not be preferred on this basis.

At the moment the most likely explanation of

the constraint on polyandry is that males prefer to mate with C₀-females because they can be more sure that the young they care for are their own and not other males'. I have documented two behavioural attributes of males which indicate that the risk of non-paternity is high: 1) males copulate (or attempt to copulate) with their mate at high rates; 2) from a few days before their female starts egg-laying until the penultimate egg is laid each male guards his female against other males. When paired with C₁-females males copulate and attempt to copulate with their mate at far higher rates than when paired with C₀-females, suggesting that the risk of non-paternity is highest with C₁-females. Males prefer C₀-females to C₁-females because the latter, having laid a clutch for another male, have certainly copulated with another male previously, whereas C₀-females may not have.

In 1987 I took spots of blood from adult phalaropes and their young for analyzing by the new technique of "DNA fingerprinting" to see how often, and in what circumstances, males look after young which they have not fathered. By using models I plan to quantify any differences in the courtship behaviour of C₀- and C₁-females to see how males can discriminate between them. If there is a difference, why do C₁-females not try to hide the fact that they have laid a clutch already, thereby obtaining another male? Perhaps they cannot, if their behaviour has changed as a result of hormonal changes during egg-laying. It can then be imagined that there has been an evolutionary "arms race" between C₁-females trying to hide their egg-laying history and males trying to detect it. If this is so then apparently the males are winning!

Dr. Philip Whitfield, Dept of Zoology, Univ. of Cambridge, Downing Str., Cambridge CB2 3EJ, England. – Nú / Present address: Dept of Zoology, West Mains Rd., Edinburgh EH9 3JT, Skotland.

FRÁ FUGLAVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS

Fuglaverndarfélag Íslands hefur nú starfað í 25 ár og eru félagar um 200. Eins og nafnið gefur til kynna þá starfar félagið að fuglavernd og er tilgangur félagsins eins og segir í lögum þess: „...að beita sér fyrir og hafa með höndum ráðstafanir, sem lúta að því að vernda og viðhalda fuglategundum sem eru í hættu að verða útrýmt hér á landi“. Félagið gengst einnig fyrir ýmiss konar fræðslustarfssemi um fugla og fuglavernd. Félagið er aðili að útgáfu tímaritsins Blika og hóf á síðasta ári útgáfu á fréttabréfi. Tilgangur fréttabréfsins er að koma ýmsum upplýsingum á framfæri, birta stuttar greinar um starf fé-

lagsins og fróðleiksmola um fugla. Einnig er æskilegt að félagsmenn viðri skoðanir sínar á málefnum sem tengjast fuglum og fuglavernd.

Allir áhugamenn um fugla og fuglavernd eru hvattir til að gerast félagar í Fuglaverndarfélagi Íslands og leggja þannig náttúru- og fuglavernd hérlandis lið. Hægt er að ganga í félagið með því að senda línu til aðseturs félagsins að Bræðraborgarstíg 26, 101 Reykjavík.

Ólafur Einarsson tók saman

Fræðslufundur Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1986-1987

Félagið hélt fjóra fræðslufundi veturinn 1986-87. Þann 27. nóvember hélt Jóhann Óli Hilmarsson erindi um fuglalíf á Seltjarnarnesi, en hann vann að samantekt um fugla á þessu svæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og Seltjarnarnesbæ. Fjallaði hann m.a. ítarlega um þau svæði á nesinu sem mikilvægust eru frá fuglaverndarsjónarmiði. Jóhann benti á, að brýnt væri að friða sum þeirra, þar sem mikil umferð farfugla er þar vor og haust.

Þann 16. desember flutti Jón Gunnar Ottósson, skordýrafræðingur, fyrirlestur sem hann nefndi: Íslenskir skógar, vistkerfi í mótnun. Fjallaði hann um þróun íslenskra skóga, einkum síðustu áratugi, og hvernig aukin fjölbreytni skordýra hefur fylgt í kjölfar vaxandi skóglendis og ræktunar. Einnig fjallaði hann nokkuð um fuglategundir sem gætu tekið sér bólfestu í skógum landsins í framtíðinni.

Þann 29. janúar fjallaði Þóroddur Þóróddsson, jarðfræðingur, starfsmaður Náttúruverndarráðs, um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, sögu hans, náttúrufar og sérkenni. Lýsti hann staðháttum og umhverfi í þjóðgarðinum og þeirri aðstöðu fyrir ferðamenn sem Náttúruverndarráð hefur komið upp.

Síðasti fyrirlestur vetrarins var 26. febrúar. Þá talaði Arnþór Garðarsson, prófessor, um íslensk fuglabjörg. Sýndi hann ljósmyndir af helstu fuglabjörgum landsins og fuglum sem þar verpa. Þá ræddi hann um stofnstærðir einstakra tegunda, en undanfarin ár hefur Arnþór m.a. unnið við að þróa aðferðir til að telja bjargfugla með því að ljósmynda björgin úr flugvél.

Kjartan G. Magnússon tók saman

Arnarvarp 1987

Líkt og undanfarin ár gekkst Fuglaverndarfélagið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir athugun á fjölda og varpárangri arna.

Í sumar fundust 35 pör á landinu, og er það nokkrum pörum færri en undanfarin tvö ár. Eitt par virðist horfið og á nokkrum stöðum vantar annan fuglinn. Talið er að 33



Fullorðinn haförn, sumarið 1987. Ljós. Magnús Magnússon.

Þessara þara hafi orpið eða gert tilraun til varps. Hjá 17 pörum misfórst varp, en 16 pör komu upp samtals 21 unga, sem er nokkuð góður árangur. Nú komust upp 8 ungar í Barðastrandarsýslum, en það er með mesta móti. Eru það ánægjuleg tíðindi og vonandi verður þar framhald á. Eins og undanfarin ár er varpárangur þó áberandi bestur við sunnanverðan Breiðafjörð.

Átak var gert í merkingum á örunum. Alls voru 19 ungar merktir og 2 fullvaxnir fuglar. Einnig var safnað miklum fæðuleifum við hreiður og verður gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra athugana síðar.

Enn er langt í land að ernir nái fyrri út-

breiðslu. Nú verpa þeir eingöngu á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Langflest pörin eru við Breiðafjörð, nokkur í Ísafjarðarsýslum og sjö pör eru við Faxaflóa. Er þess vonandi ekki langt að bíða að ernir taki að verpa utan þessara hefðbundnu arnarsvæða, en á undanförunum árum hafa þeir sést í auknum mæli utan varpsvæðanna.

Samstarf við bændur á arnarsvæðum hefur gengið vel og ekki hafa borist neinar kvartanir vegna tjóns af völdum arna. Vonast Fuglaverndarfélagið eftir áframhaldandi góðri samvinnu við landeigendur.

Kjartan G. Magnússon tók saman

Vepjuvarp í Eyjafirði 1986

Veturinn 1986-87 bárust Náttúrufræðistofnun Íslands þær upplýsingar frá Þorsteini Ingólfssyni, Gröf í Öngulstaðahreppi, að vepja *Vanellus vanellus* hefði orpið í Eyjafirði sumarið 1986. Tildrögin voru þau, að Leifur Guðmundsson á Klauf sá vepju um vorið og fann síðar hreiður hennar.

Samkvæmt upplýsingum Leifs sást stök vepja fyrst seint í maí. Hélt hún sig á ákveðnu svæði rétt sunnan við Klauf. Dönsk stúlka sem var á bænum kannaðist við þessa fuglategund frá heimalandi sínu, þar sem vepjur eru algengir varpfuglar. Eftir þetta sást stakur fugl nokkrum sinnum, uns hreiður með fjórum eggjum fannst 23. júní. Tók Leifur myndir af hreiðrinu, og fylgir ein þeirra hér með (1. mynd). Stök vepja sást af og til eftir þetta, en aldrei varð vart við tvo fugla fyrir víst. Þegar komið var að hreiðrinu í júlí voru eggin horfin. Annað hvort hefur þeim verið ungað út eða þau misfarist. Það síðarnefnda er þó líklegra, enda sáust aldrei neinir ungar.

Vepja er vanalega mjög áberandi við

hreiður, og eiga þá að sjálfsgöðu oftast tveir fuglar hlut að máli. Það kemur því á óvart, að aldrei sást nema einn fugl við hreiðrið sumarið 1986. Líklega hefur þetta verið kvenfugl, sem hefur orpið ófrjóum eggjum og því eðlilega ekki um neina unga að ræða.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem vepja varp á þessum slóðum. Sumarið 1985 varp vepjupar neðan við Syðra-Laugaland og kom upp tveimur ungum (Gunnlaugur Þráinsson 1986). Vepjan sem varp við Klauf hefur sennilega verið einn þeirra fugla, enda er stutt á milli ofangreindra bæja.

Sumarið eftir (1987) sá Leifur vepju bregða fyrir á sömu slóðum. Þetta var þó aðeins einu sinni, og var fuglinn stakur. Talsverðar líkur eru á því, að þar hafi verið á ferðinni sami fugl og sumarið 1986 og einn fuglanna frá 1985.

Vepja er algengur flækingsfugl á Íslandi, en sem varpfugl er hún sjaldgæf. Alls er vitað um níu varptilraunir vepju hérlandis (sbr. Jóhann Ó. Hilmarsson 1988), en þar af er varpið við Klauf það áttunda í röðinni. Þetta



1. mynd. Vepjuhreiðrið við Klauf í Eyjafirði. Júní 1986. – *The Lapwing's nest at the farm Klauf, Eyjafjörður, N. Iceland. June 1986.* Ljós. Leifur Guðmundsson.

er hins vegar í aðeins þriðja sinn sem hreiður finnst með eggjum, svo vitað sé.

Þorsteini Ingólfssyni og Leifi Guðmundssyni eru færðar þakkir fyrir veittar upplýsingar og Leifi einnig lán á mynd til birtingar.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Þráinsson 1986. Vepjuvarp í Eyjafirði 1985. Bliki 5: 47-48.

Jóhann Ó. Hilmarsson 1989. Enn segir af vepjuvarpi. Bliki 7: 66.

SUMMARY

Lapwing *Vanellus vanellus* nesting in Eyjafjörður, N. Iceland, 1986

A Lapwing nest was found at Klauf, Eyjafjörður, N. Iceland, in the summer of 1986 (see Fig. 1). A single bird was seen on a number of occasions

that summer, but never definitely two birds together. The outcome of breeding could not be substantiated, but since probably only a single female was involved and there is no likelihood of a successful breeding attempt.

In summer 1985 a pair of Lapwings raised two young not far from the present locality (Gunnlaugur Þráinsson 1986), and the bird from 1986 is probably one of them. Moreover, in the summer of 1987 a single Lapwing was seen on one occasion at that same locality, presumably the same individual.

Altogether nine Lapwing breeding records are documented to date from Iceland (cf. Jóhann Ó. Hilmarsson 1988), of which the present record is the eighth, but only the third time eggs have been found.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Enn segir af vepjuvarpi

Hér segir frá níunda kunna vepjuvarpinu hérlandis. Þann 15. júlí 1987 hafði Þorsteinn bóndi Markússon á Borgareyrum, A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, samband við Náttúrufræðistofnun Íslands og tilkynnti um vepjuvarp *Vanellus vanellus* sem léti varplega skammt frá bænum. Hinn 19. júlí fór höfundur á staðinn ásamt þeim Hannesi Þór Hafsteinssyni og Jóni Yngva Gylfasyni. Vísaði Þorsteinn okkur á parið og gaf ýmsar upplýsingar.

Um mánaðamótin febrúar/mars saúst um 10 vepjur við Svanavatn, skammt frá Borgareyrum. Um þetta leyti bar töluvert á vepjum hérlandis, m.a. í Landeyjum og undir Eyjafjöllum. Þá voru frosthörkur á Bretlandseyjum og á meginlandi Evrópu, en hérlandis var fremur milt veður.

Stakt par hélt sig nálægt Borgareyrum fram á vor, og frá því í maí varði það um tveggja hektara svæði suðvestur af bænum og var mjög staðbundið. Svæðið liggur á milli túna og er þar sendin hálfdeigja eða mosagrónar eyrar, en einnig vex þar blóðberg, vallhæra og ýmsar grastegundir. Lítið bar á parinu um tíma, en er á leið fór það að verða viðskotailt og rak í burtu óvelkomna fugla, eins og máfa og kjóa, sem nálguðust óðal þeirra, og vældi mikið þegar menn voru á ferð.

Stuttu áður en höfundur kom á vettvang var parið farið að sækja út fyrir óðalið. Ekki fundum við ungana þann 19. júlí þrátt fyrir leit. Parið gerði töluvert víðreist og sýndi óvelkomnum fuglum áreitni en virtist láta sér mannaferðir í léttu rúmi liggja. Þó kom það alltaf til baka á óðal sitt.

Skömmu eftir 19. júl sá Þorsteinn þrjár vepjur, en síðar fjórar. Hannes og Steinar Björgvinsson fóru á staðinn 9. ágúst, og sáu þeir par með tvo fleyga unga. Þegar komið var fram í ágúst sá Þorsteinn fuglana með 2-3 daga millibili, og höfðu þeir þá flutt sig lítið eitt.

SUMMARY

One more Lapwing *Vanellus vanellus* breeding record for Iceland

After an unusually cold winter in Britain and on the continent of Europe Lapwings were recorded widely around Iceland in February and March 1987. In this period a group of ten birds was seen near the farm Borgareyrar, Rangárvallasýsla, in the southern lowlands. Two of these birds stayed into spring, and from May onwards defended a territory, successfully fledging two young during the summer. This constitutes the ninth known breeding record of the Lapwing in Iceland.

Jóhann Óli Hilmarsson, Melgerði 19, 108 Reykjavík.

Fjallafinkuvarp 1986

Á undanförnum árum hefur fjallafinka *Fringilla montifringilla* verið talin til sjaldgæfra varpfugla á Íslandi. Vorið 1986 varð vart við fjallafinkur óvenjuviða á landinu. Fuglarnir sáust fyrst í lok apríl – byrjun maí, og í júní fundust verpandi pör á sex stöðum. Auk þeirra sáust fjallafinkur á mörgum öðrum stöðum þetta vor.

Einn af þeim stöðum sem fuglaskoðarar fylgjast hvað best með er Skógræktarstöðin í Fossvogi í Reykjavík. Þar sást syngjandi karlfugl 5. maí. Næstu vikur sáust fjallafinkur oft í Skógræktinni, mest fimm í einu. Hreiður fannst 9. júní. Það var ofarlega í allháu birkitré, en í hreiðrinu voru sjö vikugamlir ungar. Tókst að merkja þá með fót-hringjum, en áður en ungarnir yfirgáfu hreiðrið fækkaði þeim í fjóra. Fuglarnir héldu sig í Skógræktinni áfram fram í miðjan september.

Í trjálandi í Ártúnsbrekku í Reykjavík sást fjallafinkur 18. maí. Hreiður fannst í háu grenitré 17. júní. Í því voru átta ungar. Fjórum dögum síðar voru ungarnir enn í hreiðrinu en hafði nú fækkað í fimm. Ekki er meira vitað um framvindu varpsins.

Við sumarbústað í Svínanesi við Pingvallavatn sást par 2. júní. Hreiður fannst í grenitré rétt við sumarbústaðinn 22. júní. Í því voru fimm ungar, sem allir voru dauðir. Mikil umferð manna var við þennan bústað daginn áður og má telja fullvíst, að sú truflun hafi haldið fullorðnu fuglunum frá hreiðrinu með þeim afleiðingum að ungarnir drápust.

Í sumarbústaðahverfi við Miðdal í Laugar-dal fannst fjallafinkur með hreiður 22. júní. Hreiðrið var í lerkitré og í því fimm ungar. Ekki er vitað hvernig þeim reiddi af.

Í lok apríl sást par að Skógum undir Eyjafjöllum. Varp parið í skógræktinni á staðnum. Hreiðrið fannst að vísu ekki, en er leið á sumarið sást parið með fjóra unga. Fuglarnir héldu til að Skógum fram í nóvember.

Í Tunguskógi við Ísafjörð sást fjallafinkur 17. júní. Stuttu síðar hófst hreiðurbygging, og þegar hreiðrið var síðast athugað 26. júní var varp hafið. Ekkert er vitað um varp-árangur.

Samtals er því vitað um fjallafinkuvarp á sex stöðum á landinu sumarið 1986. Á und-



Fjallafinka, karlfugl í Skógræktinni í Fossvogi, 17.5.1986. Ljós. Ævar Petersen.

anförnum árum hefur verið afar tilviljana-kennt, hvort fjallafinkur yrpu hér á landi eða ekki. Árið 1982 urpu hér enn fleiri fjallafinkur en 1986, en engar fundust árin 1984 og 1985. Ekki er því hægt að álykta að fjallafinka sé að festa hér rætur. Mun líklegra er, að þessir varpfuglar hafi hrakist hingað til lands sama vorið og þeir urpu frekar en hér hafi verið um að ræða fugla sem hafi haldið til í landinu frá síðasta hausti.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1984.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982. Bliki 3: 15-44.

Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1985.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.

Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1986.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984. Bliki 5: 19-46.

SUMMARY

Bramblings *Fringilla montifringilla* nesting in 1986

Bramblings were recorded nesting at six places in Iceland in 1986. Only once before (in 1982) have as many nests as this been found during one and the same year. The breeding birds are believed to have been vagrants that arrived in Iceland the spring before their nesting took place, rather than wintering birds from the previous autumn.

Gunnlaugur Þráinsson, Jöklalesi 11, 109 Reykjavík.

Helsingjar

Helsingi *Branta leucopsis* er heldur stærri en margæs *Branta bernicla*, sem fjallað var um í fimmta hefti Blika (Gunnlaugur Pétursson 1986) og auðþekktur frá henni á hvítum vöngum og enni. Háls, kollur og bringa eru svört, bak grátt með hvítum og svörtum rákum, kviður og hliðar eru ljósgrá og undirstélpökur hvítar. Fætur eru svartir og nef einnig. Ungfuglar eru daufari á lit og brúnna á baki.

Helsingjar verpa á hánorðlægum slóðum og skiptast þeir í þrjá aðskilda stofna eftir varpstöðvum. Þessir stofnar eru: Austur-Grænlandsstofn, Svalbardastofn og Rússlandsstofn, sem verpir á suðurhluta eyjarinnar Novaja Zemlja, út af norðurströnd Sovétríkjanna. Grænlandsstofninn hefur vetursetu á Suðureyjum við Skotland og á Írlandi, Svalbardastofninn í Solwayfirði á landamærum Englands og Skotlands og rússneski stofninn í Hollandi.

Niðurstöður merkinga benda til, að lítil samgangur sé milli þessara þriggja stofna.

Talningar á vetrarstöðvum grænleska stofnsins árið 1983 gefa til kynna, að sá stofn sé um 25000 fuglar (Ogilvie 1983). Svalbardastofninn er mun minni, eða um 10400 fuglar árið 1986 (Ogilvie 1986), og sá rússneski var talinn vera um eða yfir 50000 fuglar á árunum 1977-78 (Rooth o.fl. 1981). Nokkur fækkun hefur verið í grænleska stofninum á undanförunum árum, en hann var 35000 fuglar 1976 (Ogilvie 1978).

Þeir helsingjar sem fara um Ísland eru af grænleska stofninum, en það sem sagt er hér á eftir á fyrst og fremst við um þann stofn. Almennar upplýsingar, sem koma hér fram og tilvitnunar ekki sérstaklega getið, eru úr Cramp og Simmons (1977).

Helsinginn er meiri þurrlandisfugl en margæsinn. Hann bítur gras líkt og gráar gæsir og hér á landi étur hann einnig kornsúrurætur, stararfræ og beitieski á haustin (Arnpór Gardarsson 1975) en nýtir sér ekki sjávar- og fjörugróður líkt og margæs. Farleiðir þessara tegunda um Ísland eru einnig mjög ólíkar.



1. mynd. Helsingjapar í Æðey í Ísafjardardjúpi. Ljós. Hjálmar R. Bárðarson.

Margæsin þræðir strandlengjuna vestanlands, en helsinginn flýgur þvert yfir miðhálandið.

Um miðjan apríl yfirgefa fyrstu fuglarnir Bretlandseyjar og næsta mánuðinn halda þeir sem eftir eru norður á bóginn. Þeir hafa um mánaðardvöl hér á landi og flestir koma á varpstöðvarnar á Grænlandi í seinni hluta máí. Þar verpa þeir í byggðum í þverhníptum björgum og árgljúfrum, oftast nálægt sjó. Slíkir staðir veita örugga vernd gegn refum og verða fyrr auðir af snjó en flatlendi.

Hreiðrið, sem er á klettasyllu, er lág hrúga með grunnri skál, gert úr grasi og öðrum gróðri. Það er notað ár eftir ár og drit gæsanna bætist í það svo úr verður varanleg hreiðurbygging. Fjöldi eggja er oftast 4-5 og útungunartíminn er 24-25 dagar. Kvenfuglinn sér einn um útungunina, en karlfuglinn stendur vörð skammt frá. Báðir fuglarnir verja hreiðrið gegn ræningjum. Ungarnir yfirgefa hreiðrið skömmu eftir að þeir skríða úr eggjum og halda með foreldrum sínum þangað sem beit er góð. Það var lengi ráðgáta, hvernig ungarnir kæmust niður á jafnsléttu, því hreiðrin eru oft í meira en 50 m hæð í þverhníptum björgum. Fullyrt var, að foreldrarnir bæru ungana á bakinu eða í nefinu. Nú hefur verið sýnt fram á, að ungarnir stökkva úr hreiðrinu og láta sig falla niður á jafnsléttu.


U.p.b. 40-45 dögum eftir að þeir skríða úr eggjum, verða ungarnir fleygir. Um haustið fylgja þeir foreldrunum á vetrarstöðvarnar og aftur norður á bóginn næsta vor. Það er ekki fyrr en komið er á varpstöðvarnar að ári, að þeir segja skilið við foreldrana.

Helsingjar verpa í fyrsta sinn þriggja ára gamlir, en ókynþroska fuglar halda samt til varpstöðvanna á hverju vori. Helsingjar, líkt og aðrar gæsir, para sig til lífstíðar, en elsti merktur fugl sem náðst hefur var rúmlega 18 ára.

Eftir að ungar eru komnir úr hreiðri fara fullorðnu gæsinnar í sár, þ.e. fella flugfjaðrir, og eru ófleygar í 3-4 vikur á tímabilinu frá miðjum júlí til miðs ágúst. Geldfuglar fella flugfjaðrir heldur fyrr.

Í seinni hluta ágúst byrja helsingjarnir að yfirgefa varpstöðvarnar og halda þá fyrst til Íslands. Héðan fara þeir fyrstu á brott í fyrri hluta október og eru flestir komnir til Skotlands og Írlands í októberlok.

Hér á landi sjást helsingjar svo til ein-



2. mynd. Rauðu svæðin sýna varpheimkynni helsingja.

göngu á vorin og haustin. Þó hefur komið fyrir, að helsingjar hafi sést hér á landi að vetrarlagi (Ævar Petersen 1985). Á vorin sjást þeir fyrstu í Öræfum og víðar á Suðausturlandi, 20.-30. apríl (Hálfðán Björnsson 1976), en halda áfram yfir hálandið og safnast saman í stórum hópum á vestanverðu Norðurlandi. Mest er af helsingjum í Skagafirði, en stórir hópar sjást víðar, t.d. við Blönduós og við Eyjafjörð sjást þeir reglulega á vorin og oft á haustin.

Á leið sinni suður á bóginn á haustin fer meginstraumur helsingjanna suður Kjöl og dvelja í mánaðartíma á Suðausturlandi og á sunnanverðu hálandinu, á svæðinu frá Mýrdalssandi austur í Hornafjörð. Í Öræfum sjást fyrstu fuglarnir í septemberbyrjun, en flestir koma þeir á tímabilinu 10.-20. september og dvelja fram til 20. október eða jafnvel lengur (Hálfðán Björnsson 1976).

Þótt aðalfarleið helsingja um Ísland sé yfir miðhálandið suður í Skaftafellssýslur, þá fara smáhópar þeirra yfir landið nokkru vestar. Á Vestfjörðum eru helsingjar mun algengari á haustin en á vorin (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980). Í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu sjást þeir á hverju hausti allt fram í október (Arni Waag Hjálmarsson 1979) og einnig sjást smáhópar í Borgarfirði og víðar á Vesturlandi. Á suðvesturhorninu sjást helsingjar sárasjaldan og þá yfirleitt ekki nema örfáir fuglar í senn. Þó má geta þess, að 10. maí 1986 sáu 54 helsingjar með

um 100 margæsum á Álfanesi sunnan Reykjavíkur. Slíkt heyrir þó til undantekninga.

Helsingjar paraðir grágæs (Bjartmar Guðmundsson 1936) eða heiðagæs (Scott 1953, Arnþór Garðarsson og Jón B. Sigurðsson 1972) hafa stundum dvalið hér sumarlangt og árið 1964 fannst helsingjahreiður við Breiðafjörð (Árni Waag Hjálmarsson 1979). Hafa 1-3 helsingjapör síðan orpið á þeim slóðum (Hjálmar R. Bárðarson 1986).

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1975. Íslenskir votlendisfuglar. Bls. 100-134 í Votlendi. Rit Landverndar 4. Reykjavík.
- Arnþór Garðarsson og Jón B. Sigurðsson 1972. Rannsóknir á heiðagæs í Þjórsárverum sumarið 1971. Orkustofnun, Reykjavík. Fjölrit.
- Arnþór Garðarsson, Ólafur K. Nielsen og Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir í Öndarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit Líffræðistofnunar 12.
- Árni Waag Hjálmarsson 1979. Fuglalíf í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Náttúrufr. 42: 112-125.

Bjartmar Guðmundsson 1936. Stóra grágæs og helsingir í „hjúskaparstandi“. Náttúrufr. 6: 154-156.

Cramp, S. og K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The Birds of the Western Palearctic. 1. bindi. Oxford.

Gunnlaugur Pétursson 1986. Fróðleikskorn um margæsir. Bliki 5: 57-59.

Hálf dán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örafum, A.-Skaft. Náttúrufr. 46: 56-104.

Hjálmar R. Bárðarson 1986. Fuglar Íslands. Reykjavík.

Ogilvie, M.A. 1978. Wild Geese. Berkhamsted.

Ogilvie, M.A. 1983. Numbers of geese in Britain and Ireland, 1982-1983. Wildfowl 34: 173.

Ogilvie, M.A. 1986. Numbers of geese in Britain and Ireland, 1985-1986. Wildfowl 37: 176.

Rooth, J., B. Ebbinge, A. van Haperen, M. Lok, A. Timmerman, J. Philippona og L. van den Bergh 1981. Numbers and distribution of world geese in the Netherlands 1974-1979. Wildfowl 32: 146-155.

Scott, P. 1953. A Thousand Geese. London.

Ævar Petersen 1985. Helsingjar í vegvillum. Bliki 4: 39-45.

Kjartan G. Magnússon, Bogahlíð 18, 105 Reykjavík

Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1986

Mun meiri áhugi virtist meðal erlendra manna á fuglarannsóknnum á Ísland árið 1986 en undanfarin ár. Rannsóknaráðið r kins bárust alls 8 umsóknir um rannsóknarleyfi. Ein heimildin var ekki notuð, en hinum er lýst hér í þeirri röð sem þær bárust ráðinu.

J.S. Kirby, *Englandi*: Hann starfar hjá stofnuninni British Trust for Ornithology, sem sér um fuglamerkingar á Bretlandseyjum. Tilgangur heimsóknarinnar var tvíþættur; 1) að telja vaðfugla og fá þannig hugmynd um þéttleika þeirra á varpstöðvum og 2) að kanna varphætti og atferli jaðrakana. Rannsóknirnar, sem unnar voru í samvinnu við Guðmund A. Guðmundsson, fóru fram á Suður- og Suðvesturlandi. Grein um þessar rannsóknir birtist í breska tímaritinu Wader Study Group Bulletin (nr. 50, 1987).

D.P. Whitfield, *Engandi*: Umsækjandi gegndi rannsóknarstöðu við háskólann í Cambridge og kom hingað til að athuga fjöl-

veri hjá óðinshönum. Heitið fjölveri er notað um það, þegar kvenfuglar taki sér fleiri en einn karlfugl, en óðinshani er einmitt þekktur fyrir slíkt. Þessi tegund er einnig kunn fyrir það, að kvenfuglarnir hafa frumkvæði að pörun en eftirláta karlfuglunum útungun eftir að eggjunum hefur verið orpið og alla umönnun unganna (sjá nánar „Fuglarannsóknir á Íslandi“ í þessu hefti Blika).

R.W. Summers, *Englandi*: Hann kom hingað ásamt þremur öðrum til að merkja sendlinga og athuga varphætti þeirra. Dvöldu þeir á Melrakkaslétu. Við merkingarnar voru notuð litmerki til að greina einstaka fugla á færi úti í náttúrunni. Í fimmta hefti Blika (nóvember 1986, bls. 61) var óskað eftir upplýsingum frá þeim sem rækjust á litmerkta sendlinga. Tilgangur merkinganna var að athuga, hvort íslenskir sendlingar færu til Bretlandseyja á veturna. Út er kominn fjölrituð skýrsla um árangur rannsóknanna, en einnig er ritgerð í smíðum.

R.R. Snell, Canada: Hann vinnur að doktorsritgerð um skyldleika nokkurra máfategunda og kynblöndun þeirra innbyrðis. Umsækjandi kom hingað til að kynna sér þá kynblöndun silfur máfs og hvít máfs, sem á sér stað hérlendis, en Agnar Ingólfsson hefur rannsakað þetta fyrirbæri ítarlega í meira en 20 ár.

T. Alerstam, Svíþjóð: Á árunum 1980-84 vann umsækjandi, ásamt fleirum, að rannsóknnum á farflugi fugla yfir Grænlandsjökul. Margir þessara fugla eru álitnir íslenskir að uppruna, dvelja hér á veturna eða stoppa um tíma. Niðurstöður rannsókna birtust í ritinu „Meddelelser om Grönland, Bioscience“ árið 1986. Í framhaldi af þeim rannsóknnum var eðlilegt að sjónum væri beint að Íslandi. Verkefnið felst í því að kanna, hvernig þær farleiðir sem hánorrænar gæsir og vaðfuglar nota hafa þróast. Guðmundur A. Guðmundsson vinnur nú að doktorsritgerð um þetta efni við háskólann í Lundi undir leiðsögn Alerstams.

M. Shelton, Bandaríkjunum: Umsækjandi dvaldist hér á landi um nokkura ára skeið og vann í frítímum að merkingum á snjóttittlingum að vetrarlagi. Í framhaldi af þeim athugunum, hóf hann að kanna varphætti þessarar tegundar í Flatey á Breiðafirði, og beindust rannsóknir einkum að svokölluðu tvívarpi. Í því hugtaki felst, að fuglar verpa tvisvar sama sumar og að ungar komast upp við fyrri varptilraunina. Síðari varptilraunin getur hvort sem heldur borið árangur eða mistekist. Margar fuglategundir geta orpið oft sama sumar, ef varptilraunirnar mistakast í sérhvert skipti, en slík endurtekin vörp falla ekki undir skilgreiningu á tvívarpi.

D.F. Parmelee, Bandaríkjunum: Hann kom hingað til lands fyrst og fremst til að safna nokkrum algengum íslenskum fuglum handa safni því sem hann er í forsvari fyrir í Minnesota.

Ævar Petersen

KVIKMYNDAUMFJÖLLUN

Mývatn

Magnús Magnússon

1986

28 mínútur

Íslensk kvikmyndagerð hefur átt fremur erfitt uppdráttar í okkar fámenna landi, og þar af leiðandi verið hálfgerður farfugl í íslensku menningarlífi. En miðað við það, má segja, að náttúrulífsmyndir séu hálfgerðir geirfuglar í íslenskri kvikmyndagerð, mjög sjaldgæfar (en sem betur fer ekki útdauðar). Þetta er þó furdulegt í ljósi þess að flestar þeirra fáu náttúrulífsmynda sem hér hafa verið gerðar, hafa selst einna best af íslenskum myndum erlendis.

Gerð náttúrulífsmynda virðist vera blómlegur iðnaður erlendis, ef marka má þann fjölda erlendra náttúrulífsmynda sem sýndar hafa verið á báðum sjónvarpsstöðvunum hér á undanförunum árum. Ekkert virðist til sparað varðandi tæki og mannskap til að gera

eina 30 mínútna mynd, enda eru margar þessara mynda algjör listaverk. Því er ekki laust við, að menn verði hálf hissa, þegar fréttir berast af því, að trésmiður nokkur hafi tekið sig til og lagt land undir fót, jafnvel legið úti í hinum ýmsu veðrum, til að festa fuglalífið við Mývatn á filmu. Undrunin verður jafnvel enn meiri, þegar í ljós kemur að útúr þessu ævintýri hefur orðið tæplega hálf tíma löng mynd, þar sem fuglalífínu og umhverfinu við Mývatn er lýst.

Helsti ókostur myndarinnar er, að efnistökin eru nokkuð losaraleg, enginn ákveðinn söguþráður eða uppbygging er í myndinni, nema árstíðaskiptin sem þó vilja renna svolítið saman í eitt. Fyrir bragðið virkar umfjöllunin um fuglalífið meira sem upptalning en náin lýsing á fuglunum og lífríkinu. Og þar sem farið er nánar ofan í hlutina, eins og t.d. í umfjölluninni um mýið, þá eru atriðin slitin í sundur í staðinn fyrir að hafa þau í samhengi, þannig að heildarmyndin



Magnús Magnússon, kvikmyndagerðarmaður.

næst ekki sem slík. Þá fellur goskaflinn í lok-in ekki vel inn í þráð myndarinnar. Betra hefði verið að hafa hann í upphafi, ásamt stuttum inngangi um myndun og staðsetningu Mývatns, því kort af svæðinu vantar allveg. Fjarreksturinn undirstrikar haustið nokkuð skemmtilega, og gjarnan hefði mátt draga upp fleiri slíkar samhliðumyndir, t.d. lömb að vori, sláttur að sumri, o.s.frv. inn í atburðarrásina. Eins vantaði, að mínu mati, fleiri myndir af fuglum í tilhugálfinu. Þó tókurnar af ástarleik flórgoðans séu mjög góðar, og reyndar hápunktur myndarinnar, þá hefði verið gaman að sjá fleiri fugla í sömu hugleiðingum.

Um kvikmyndatökuna er það að segja, að hún er oft á tíðum svolítið viðvaningsleg í myndbyggingu og hreyfingum, en inn á milli eru nokkur snotur skot, t.d. af flórgoðanum og fálla með unga. Það er áberandi í gegnum myndina, að fallegar nærmyndir af fuglum skortir, en það er sennilega vegna þess að vantað hefur linsur. Myndin ber einnig með sér, að fjárskortur hafi verið til staðar.

Sennilega hefði þurft að mynda í heilt ár í viðbót til að hafa úr meira myndefni að móða.

Hljóðið virðist að mestu vera unnið eftir á plötum og böndum, en í myndinni hefði gjarnan mátt vera meira af raunverulegum umhverfisljóðum. Textinn fellur vel að myndunum, en hefði getað verið mun ýtarlegri, ef myndskeiðin hefðu verið lengri og að sama skapi ýtarlegri. Klippingin er nokkuð hröð og hörð í upphafi, og hefði farið betur að hafa meiri tónlist. Þetta lagast þó í sumarkaflanum, þar sem „mix“ eru fleiri og meiri tónlist.

Pegar á heildina er litið, og tekið er mið af fjármagni og aðstæðum, þá er þessi mynd skref framávið í að breyta gerð íslenskra náttúrulífsmynda úr geirfugli í varpfugl. Vonandi eiga íslenskir áhorfendur eftir að sjá fleiri, og jafnvel betri myndir, eftir Magnús í framtíðinni.

Valdimar Leifsson

CONTENTS

Arnbór Garðarsson:	
A survey of gannet <i>Sula bassana</i> colonies in Iceland	1
Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson:	
Rare birds in Iceland in 1986	23
Kristinn H. Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson & Páll Leifsson:	
The birds of Seley, East Iceland	49
Ornithological research in Iceland: Sexual conflict in the Red-necked Phalarope	59
From the Icelandic Society for the Protection of Birds	63
Lapwing <i>Vanellus vanellus</i> nesting in Eyjafjörður, N. Iceland, 1986	65
One more Lapwing <i>Vanellus vanellus</i> breeding record for Iceland	66
Bramblings <i>Fringilla montifringilla</i> nesting in 1986	67
Miscellaneous	68
Review	71

EFNI

Arnpór Garðarsson:	
Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir	1
Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson:	
Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986	23
Kristinn H. Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson og Páll Leifsson:	
Fuglalíf í Seley við Reyðarfjörð	49
Fuglarannsóknir á Íslandi: Samkeppni kynjanna hjá óðinshana	59
Frá Fuglaverndarfélagi Íslands	63
Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1986-1987	63
Arnarvarp 1987	63
Vepjuvarp í Eyjafirði 1986	65
Enn segir af vepjuvarpi	66
Fjallafinkuvarp 1986	67
Helsingjar	68
Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1986	70
Kvikmyndaumfjöllun	71